

# Friðlýsing Drangajökulsvíðerna

Valkostur við virkjun – Umhverfisskýrsla



Unnið fyrir náttúruverndarsamtökin ÓFEIGU

2019

Tekið saman í desember 2018 og janúar 2019

Stefán Gíslason og  
Salvör Jónsdóttir

Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. (Environice)

Mynd á forsíðu:  
Óbyggð víðerni við Drangajökul  
©Environice, 2019

## Efnisyfirlit

Samantekt.....	6
Summary.....	8
1 Inngangur.....	11
1.1 Tildrög og markmið .....	11
1.2 Aðferðafræði og fyrirvarar .....	12
1.3 Virkjunaráform og valkostir .....	12
1.4 Skipulags- og matsferli.....	15
2 Friðlýsing víðerna.....	17
2.1 Tilgangur friðlýsingar.....	17
2.1.1 Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni .....	17
2.1.2 Friðlýsing óbyggðra víðerna .....	17
2.1.3 Verndarflokkar IUCN .....	18
2.2 Friðlýsingarflokkar.....	19
2.3 Friðlýsing Drangajökulsvíðerna, þ.m.t. Ófeigsfjarðarheiðar .....	20
2.3.1 Helstu skilmálar .....	21
2.3.2 Uppbygging innviða.....	25
3 Umhverfi og áhrif friðlýsingar .....	28
3.1 Samfélag og efnahagur .....	28
3.1.1 Núverandi staða.....	28
3.1.2 Áhrif friðlýsingar .....	30
3.2 Ferðaþjónusta og útivist.....	33
3.2.1 Núverandi staða.....	33
3.2.2 Áhrif friðlýsingar .....	34
3.3 Landslag og víðerni .....	36
3.3.1 Núverandi staða.....	36
3.3.2 Áhrif friðlýsingar .....	37
3.4 Menningarminjar .....	37
3.4.1 Núverandi staða.....	37
3.4.2 Áhrif friðlýsingar .....	38
3.5 Jarðminjar .....	39
3.5.1 Núverandi staða.....	39
3.5.2 Áhrif friðlýsingar .....	41
3.6 Vatnafar .....	42

---

3.6.1	Núverandi staða.....	42
3.6.2	Áhrif friðlýsingar .....	42
3.7	Dýralíf.....	42
3.7.1	Núverandi staða.....	42
3.7.2	Áhrif friðlýsingar .....	44
3.8	Gróðurfar.....	44
3.8.1	Núverandi staða.....	44
3.8.2	Áhrif friðlýsingar .....	44
4	Samanburður friðlýsingar við núllkost og virkjun .....	45
5	Tillit til umhverfisverndarmarkmiða og tengsl við aðrar áætlanir.....	47
5.1	Stjórnarskráartillögur .....	48
5.2	Náttúruverndarlög .....	49
5.2.1	Friðlýsing og náttúruverndarlög.....	50
5.3	Bernarsamningurinn um villtar plöntur og dýr.....	50
5.3.1	Friðlýsing og Bernarsamningurinn um villtar plöntur og dýr.....	50
5.4	EES samningurinn .....	51
5.4.1	Friðlýsing og EES samningurinn .....	51
5.5	Samningur UNESCO um verndun menningar- og náttúruarfleifðar .....	51
5.5.1	Friðlýsing og Samningur UNESCO .....	52
5.6	Landsskipulagsstefna.....	53
5.6.1	Friðlýsing og landsskipulagsstefna .....	53
5.7	Aðalskipulagsáætlanir hlutaðeigandi sveitarfélaga .....	54
5.7.1	Aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025 .....	54
5.7.2	Aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010 -2030 .....	55
5.7.3	Aðalskipulag Strandabyggðar 2010-2022.....	56
5.7.4	Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020.....	58
5.8	Byggðaáætlun.....	61
5.8.1	Friðlýsing og Byggðaáætlun.....	63
5.9	Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða .....	63
5.9.1	Friðlýsing og áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða .....	63
5.10	Ferðamálaáætlun og Vegvísir í ferðaþjónustu.....	64
5.10.1	Friðlýsing og áætlanir stjórnvalda í ferðamálum.....	64
5.11	Áfangastaðaáætlanir.....	65
5.11.1	Friðlýsing og áætlanir stjórnvalda í ferðamálum.....	65
5.12	Samstarfssáttmáli ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur .....	65

---

5.12.1	Friðlýsing og sáttmáli núverandi ríkisstjórnar .....	66
5.13	Verndun búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi .....	66
5.13.1	Friðlýsing og Verndun búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi.....	67
5.14	Áfram Árneshreppur! .....	67
5.14.1	Friðlýsing og Áfram Árneshreppur .....	68
5.15	Tillaga Náttúrufræðistofnunar Íslands um friðlýsingu Drangajökulssvæðis .....	68
5.15.1	Friðlýsing og tillaga Náttúrufræðistofnunar .....	70
6	Samanburður friðlýsingar við lög, samþykktir og stefnumótun .....	71
7	Heimildir .....	72
7.1	Lagaskrá.....	72
7.2	Alþjóðasamningar .....	72
7.3	Þingsályktanir og frumvörp .....	72
7.4	Rit, greinar, skýrslur, áætlanir og vefsíður.....	73

## Samantekt

Skýrsla sú sem hér birtist er unnin af Environice fyrir Náttúruverndarsamtökin ÓFEIGU í desember 2018 og janúar 2019. Í skýrslunni er fjallað um áhrif hugsanlegrar friðlýsingar víðerna við Drangajökul (Drangajökulsvíðerna) á umhverfi og samfélag á svæðinu og í næsta nágrenni þess, einkum í Árneshreppi. Tilgangurinn með skýrslunni er að bæta úr þeim skorti sem uppi hefur verið á skipulegum samanburði á áhrifum friðlýsingar annars vegar og fyrirhugaðrar Hvalárvirkjunar hins vegar, auk þess að fjalla um svonefndan núllkost, þ.e.a.s. það ástand sem þróast myndi ef hvorki kæmi til friðlýsingar né virkjunarframkvæmda. Skýrslunni er ætlað að vera þar til bærum stjórnvöldum til aðstoðar við mikilvæga ákvarðanatöku um framtíð svæðisins.

Meginniðurstaða skýrslunnar er sú að friðlýsing Drangajökulsvíðerna sé til þess fallin að skapa ný atvinnutækifæri á svæðinu til langs tíma, bæði í ferðapjónustu, opinberri þjónustu og í afleiddum greinum, og stuðla þar með að eflingu byggðar. Jafnframt myndi friðlýsing koma í veg fyrir óafturkræfa röskun á landslagi og víðernum, menningarminjum o.fl. Áhrif friðlýsingar á einstaka þætti umhverfis og samfélags voru í öllum tilvikum metin jákvæðari eða minna neikvæð en áhrif fyrirhugaðrar Hvalárvirkjunar á sömu þætti.

Skýrslan sem hér birtist er gerð með hliðsjón af grunnreglum laga um umhverfismat áætlana. Eðli málsins samkvæmt felur skýrslan þó ekki í sér umhverfismat í lagalegum skilningi, þar sem skýrslan er unnin fyrir frjáls félagasamtök en ekki stjórnvald sem gegnir lögbundnu hlutverki við gerð skipulags- og framkvæmdaáætlana. Engu að síður er aðferðafræði umhverfismats fylgt í meginatriðum. Í skýrslunni er þannig gerð grein fyrir áhrifum friðlýsingarinnar á þá þætti sem eðlilegt væri að taka fyrir í formlegu umhverfismati slíkrar áætlunar, þessi áhrif borin saman við áhrif annarra valkosta og lagt mat á hvernig tillagan myndi samræmast annarri stefnumótun, bæði alþjóðlegri sem Ísland hefur skuldbundið sig til að fylgja og þeirri sem samþykkt hefur verið á landsvísu eða í hlutaðeigandi sveitarfélögum. Skýrslan byggir ekki á mælingum á stöðu mála eða áhrifum, heldur á mati sem byggt er á fyrirliggjandi upplýsingum.

Víðernin sem skýrslan fjallar um eru samtals um 1.190 km<sup>2</sup> að flatarmáli og ná allt frá Steingrímsfjarðarheiði í suðri að mörkum Hornstrandafriðlandsins í norðri. Lagt er til að allt þetta svæði verði friðlýst sem óbyggð víðerni skv. 46. gr. náttúruverndarlaga, þ.e. sem stórt landsvæði „þar sem ummerkja mannsins gætir lítið sem ekkert og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum“. Friðlýsing miðar að því að „varðveita einkenni svæðisins, t.d. að viðhalda fjölbreyttu og óvenjulegu landslagi, víðsýni og/eða vernda heildstæð stór vistkerfi, og tryggja að núlifandi og komandi kynslóðir geti notið þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja“.

Friðlýsing tiltekinna víðerna felur í sér ákveðna staðfestingu á stöðu svæðisins og skapar því þannig sess sem það hafði ekki áður. Í reynd felur friðlýsing í sér opinbera viðurkenningu á að svæðið sé það sem það er sagt vera. Að þessu leyti má líkja friðlýsingu við vottun sem felur í sér staðfestingu þriðja aðila á að hin vottaða vara eða þjónusta uppfylli tiltekin lágmarksviðmið og að upplýsingar framleiðandans séu áreiðanlegar.

Rannsóknir sýna að friðlýst víðerni laða til sín ferðamenn, innlenda sem erlenda, sem sækjast eftir þeirri upplifun sem felst í dvöl og ferðum um óbyggðir. Á því svæði sem hér um ræðir hefur einstök búsetusaga einnig aðdráttarafl, en þessi saga er órjúfanlega tengd náttúru svæðisins. Umfangsmiklar framkvæmdir á svæðinu myndu hafa óafturkræf áhrif á þá tengingu.

Jákvæð áhrif friðlýsingar endurspeglast ekki aðeins í fjölgun ferðamanna sem sækja svæðið heim, heldur benda rannsóknir til að friðlýsing sé jafnframt til þess fallin að lengja dvalartíma og hækka þá fjárhæð sem hver ferðamaður um sig ráðstafar á svæðinu og í nærliggjandi byggðum. Ætla má að jákvæðra efnahagslegra áhrifa af friðlýsingu Drangajökulsvíðerna muni ekki aðeins gæta í Árneshreppi, heldur verði þeirra einnig vart í nærliggjandi byggðum, svo sem á Hólmavík og í Kaldrananeshreppi.

Nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu hefur komist það þeirri niðurstöðu að tækifærin sem friðlýsing hefur í för með sér fyrir byggðaþróun og atvinnulíf felist m.a. í innviðum (nýframkvæmdir og viðhald), þjónustu (veitingar, gisting, fræðsla), útivist og ferðaþjónustu (náttúruferðamennska og samstarf), vörum (mörkun/auðkenning vara (e. branding), umhverfisvottaður landbúnaður og sjálfbær orka), rekstri (störf hjá þjóðgarði og rekstur) og rannsóknum (rannsóknarstörf, þekkingar- og rannsóknarsetur og menntun). Ekki verður annað séð en að sambærileg tækifæri geti skapast með friðlýsingu Drangajökulsvíðerna. Störf sem skapast í nærumhverfinu eru m.a. hlutastörf sem henta vel á stöðum þar sem tekjur fólks af þeirri atvinnu sem það hefur fyrir nægja ekki til framfærslu. Í nýrri skýrslu Hagfræðistofnunar um áhrif friðlýstra svæða á framleiðslu og atvinnu í næsta umhverfi, kemur m.a. fram að „þjónusta við umferð um friðlýst svæði gæti átt þátt í að fylla skarðið sem verður þegar hefðbundnari bústörfum fækkar“ og er vísað í rýrar tekjur sauðfjárbænda í því sambandi.

Markviss uppbygging innviða er forsenda þess að nærsamfélagið njóti þeirra tækifæra sem friðlýsing skapar. Þar er bæði átt við innviði inni á hinu friðaða svæði og í útjöðrum þess. Innviðir inni á svæðinu hafa einkum þann tilgang að stýra umferð, verja viðkvæma hluta svæðisins fyrir ágangi og veita grunnupplýsingar, svo sem með merkingum. Innviðir við jaðar svæðisins miða hins vegar að því að auðvelda fólki að komast að svæðinu, fá upplýsingar um það og fá notið þess. Uppbygging gestastofu við jaðar svæðisins væri mikilvægur þáttur í þessari uppbyggingu.

Íslenskar rannsóknir benda til að fjármunir sem varið er í uppbyggingu friðlýstra svæða skili sér margfalt til baka til samfélagsins. Fyrir hverja krónu sem ríkið leggur til friðlýstra svæða skili sér þannig að meðaltali 23 krónur til baka í formi launatekna og virðisauka fyrirtækja og að meðaltali 8 krónur í formi skatttekna. Vissulega ber að taka staðhæfingum um beint orsakasambengi á milli fjárfestingar og tekna með fyrirvara, þar sem erfitt er að greina á milli áhrifa friðlýsingar annars vegar og annarra þátta hins vegar á tekjur einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila. Engu að síður bendir flest til þess að opinbert fé sem varið er til stofnunar og reksturs friðlýstra svæða skili sér í auknum umsvifum og hærri skatttekjum.

Góðar líkur eru á að störf sem skapast með friðlýsingu séu varanleg og að þeim fjölgi eftir því sem svæðið fær meiri kynningu og eftir því sem eftirspurn fólks eftir náttúrutengdri og sögutengdri upplifun eykst. Flest bendir til að þessi eftirspurn muni aukast jafnt og þétt á næstu árum. Störf sem skapast vegna virkjunarframkvæmda eru fleiri á meðan á framkvæmdum stendur, en í tilfelli Hvalárvirkjunar verða engin störf eftir að framkvæmdum loknum.

Friðlýsing og virkjun geta ekki farið saman. Með virkjunarframkvæmdunum mætti auka tekjur sveitarfélagsins verulega til skamms tíma, en um leið væri mikilvægum hluta af aðdráttarafli svæðisins eytt til frambúðar og lokað á þá möguleika til atvinnuuppbyggingar til langs tíma sem felast í þessu aðdráttarafli.



## Summary

This report has been prepared by Environice for ÓFEIG in December 2018 – January 2019.

In summary, the report's aim is to examine the potential impact of focused protective efforts on the wilderness areas around Drangajökull, in relation to the natural environment and communities in the region, particularly Árneshreppur. The purpose of the information presented is to compensate for the current lack of a structured comparison, between the possible effects of the conservation of these wilderness areas (Drangajökulsvíðerni) and the construction of a hydroelectric power plant (Hvalárvirkjun), as well as to address the situation that would likely unfold if neither plans for conservation nor the implementation of Hvalárvirkjun were realized. The report's ultimate intent is to assist relevant authorities with vital decision-making on the future of the region.

The primary conclusion of the report is that protection of Drangajökulsvíðerni will lead to the creation of new job opportunities in the long term, in the fields of tourism, public services and associated sectors, thereby contributing directly to the strengthening of the economy and vitality of the region. At the same time, protective action would prevent irreversible disruption and destruction of Drangajökulsvíðerni's unique wild lands and cultural heritage. The projected impact of conservation on individual facets of the environment and the communities involved was in all included examples determined to be either more positive or less negative than the prospective effects of Hvalárvirkjun, with the same factors taken into consideration for each.

The basis of the report relies on the fundamental principles of the Strategic Environmental Assessment Act (SEA). The report cannot be considered an environmental assessment in the legal sense, as the report is prepared for a non-governmental organization which does not occupy a governmental role in the planning and implementation of its proposals. Nevertheless, the principles of SEA's methodology are applied. The report thus outlines the impact of conservation using the same factors that should be taken into account in a formal environmental assessment of such a program, comparing its implementation with the potential effects of other options, and assessing how the proposal would be consistent with already approved policies, both international and domestic. The report is not based on abstract measurements of current situations or anticipated impacts, but on assessments built on available information.

The wilderness covered by the report is a total of 1,190 km<sup>2</sup> and stretches from Steingrímsfjarðarheiði in the south, to the boundaries of Hornstrandir nature reserve in the north. It is proposed that this entire area be protected as an uninhabited wilderness according to Article 46 of the Nature Conservation Act, i.e. as a major territory, "where human traces are scarce, and nature can evolve and flourish without the burden of human activity". A declaration of protection aims to "preserve the characteristics of the area, e.g. by maintaining a diverse and unusual landscape and/or protecting a large-scale ecosystem from detrimental human intervention and ensuring that living and future generations can enjoy solitude and nature without interference from structures or traffic of motor vehicles".

Assigning a protected area a wilderness status involves an official affirmation of its value, and thus creates a niche that it did not previously occupy. In this respect, the formally approved protection is comparable to a certification, in being a third party recognition, confirming that the certified product or service meets certain criteria, and also that the producer's information is reliable.

Research shows conclusively that protected wilderness areas across the world attract tourists, domestic and foreign, who seek the experience of exploring and enjoying natural, undeveloped



landscapes. In regard to Drangajökulsvíðerni, the long history and rich culture of its connected settlements and residents hold an undeniable added attraction, and these stories are inextricably linked to the nature of the area. It is indisputable that extensive construction in the area would have a catastrophic and irreversible effect on this connection.

The beneficial effects of conservation are reflected not only in the increase in the number of tourists arriving in an area that has been granted protected status, but research suggests that the amount of time tourists will spend in such an area is also prolonged, naturally increasing the amount of money spent. It can be comfortably assumed that the positive economic effects of the protection of Drangajökulsvíðerni will not only be felt in Árneshreppur, but will also be observed in nearby settlements, such as Hólmavík and Kaldrananeshreppur.

The Committee on the Establishment of a National Park in the Highlands has concluded that the opportunities provided by conservation for rural development and the business sector include, among others: infrastructure (new construction and associated maintenance), services (catering, accommodation, education), outdoor activities and tourism, product development (branding/identification of local products, environmentally certified agriculture practices and sustainable energy), operations (jobs at national park and operations) and research (research work and archiving). Similar opportunities can clearly be created around the conservation of Drangajökulsvíðerni. Jobs created in these circumstances can include seasonal part-time jobs well-suited for places where income generated by existing employment is insufficient for living. A new report from the Institute of Economic Studies on the impact of protected areas on production and employment states that “tourist traffic in protected areas can help fill the gap that occurs when more traditional vocations such as farm work are reduced”, referring directly to the decline of sheep farming in isolated rural areas.

Systematic infrastructure development and maintenance are prerequisites for local communities and visitors to enjoy the opportunities provided by a focus on conservation, in this case referring to the fusion of eco-friendly infrastructure inside the protected area and external hard and soft infrastructure serving its surrounding communities and inevitable increase in tourism. Internal infrastructure would have the primary purpose of steering tourist traffic, protecting sensitive environments, and providing basic information such as through signing, whereas external infrastructure would aim to make it easier to access the area and find information about its services and attractions, such as at a visitor centre.

Icelandic research suggests that funds devoted to the conservation and sustainable infrastructure development of protected areas are returned many times over. For each króna that the state invests in these areas, an average of ISK 23 is returned in the form of personal income and business added-value impacts, as well as an average of ISK 8 in the form of tax revenue. Certainly, statements implying a direct causal link between investment and income in regard to protected areas invite further investigation, since it is difficult to measure the concrete influence of conservation on the income of individuals, companies and public entities. However, most findings indicate clearly that public funds devoted to the creation and operation of protected areas are likely to result in increased activity and higher tax revenues.

There is a good likelihood that jobs created around a declaration of protection for Drangajökulsvíðerni will be permanent, and that opportunities for employment will gradually increase as the area receives more promotion and support in line with increasing global interest in nature-, culture- and history-related experiences. Most research indicates that this demand will increase steadily over the next few

years. There may be many jobs created in relation to Hvalárvirkjun's construction during the building phase, but there will be no jobs left after the completion of the plant.

Protection of Drangajökulsvíðerni and the implementation of Hvalárvirkjun cannot co-exist. Hvalárvirkjun could bring significant economic growth to Árneshreppur in the short term, but at the same time, countless irreplaceable aspects of this unique region would be permanently eliminated, and prospects for long-term business development and sustainable employment dependent on Drangajökulsvíðerni gaining protected status - with all the potential benefits associated with this designation - would be effectively lost.

## 1 Inngangur

### 1.1 Tildrög og markmið

Þann 14. nóvember 2018 kynnti Árneshreppur deiliskipulagstillögu um Hvalárvirkjun v/rannsókn. Kynningin er liður í málsmeðferð skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlna. Málsmeðferðin hófst tveimur árum fyrr með kynningu á skipulags- og matslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi og vegna deiliskipulags Hvalárvirkjunar.

Í tengslum við kynningu á deiliskipulagstillögunni óskuðu samtökin ÓFEIG náttúruvernd, Lindargötu 57, Reykjavík, sem stofnuð voru í október 2018, eftir því við Umhverfiráðgjöf Íslands ehf. (Environice) að fyrirtækið skoðaði hvernig líklegt væri að náttúru og samfélagi myndi reiða af án framfylgdar skipulags um Hvalárvirkjun á þeim tíma sem virkjun væri ætlað að standa, og þá einkum með hliðsjón af þeim hugmyndum er uppi hafa verið um friðlýsingu svæðisins og þeirra óbyggðu víðerna sem það er hluti af. Þess var óskað að Environice hagaði vinnu sinni þannig að skýrslan gæti á sem bestan hátt nýst í áðurgreindri málsmeðferð.

Á síðastliðnum áratug hafa tvær ólíkar hugmyndir um nýtingu svæðisins verið í umræðunni, þ.e. annars vegar Hvalárvirkjun og hins vegar friðlýsing. Þessar tvær hugmyndir hafa þó aldrei verið bornar saman með skipulegum hætti og ekkert umhverfismat hefur farið fram þar sem verndunarhugmyndir hafa verið til skoðunar. Þessari skýrslu er ætlað að bæta úr þessum skorti eftir því sem unnt er, og vera þannig framlag til mats á umhverfisáhrifum mismunandi nýtingar svæðisins. Líta ber á skýrsluna sem framlag frjálsra félagasamtaka til málsmeðferðarinnar. Henni er ætlað að stuðla að því að upplýst umræða geti farið fram áður en mikilvægar og varanlegar ákvarðanir eru teknar um framtíð umhverfis og samfélags í Árneshreppi.

Titill skýrslunnar er *Friðlýsing Drangajökulsvíðerna* og hún felur í sér tillögu um friðlýsingu umrædds svæðis. Víðernin á Ófeigsfjarðarheiði eru hluti af mun stærra samfelldum óbyggðum víðernum sem ná allt frá Steingrímsfjarðarheiði í suðri og norður að Hornbjargi. Friðlýsing víðerna á svæðinu myndi ná tilgangi sínum best ef hún næði til alls svæðisins frá suðurmörkum þess og norður að mörkum Hornstrandafriðlandsins sem liggja frá Hrafnfirði í Furufjörð, enda liggja verðmæti víðerna ekki síst í samfellu þeirra og stærð. Í skýrslunni er sjónum þó öðru fremur beint að þeim hluta víðernanna sem liggja sunnan Drangajökuls, þ.e. á Ófeigsfjarðarheiði og í nágrenni hennar, þ.e.a.s. að þeim hluta þar sem áhrifa Hvalárvirkjunar og Austurgilsvirkjunar myndi helst gæta. Þessi áhersla skýrist einkum af því að til er meira af heimildum um þetta svæði en um aðra hluta Drangajökulsvíðernanna, þ.m.t. skýrslur sem unnar hafa verið í tengslum við áform um virkjun Hvalár.

Megintilgangur tillögunnar um friðlýsingu umrædds svæðis er að stuðla að viðhaldi búsetu í Árneshreppi og að vernda víðerni hreppsins sem hluta af stærri heild. Víðernin sem lagt er til að friðlýst verði eru samtals um 1.190 km<sup>2</sup> að flatarmáli, (sjá kafla 2.3). Saman myndu Hvalárvirkjun og Austurgilsvirkjun skerða þessi víðerni um nær helming, eða samtals um 530 km<sup>2</sup> að mati Skipulagsstofnunar.<sup>1</sup> Þessi skerðing er litlu minni en allt Hornstrandafriðlandið (589 km<sup>2</sup>). Þann fyrirvara verður þó að gera að víðerni á Íslandi hafa ekki verið kortlögð af opinberum aðilum í samræmi við gildandi náttúruverndarlög.

<sup>1</sup> Skipulagsstofnun, 2017.

## 1.2 Aðferðafræði og fyrirvarar

Skýrsla þessi er gerð með hliðsjón af grunnreglum laga um umhverfismat áætlana og þeim alþjóðasamningum sem lögin byggja á um hvert efni umhverfisskýrslu skuli vera. Í umhverfisskýrslu á lögum samkvæmt að tilgreina, lýsa og meta umhverfisáhrif af framkvæmd áætlunar og raunhæfra valkosta við hana. Eðli málsins samkvæmt felur þessi skýrsla ekki í sér umhverfismat áætlunar í lagalegum skilningi, þar sem skýrslubeiðandi er ekki stjórnvald. Skýrslan byggir heldur ekki á nýjum mælingum á stöðu mála eða áhrifum, heldur á úrvinnslu fyrirliggjandi upplýsinga. Vinnu við skýrsluna var eftir föngum hagað á þann hátt að þau ákvæði settra laga og stefnumótunar sem við eiga komi til skoðunar. Skýrslan er þannig byggð upp að efni hennar standist einnig eftir atvikum kröfur 1. viðauka tilskipunar Evrópusambandsins um umhverfismat áætlana (tilskipun 2001/42/EB), en þar er mælt fyrir um eftirfarandi lágmarkskröfur til efnis umhverfisskýrslu, sbr. einnig 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana:

- a. yfirlit efnis, helstu markmið og tengsl við aðrar áætlanir;
- b. lýsing á núverandi ástandi þeirra þátta umhverfisins sem máli skipta og líkleg þróun án framfylgdar áætlunarinnar;
- c. lýsing þeirra þátta umhverfisins sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar;
- d. umhverfisleg vandkvæði tengd áætluninni, einkum að því er varðar svæði með sérstakt náttúruverndargildi;
- e. lýsing á umhverfisverndarmarkmiðum stjórnvalda á alþjóða- og landsvísu og á hvern hátt tekið hefur verið tillit til þeirra í áætlanagerðinni;
- f. líkleg veruleg umhverfisáhrif af framkvæmd áætlunar og raunhæfra valkosta við hana;
- g. mótvægisáðgerðir;
- h. ástæður vals á kostum sem skoðaðir voru og lýsing á því;
- i. vöktun á líklegum verulegum umhverfisáhrifum; og
- j. samantekt ofangreinds.

## 1.3 Virkjunaráform og valkostir

Hugmyndir um virkjun Hvalár í einhverri mynd komu fyrst fram fyrir nokkrum áratugum. Raunar er virkjun ána Rjúkandi og Eyvindarfjarðarár einnig hluti af virkjunarhugmyndinni, enda þótt hún sé ávallt kennd við Hvalá. Ýmsar verkfræðilegar skýrslur liggja fyrir um virkjun vatnsafls á svæðinu, gerðar á vegum Orkustofnunar og iðnaðarráðuneytis á árunum 1974-2007. Árin 2008 og 2009 gerði Vesturverk ehf. á Ísafirði samninga við eigendur jarðanna Ófeigsfjarðar og Engjaness um heimild til rannsókna og nýtingar vatnsafls ána Rjúkandi, Hvalár og Eyvindarfjarðarár með fyrirvara. Árið 2014 eignaðist hlutafélagið HS Orka á Suðurnesjum meirihluta hlutafjár í Vesturverki og lét endurhanna fyrirhugaða virkjun vegna þarfa fyrirtækisins fyrir svokallað toppafl, en þannig mun virkjunin geta nýst eignum sínum best.<sup>2</sup> Með toppafla er átt við afl sem selt er þegar mikil eftirspurn er eftir raforku á þeim markaði sem viðkomandi fyrirtæki starfar á. Samkvæmt þeirri hönnun sem nú liggur fyrir yrði uppsett afl Hvalárvirkjunar 55 megawött (MW) og framleiðslugeta allt að 320 gígawattsstundum (GWst) á ári. Myndi þetta auka orkuframleiðslu Íslands í vatnsafla um 2% og framleiða jafnmikið rafmagn og Búrfellsstöð II, sem tekin var í notkun á liðnu ári. Gert er ráð fyrir að virkjunin verði aðeins keyrð á fullum afköstum á álagstímum í rekstri HS Orku. Þegar ekki væri þörf fyrir þetta afl væru lónin látin fylla sig. Vatn rynni um yfirfall í leysingum og yrði þá virkjunin keyrð á fullum afköstum en umframvatni hleypt um yfirföll ella. Sum lónin myndu þó tæmast um tíma að vori.

<sup>2</sup> Orkustofnun, 2015.

Í hönnun Hvalárvirkjunar er gert ráð fyrir alls fimm jarðvegsstíflum á Ófeigsfjarðarheiði, 13 til 33 metra háum, til að nýta rennsli ána þriggja til framleiðslu á raforku. Rennsli ána yrði beint í þrjú uppistöðulón sem myndu sökkva meira en 10 km<sup>2</sup> lands. Aðrennsligöng yrðu byggð frá Hvalárlóni að stöðvarhúsi sem yrði neðanjarðar í sprengdum helli í fjallinu ofan Ófeigsfjarðar. Frá stöðvarhúsinu myndu svo liggja frárennsligöng út í Hvalárós. Byggja þyrfti tengivirki við op aðkomuganga auk aðstöðuhúss. Sjö stöðuvötn á Ófeigsfjarðarheiði færu undir lón og rennsli fossa allra þriggja ána myndi skerðast að verulegu leyti, m.a. yrði rennsli hæsta fossins, Drynjandi, um 1/50 hluti af því sem nú er. Fossinn yrði vatnslaus þegar liði á sumar. Vatnshæð lónanna myndi sveiflast um allt að 28 metra. Í umhverfismati virkjunarinnar er gert ráð fyrir aðkomu um breyttan fjögurra metra breiðan veg F649 auk nýlagningar 25 km vega um Ófeigsfjarðarheiði að stíflunum fimm og efnistöðum. Efnistöð framkvæmdar er talin vera tæpir 1.800.000 m<sup>3</sup>. Enginn annar valkostur var talinn raunhæfur í umhverfismati framkvæmdarinnar. Umhverfismat á tengingu virkjunarinnar við raforkukerfið hefur ekki farið fram, en rafmagn yrði mögulega leitt að afhendingarstað í grennd við Nauteyri innst í Ísafjarðardjúpi, um 24-28 km leið yfir Ófeigsfjarðarheiði. Engin útfærsla er þó til á þessari tengingu. Möstur loftlínu yrðu í því tilviki um 160 talsins en skurður jarðstrengs um 1,2 metra breiður ef sú leið yrði valin.

Árið 2015 veitti Orkustofnun Vesturverki rannsóknarleyfi vegna Hvalárvirkjunar skv. raforkulögum nr. 65/2003 og lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Stofnunin framlengdi leyfið 2017 til mars 2019 og aftur í janúar 2019 til mars 2021, þar sem kjarnaborunum í jarðgangaleiðir væri ólokið og fyrirtækið teldi ekki forsvaranlegt að ljúka þeim fyrr en fyrir liggja að nýr afhendingarstaður raforku verði settur upp í Ísafjarðardjúpi og deiliskipulag samþykkt.<sup>3</sup> Engin framkvæmdaleyfi liggja fyrir.

Hvalárvirkjun er í orkunýtingarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar sem Alþingi samþykkti sem þingsályktun í janúar 2013 (2. áfangi). Í lokaskýrslu verkefnisstjórnar 2. áfanga frá 2011 er gert ráð fyrir 35 MW uppsettu afli í Hvalárvirkjun og hámarksframleiðslugetu 259 GWst á ári. Þar er gert ráð fyrir að virkjunin verði tengd með loftlínu yfir Ófeigsfjarðarheiði að Melgraseyri við Ísafjarðardjúp og þaðan með sæstreng til Ísafjarðar, án þess að tengingunni sé nánar lýst.<sup>4</sup> Það var mat verkefnisstjórnar að þannig stuðlaði virkjunin að bættu afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum og raunar var það orðað svo að virkjunin skipti miklu máli fyrir orkuöryggi Vestfjarða. Önnur rök fyrir tillögu verkefnisstjórnarinnar um röðun virkjunarinnar í nýtingarflokk voru þau að um væri að ræða eina vatnsaflskostinn sem til mats væri á Vestfjörðum.

Í lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga árið 2016 var gert ráð fyrir að Hvalárvirkjun yrði áfram í orkunýtingarflokki, þar sem forsendur hennar voru ekki taldar hafa breyst svo verulega að líklegt væri að flokkun virkjunarinnar yrði önnur. Sú tillaga verkefnisstjórnarinnar hefur ekki verið afgreidd á Alþingi. Í sömu skýrslu var gerð tillaga um að Austurgilsvirkjun færi í orkunýtingarflokk, en sú virkjun myndi nýta vatnsföll vestan vatnaskila á Ófeigsfjarðarheiði.

Í gildandi aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 sem staðfest var 2014 er virkjunarsvæði Hvalárvirkjunar skilgreint sem yfir 300 km<sup>2</sup> svæði á Ófeigsfjarðarheiði. Í skipulaginu er gert ráð fyrir að háspennulína liggja frá virkjuninni „suður Strandir um Húsárdal og austur fyrir Búrfell“.<sup>5</sup> Þaðan er

<sup>3</sup> Orkustofnun, 2019.

<sup>4</sup> Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og hitaveitusvæði, 2011 (bls. 132).

<sup>5</sup> Skipulagsstofnun og Árneshreppur, 2013.

væntanlega gert ráð fyrir að línan liggi áfram suður Trékyllisheiði og um Þröskulda eða Tröllatunguheiði að tengivirki í Geiradal. Þessa línu er hins vegar ekki að finna í aðalskipulagi hlutaðeigandi sveitarfélaga. Einnig hefur verið nefndur sá möguleiki að tengja virkjunina inn á Mjólkár línu fyrir botni Kollafjarðar í Reykhólahreppi,<sup>6</sup> en ekkert slíkt er á skipulagsáætlunum.

Ef Hvalárvirkjun verður að veruleika og einnig Austurgilsvirkjun og Skúfnavatnavirkjun á Langadalsströnd hefur verið rætt um að koma upp nýjum afhendingarstað raforku á Nauteyri eða í Lágadal innst í Ísafjarðardjúpi. Engin áform virðast þó vera uppi um þetta af hálfu Landsnets sem á og rekur flutningskerfi raforku. Í gildandi kerfisáætlun Landsnets 2015-2024 er reyndar hvorki gerð grein fyrir tengingu Hvalárvirkjunar við flutningskerfi raforku í framkvæmdaáætlun né í langtímaáætlun. Kerfisáætlun 2016-2025 tók ekki gildi þar sem Orkustofnun synjaði staðfestingar hennar. Kerfisáætlun var ekki gerð fyrir árin 2017-2026 og í tillögu Landsnets að kerfisáætlun fyrir árin 2018-2027, sem ekki hefur verið afgreidd, er ekki gert ráð fyrir tengingu Hvalárvirkjunar.

Í gildandi aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 er veglína vegar 649 og F649, Ófeigsfjarðarvegur, frá Melum í Trékyllisvík yfir Eyrarháls, fyrir Ingólfsfjörð og að Hvalá sýnd óbreytt frá því sem nú er. Í aðalskipulagsbreytingu sem tók gildi 10. júlí 2018 hafa hins vegar verið markaðir 25 kílómetrar af nýjum vegum á Ófeigsfjarðarheiði ásamt efnistökusvæðum vegna vegagerðarinnar. Þar er einnig skilgreint iðnaðarsvæði við ármót Rjúkandi og Hvalár. Ekki er þar gert ráð fyrir annarri vegagerð.

Í umhverfismati gildandi aðalskipulags Árneshrepps 2005-2025 fór fram samanburður á áhrifum stefnu um framkvæmdina Hvalárvirkjun, endurgerð Strandavegar (vegur 643) yfir Veiðileysuháls og tengingu virkjunar suður Strandir annars vegar og svokölluðum núllkosti hins vegar. Í umhverfismati aðalskipulagsbreytingar sem gildi tók 2018 fór fram samanburður á áhrifum stefnu um vegagerð á Ófeigsfjarðarheiði ásamt efnistöku og athafnasvæði annars vegar og núllkosti hins vegar.

Umhverfismat Hvalárvirkjunar fór fram á árunum 2016 og 2017. Í álitsgerð Skipulagsstofnunar frá 3. apríl 2017 er komist að þeirri niðurstöðu að virkjunin hefði veruleg og óafturkræf neikvæð áhrif á óbyggð víðerni, fossa og landslag með „umfangsmikilli skerðingu óbyggðs víðernis og breyttri ásýnd fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og landslagi þess, þar sem náttúrulegt umhverfi verður manngert á stóru svæði. Inngrip í vatnafar svæðisins verður mikið og mun rennsli í Hvalá, Rjúkanda og Eyvindarfjarðará minnka verulega og hafa áhrif á ásýnd vatnsfallanna, meðal annars fossins Drynjanda í Hvalárgljúfrum, fossaraðar í Eyvindarfjarðará, Hvalárfoss og Rjúkandafoss. Samlegð með áhrifum fyrirhugaðrar háspennulínu yfir Ófeigsfjarðarheiði og mögulegrar Austurgilsvirkjunar á Langadalsströnd eykur enn á áhrif Hvalárvirkjunar á landslag og víðerni“.<sup>7</sup> Virkjunin er þar einnig talin hafa talsvert neikvæð eða verulega neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist og einnig neikvæð áhrif á menningarminjar, en jákvæð áhrif á viðkomandi sveitarfélag vegna hærri tekna. Áhrif á vatnalíf og fugla höfðu ekki verið könnuð. Óvissa var talin vera um áhrif á atvinnu en þau væru líklega óveruleg í heildina en jákvæð á meðan framkvæmdir stæðu yfir.

Í málsmeðferð gildandi aðalskipulags fyrir Árneshrepp árið 2010 hvatti Landvernd hreppinn til að skoða möguleika sem nálægðin við Hornstrandarfriðland veitti byggðinni, í stað stefnu um Hvalárvirkjun. Ábendingar um friðlýsingu hafa einnig komið fram síðar á ýmsum vettvangi. Í umhverfismati framkvæmdarinnar og skipulagsáætlana í tengslum við hana hafa samtök og einstaklingar m.a. lagt fram athugasemdir sem miða að verndun Ófeigsfjarðarheiðar. Landvernd ályktaði um Strandapjóðgarð

<sup>6</sup> Vesturverk, 2019.

<sup>7</sup> Skipulagsstofnun, 2017 (bls. 26).



á aðalfundi sínum 2017 og heimamenn í Árneshreppi stóðu fyrir málþingi sumarið 2017 sem nefndist *Arfleifð Árneshrepps* og hafði það m.a. að markmiði að varpa ljósi á þann möguleika að vernda svæðið sem raskað yrði með Hvalárvirkjun. Í kjölfar málþingsins voru stofnuð umhverfisverndarsamtök heimamanna og annarra aðila og nefnast þau *Rjúkandi*. Í umhverfismati aðalskipulagsbreytingar fyrir Hvalárvirkjun og deiliskipulagstillögu haustið 2017 sendu allmargir einstaklingar athugasemdir og hvöttu til þess að Árneshreppur skoðaði aðra valkosti en virkjun. Loks má nefna að í árslok 2017 stóðu einstaklingar fyrir útgáfu svokallaðs Fossadagatala fyrir 2018 til að styðja við verndun fossa sem Hvalárvirkjun myndi hafa áhrif á.

Náttúrufræðistofnun Íslands lagði í apríl 2018 fram tillögu til umhverfis- og auðlindaráðherra um að Drangajökull og nágrenni yrði á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár fyrir næstu fimm ár skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd (náttúruverndarlögum).<sup>8</sup> Tillaga stofnunarinnar nær til alls 1.281 km<sup>2</sup>, þar á meðal fyrirhugaðs virkjunarsvæðis Hvalárvirkjunar. Málsmeðferðinni er ólokið.

Eins og ráða má af framanskráðu hafa tvær ólíkar hugmyndir um nýtingu svæðisins verið uppi, í það minnsta frá árinu 2010.

#### 1.4 Skipulags- og matsferli

Gildandi aðalskipulag fyrir Árneshrepp 2005-2025 er jafnframt hið fyrsta sem gert er fyrir hreppinn. Vinna við skipulagið hófst á síðustu öld, en fór einkum fram á árabílinu 2003 til 2011. Á lokastigum vinnunnar árið 2008 komu hugmyndir um Hvalárvirkjun inn í skipulagstillögu. Skipulagstillagan gerði ráð fyrir að nokkur störf yrðu til við rekstur virkjunarinnar, og að henni myndu fylgja bættar samgöngur í hreppinn. Auk þess gerði skipulagið ráð fyrir að virkjunin stuðlaði að auknu raforkuöryggi fyrir íbúana, en á þeim tíma var dreifikerfi raforku ekki komið í jörð í sama mæli og nú og bilanir því tíðar vegna veðra. Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkti breytt aðalskipulag árið 2012 en Skipulagsstofnun hafnaði að leggja til við ráðherra að staðfesta skipulagið vegna þess hve áætlanir um Hvalárvirkjun þóttu óljósar. Eftir samþykkt Alþingis á þingsályktun um verndar- og orkunýtingaráætlun í janúar 2013 þar sem virkjunarkosturinn Hvalárvirkjun var settur í orkunýtingarflokk samþykkti hreppsnefndin aðalskipulagið á nýjan leik og var það loks staðfest í janúar 2014. Í málsmeðferð skipulagsins fyrir tæpum áratug kom fram athugasemd frá Umhverfisstofnun um neikvæð áhrif Hvalárvirkjunar og einnig kom fram áðurgreind athugasemd frá Landvernd um að nýta fremur möguleikana sem nábylið við Hornstrandafriðland býði upp á til atvinnuuppbyggingar.

Í nóvember 2016 heimilaði Árneshreppur Vesturverki að vinna tillögur að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi fyrir Hvalárvirkjun og gerði Skipulagsstofnun umsögn um matslýsingu í apríl 2017. Hreppsnefnd Árneshrepps kynnti síðan tillögur að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi fyrir undirbúningsrannsóknir vegna Hvalárvirkjunar í ágúst 2017. Tillögurnar tóku ekki til virkjunarframkvæmdanna í heild, líkt og matslýsing kvað á um, heldur einskorðuðust þær við lagningu vega á Ófeigsfjarðarheiði að fyrirhuguðum stíflum og efnistöku þeim tengdum, auk athafnasvæðis fyrir vinnubúðir og búnað við ármót Rjúkandi og Hvalár. Að loknum athugasemdafresti, sem rann út í október 2017, samþykkti hreppsnefnd Árneshrepps báðar tillögurnar í janúar 2018. Þá hafnaði hreppsnefndin jafnframt innsendri tillögu Sigurðar Gísla Pálmasonar um að skoða verndun þess svæðis sem ella færi undir virkjun og féllst ekki á framkomin sjónarmið samtaka og einstaklinga um að skoða aðra valkosti. Aðalskipulagsbreytingin var send Skipulagsstofnun í mars 2018 og staðfesti stofnunin breytinguna í júní sama ár. Breytingin tók gildi 10. júlí 2018. Deiliskipulag fyrir undirbúning Hvalárvirkjunar tók hins vegar ekki gildi þar sem auglýsing um gildistöku þess birtist ekki innan tilskilins

<sup>8</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, 2018.



tímafrests skipulagslaga. Var tillagan kynnt að nýju 14. nóvember 2018 og stóð kynningin til 28. desember 2018.

Eins og áður sagði voru umhverfisáhrif Hvalárvirkjunar metin og Skipulagsstofnun gaf út álit sitt á matinu 3. apríl 2017. Felst framkvæmdin í endurgerð 20 km vegar frá Trékyllisvík að Hvalá, að hluta til í annarri veglínu en núverandi vegur, 649 og F649, auk 25 km virkjanavegar frá ósum Hvalár upp á Ófeigsfjarðarheiði og um hana, fimm stíflugörðum og fjórum lónum auk stöðvarhúss. Umhverfisáhrif tengingar virkjunarinnar hafa ekki verið metin.

## 2 Friðlýsing víðerna

### 2.1 Tilgangur friðlýsingar

Ósnortin náttúra, hvort heldur er lífríki, landslag eða jarðmyndanir, er takmörkuð auðlind og með friðun náttúrunnar tryggjum við rétt okkar og komandi kynslóða til að njóta hennar í framtíðinni. Meginmarkmið náttúruverndarlaga er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags, og tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt, sbr. 1. gr. laganna.

Friðlýsing hér á landi hefur að jafnaði miðað að því að tryggja friðun einstakra náttúruyfyrirbæra. Í náttúruverndaráætlunum síðustu ára hefur verið sett fram stefnumörkun í friðlýsingum mikilvægra náttúruminja og hefur hún miðað að því að þróa net verndarsvæða sem tryggi verndun líffræðilegrar fjölbreytni landsins og annarra náttúruminja. Þetta felur í sér þá stefnu að friðlýst svæði hér á landi verði ekki einangraðar eyjar í landinu heldur hluti af neti verndarsvæða sem stuðla að heildstæðri vernd landslags, náttúrumyndana og lífríkis.<sup>9</sup>

Í 38. gr. náttúruverndarlaga kemur fram að ráðherra geti friðlýst landsvæði, einstakar náttúrumyndanir, náttúruminjar í hafi, vatnasvæði og heildstæð vatnakerfi til að stuðla að markmiðum laganna. Ákvarðanir um friðlýsingar skal ráðherra byggja á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár en heimilt er þó að ákveða friðlýsingu með samþykki landeiganda og viðkomandi sveitarfélags þótt ekki sé gert ráð fyrir henni í áætluninni.

#### 2.1.1 Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni

Í 3. gr. náttúruverndarlaga eru ákvæði um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, þar sem lögð er áhersla á að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags. Það er gert með því að:

- varðveita skipulega heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum sem gefa samfellt yfirlit um jarðsögu landsins,
- vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu,
- vernda vatnsfarveg, fossa og stöðuvötn svo sem kostur er,
- varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis og
- standa vörð um óbyggð víðerni landsins.

#### 2.1.2 Friðlýsing óbyggðra víðerna

Í 46. gr. náttúruverndarlaga kemur fram að friðlýsa megi „sem óbyggð víðerni stór landsvæði þar sem ummerkja mannsins gætir lítið sem ekkert og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum. Friðlýsingin skal miða að því að varðveita einkenni svæðisins, t.d. að viðhalda fjölbreyttu og óvenjulegu landslagi, víðsýni og/eða vernda heildstæð stór vistkerfi, og tryggja að núlifandi og komandi kynslóðir geti notið þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja“.

Í 19. tölulið 5. gr. náttúruverndarlaga eru óbyggð víðerni skilgreind sem „[s]væði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum

<sup>9</sup> Umhverfissráðuneytið, 2011.

og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum“. Þarna má sjá að skilgreiningin lýsir víðernum bæði út frá huglægum og hlutlægum viðmiðum.

### 2.1.3 Verndarflokkar IUCN

Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin International Union for Conservation of Nature (IUCN) hafa gefið út alþjóðleg viðmið fyrir flokkun náttúruverndarsvæða sem mörg ríki hafa tekið mið af við setningu reglna um friðlýsingu og vernd svæða. IUCN skilgreinir verndað svæði sem „skýrt afmarkað landsvæði sem viðurkennt og helgað er þeim tilgangi að vernda til langframa náttúru þess ásamt vistkerfisþjónustu og menningarlegum gildum og er friðað og stjórnað í því skyni með löggjöf eða öðrum skilvirkum hætti“.<sup>10</sup> Flokkunarkerfi samtakanna hefur tekið nokkrum breytingum frá því að það var fyrst sett fram árið 1962. Í dag eru eftirtaldir sjö flokkar í gildi.<sup>11</sup>

Verndarflokkur IUCN	Hlutfallsleg stærð svæða	Lýsing
<b>Ia. Svæði undir strangri vernd</b> (e. Strict Nature Reserve)	Oft minni svæði eða hluti stærri svæða	Varðveita líffræðilega fjölbreytni og mögulega einnig jarðminjar/jarðmyndanir. Umferð manna, nýting og inngrip sem áhrif geta haft á svæðin eru háð ströngum skilyrðum og takmörkunum í því skyni að varðveita verndargildi svæðisins. Þessi svæði geta haft ómetanlegt gildi sem viðmiðunarsvæði fyrir vísindarannsóknir og vöktun.
<b>Ib. Óbyggðir</b> (e. Wilderness Area)	Stór lítt snortin svæði	Yfirleitt stór land- eða hafsvæði sem eru lítt eða ekki mótuð af manningum og haldið hafa sínum náttúrulegu eiginleikum og áhrifum. Þar er ekki varanleg eða umtalsverð búseta. Verndun og stjórnun svæðanna miðar að því að varðveita náttúrulegt ástand þeirra.
<b>II. Þjóðgarðar</b> (e. National Parks)	Venjulega stærri svæði	Yfirleitt stór náttúruleg eða lítt snortin svæði sem afmörkuð eru til verndar heildstæðum vistfræðilegum ferlum og þeim tegundum og vistkerfum sem einkenna svæðið. Jafnframt skapa svæðin margvíslega möguleika til andlegrar upplifunar, vísindaiðkunar, fræðslu, útivistar og afþreyingar fyrir ferðamenn af því tagi sem samrýmist menningu og umhverfissjónarmiðum.
<b>III. Náttúruvætti</b> (e. Natural Monument or Feature)	Oftast minni svæði	Afmörkuð svæði til að vernda sérstakar náttúruminjar sem geta verið landslagsfyrirbæri, neðansjávarfjöll, neðansjávarhelliskútar, jarðminjar, svo sem hellar, eða jafnvel lifandi fyrirbæri eins og gamall skógarlundur. Þetta eru jafnan einkar lítil verndarsvæði og hafa oft mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn.

<sup>10</sup> Umhverfisráðuneytið, 2011 (bls. 228).

<sup>11</sup> Umhverfisráðuneytið, 2011 (bls. 229).

<p><b>IV. Vistgerðir og búsvæði</b> (e. Habitat/Species Management Area)</p>	<p>Misstór svæði</p>	<p>Vernda tiltekna tegundir eða búsvæði og stjórnun svæðanna endurspeglar þá forgangsröðun. Mörg svæði í þessum flokki þarfnast reglubundinnar íhlutunar til að mæta þörfum tiltekinnar tegundar eða til að viðhalda búsvæðum en þetta er þó ekki skilyrði verndarflokksins.</p>
<p><b>V. Verndað landslag</b> (e. Protected Landscape/Seascape)</p>	<p>Venjulega stærri svæði</p>	<p>Verndarsvæði þar sem samspil manns og náttúru í gegnum tíðina hefur skapað svæðinu sérstöðu sem byggir á vistfræðilegu, líffræðilegu, menningarlegu og sjónrænu gildi þess. Jafnframt er varðveisla þessa samspils nauðsynleg til verndunar og viðhalds svæðisins og þeirra náttúrufarslegu gilda og annarra gilda sem svæðið hefur.</p>
<p><b>VI. Verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda</b> (e. Protected area with sustainable use of natural resources)</p>	<p>Venjulega stærri svæði</p>	<p>Verndun vistkerfa og búsvæða ásamt þeim menningarlegu gildum sem tengjast þeim og hefðbundnum nytjum náttúruauðlinda. Þau eru yfirleitt stór og að mestu leyti náttúruleg en hluti þeirra nýttur á sjálfbæran hátt. Jafnframt er litið svo á að hófsöm nýting náttúruauðlinda, sem ekki er iðnvædd og samrýmist náttúruvernd, sé eitt aðalmarkmiðið með vernd svæðisins.</p>

Svæði geta fallið undir fleiri en einn flokk en flokkunin ræðst af því hver markmið eru með stjórn svæðanna. Mikilvægt er að verndarsvæði séu nægilega stór til að fullnægja markmiðum sem að er stefnt og tryggja þarf að framkvæmdir á aðliggjandi svæðum hafi ekki neikvæð áhrif á verndarsvæðið. Stjórn verndaðra svæða á almennt að miða að því að viðhalda, og helst auka, náttúruleg einkenni viðkomandi svæðis.<sup>12</sup>

IUCN leggur ríka áherslu á að markmið með vernd svæða séu sett fram með skýrum hætti og að stjórn þeirra miði fyrst og fremst að því að takmarka nýtingu og aðgerðir sem ganga gegn þeim verndarmarkmiðum. Hættunar sem steðja að óbyggðum víðernum, að mati IUCN, felast fyrst og fremst í því sem kalla mætti „ágenga nýtingu“. Rökin fyrir því eru þau að náttúrugæði óbyggðra víðerna felist í náttúruleika (e. naturalness) slíkra verndarsvæða, þar sem þau eru helsti griðastaður hinnar villtu og ósnortnu náttúru. Náttúrunni skal hvorki stýrt, hún beisluð né nýtt á þann hátt að henni sé umbreytt varanlega.

Eins og ráða má af því sem hér hefur komið fram er samsvörun á milli annars vegar skilgreiningar 19. töluliðar 5. gr. íslensku náttúruverndarlaganna á óbyggðum víðernum, sbr. 46. gr. sömu laga, og hins vegar skilgreininga IUCN á friðlýsingarflokki Ib (óbyggðir) og þar með þeirra viðmiða sem lögð eru til grundvallar verndunar víðerna á alþjóðavísu.

## 2.2 Friðlýsingarflokkar

Í VIII. kafla náttúruverndarlaga eru tilgreindir fjölmargir flokkar friðlýsingar sem í öllum aðalatriðum falla að verndarflokkum IUCN. Samkvæmt lögnum eru friðlýsingarflokkar þessir: náttúruvé, óbyggð

<sup>12</sup> Umhverfisráðuneytið, 2011 (bls. 228).

víðerni, þjóðgarðar, náttúruvætti, friðlönd, landslagsverndarsvæði, verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda, náttúruminjar í hafi og fólkvangar, auk friðlýsingar heilla vatnakerfa og friðlýsingar svæða í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar.

Sérstaða þess svæðis sem hér er til skoðunar felst öðru fremur í óbyggðu víðernunum sem þar er að finna. Því liggur beinast við að miða friðlýsingu svæðisins við friðlýsingarflokkinn *óbyggð víðerni*, með megináherslu á varðveislu einkenna svæðisins. Friðlýsingarflokkurinn *þjóðgarður* kæmi einnig til greina, að því leyti sem viðmið laganna væru uppfyllt og þar sem áhersla væri lögð á fræðslu og aðgengi til útivistar.

Eingöngu friðuð svæði þar sem megináhersla er lögð á náttúruvernd geta talist til verndaðra svæða og innan þeirra ber alltaf að setja verndun náttúrunnar í forgang, komi til ágreinings um stjórnun eða nýtingu. Hins vegar geta hefðbundnir lífshættir með sjálfbærri nýtingu náttúrunnar verið samþættir friðuninni.


### 2.3 Friðlýsing Drangajökulsvíðerna, þ.m.t. Ófeigsfjarðarheiðar

Lagt er til að það svæði sem hér um ræðir verði friðlýst sem óbyggð víðerni skv. 46. gr. náttúruverndarlaga. Þetta ákvæði á við „stór landsvæði þar sem ummerkja mannsins gætir lítið sem ekkert og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum“, sbr. 1. mgr. greinarinnar. Friðlýsing víðerna skal skv. 2. mgr. „miða að því að varðveita einkenni svæðisins, t.d. að viðhalda fjölbreyttu og óvenjulegu landslagi, víðsýni og/eða vernda heildstæð stór vistkerfi, og tryggja að núlifandi og komandi kynslóðir geti notið þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja“.

Friðlýsingarflokkurinn óbyggð víðerni skv. 46. gr. náttúruverndarlaga samsvarar flokki Ib hjá IUCN (sjá kafla 2.1.3), en í þann flokk falla „[y]firleitt stór land- eða hafsvæði sem eru lítt eða ekki mótuð af mannum og haldið hafa sínum náttúrulegu eiginleikum og áhrifum. Þar er ekki varanleg eða umtalsverð búseta. Verndun og stjórnun svæðanna miðar að því að varðveita náttúrulegt ástand þeirra“.

Ekki er til opinber kortlagning óbyggðra víðerna eins og þau eru skilgreind í 19. tölulið 5. gr. náttúruverndarlaga. Í aðalskipulagsbreytingu Árneshrepps sem tók gildi 2018 eru óbyggð víðerni í hreppnum ekki kortlögð skv. ákvæðinu og svo er heldur ekki í deiliskipulagstillögunni sem nú er til meðferðar. Í tengslum við gerð þessarar skýrslu hefur því verið dregið upp kort af umræddum víðernum miðað við skilgreiningu náttúruverndarlaga og þá þekkingu og þau viðmið sem til staðar eru um áhrif landslags og mannvirkja á víðernisupplifun, (sjá Mynd 1).





Mynd 1. Drangajökulsvíðerni með sveitarfélagamörkum.

### 2.3.1 Helstu skilmálar

Í þessum kafla eru sett fram frumdrög að friðlýsingarskilmálum eða verndaráætlun fyrir Drangajökulsvíðerni.

#### **Mörk**

Norðurmörk Drangajökulsvíðerna miðast við suðurmörk Hornstrandafriðlandsins, sem liggja frá Hrafnfirði inn úr Jökulfjörðum um Skorarheiði yfir í Furufjörð á Ströndum. Að öðru leyti afmarkast svæðið af útlínum óbyggðra víðerna í skilningi náttúruverndarlaga (sjá Mynd 1). Svæðið nær samkvæmt þessu yfir stóran hluta Árneshrepps, innsta hluta Kaldrananeshrepps, nyrsta hluta Strandabyggðar, hluta af landi Ísafjarðarbæjar norðan og vestan við Drangajökul og út Snæfjallaheiði að Vébjarnarnúpi.

### **Stærð**

Áætluð stærð svæðisins er um 1.190 km<sup>2</sup>, ríflega 1% af flatarmáli Íslands. Inni í þessari tölu eru hin samfelldu óbyggðu víðerni umhverfis Drangajökul, að frátöldum þeim óbyggðu víðernum sem liggja innan núverandi friðlands Hornstranda. Drangajökulsvíðerni skiptast svo milli sveitarfélaganna fjögurra á svæðinu (sjá einnig Mynd 1).

Árneshreppur	420 km <sup>2</sup>
Ísafjarðarbær	260 km <sup>2</sup>
Kaldrananeshreppur	50 km <sup>2</sup>
Strandabyggð	460 km <sup>2</sup>
<b>ALLS</b>	<b>1.190 km<sup>2</sup></b>

### **Lýsing**

Ófeigsfjarðarheiði liggur á milli Ófeigsfjarðar á Ströndum og Hraundals á Langadalsströnd við Ísafjarðardjúp. Heiðin er víðáttumikil og liggur í um 300-400 metra hæð. Efst er heiðin flatlend og hrjóstrug með fjölda gróðurlítilla og tærra vatna. Stærst þeirra eru Nyrðra-Vatnalautavatn og Neðra-Eyvindarfjarðarvatn. Neðar á heiðinni ber meira á gróðri og tjörnum. Jökulsorfnar klappir setja svip á umhverfið frá heiði niður að sjó og af heiðarbrúnum falla ár og lækir í fjölmörgum fossum. Stærsti fossinn er Drynjandi í Hvalárgljúfri en skammt frá er fossinn Rjúkandi í samnefndri á sem sameinast Hvalá neðan brúnar í Ófeigsfirði. Svæðið er hluti af stærstu víðernum Vestfjarða sem ná allt norður að Hornbjargi.

Eitt af aðaleinkennum Ófeigsfjarðarheiðar er hve afskekkt hún er og lítið mótuð af umsvifum og ágangi manna. Innan svæðisins er að finna óbyggð víðerni, fossa og stöðuvötn, auk menningarmínja sem standa sem minnisvarðar um tíðaranda og horfna búsetuhætti og ferðamáta.

Víðernin sunnan Ófeigsfjarðarheiðar hafa svipað yfirbragð og hér hefur verið lýst með gnótt vatna og tjarna og fjölda smærri og stærri vatnsfalla sem renna þaðan niður í dali og til sjávar á Ströndum og innst í Ísafjarðardjúpi. Norðan Ófeigsfjarðarheiðar tekur Drangajökull við. Norður af honum ganga dalir niður í eyðifirði beggja vegna og til vesturs taka við grýtt heiðarlönd á Dalsheiði nær og Snæfjallaheiði fjær.

### **Meginforsenda verndunar: Óbyggð víðerni**

Drangajökull og svæðið umhverfis hann hefur hátt verndargildi sem óbyggð víðerni, bæði á íslenskan og alþjóðlegan mælikvarða. Víðernum fer ört fækkandi í hinum manngerða heimi og óvíða er samspil eyðibygðna og víðerna eins áberandi og á norðanverðum Ströndum. Svæðið sem hér um ræðir er víðfeðmt óbyggða- eða eyðibygðasvæði, lítt eða ekkert raskað af hálfu manna, og hefur haldið náttúrulegum einkennum sínum.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda óbyggð víðerni svæðisins, landslag, jarðminjar, vatnsfarvegi, fossa og stöðuvötn í samræmi við 3. gr. náttúruverndarlaga og viðhalda þannig verndargildi svæðisins þar sem náttúrulegir ferlar fá að hafa sinn gang án afskipta manna, ásamt því að gefa komandi kynslóðum færi á að upplifa óbyggða- eða eyðibygðasvæði og kyrrðina sem þeim fylgir. Sérstaða svæðisins er mikil og með friðlýsingu ætti að vera hægt að standa vörð um svæðið og efla jákvæða ímynd þess.



Í dag er ekkert svæði á Íslandi friðlýst sem óbyggð víðerni og fá friðlýst svæði á Íslandi flokkast sem víðerni fyrir utan Vatnajökul. Vert er að ítreka að enn á eftir að kortleggja og meta á samræmdan hátt óbyggð víðerni á Íslandi, en árið 2017 kom út skýrsla með tillögum að nýrri aðferðafræði við kortlagningu víðerna á miðhálandi Íslands.<sup>13</sup> Mikil þörf er á samræmdri kortlagningu á víðernum Íslands í samræmi við skilgreiningar núgildandi náttúruverndarlaga. Til að unnt yrði að skilgreina útlínur þess svæðis sem hér er til umfjöllunar hefur sem áður segir verið dregið upp kort af umræddum víðernum miðað við skilgreiningu náttúruverndarlaga og þá þekkingu og þau viðmið sem til staðar eru um áhrif landslags og mannvirkja á víðernisupplifun.

### **Sérstök vernd náttúrufrýrbæra**

Á svæðinu sem hér er um ræðir er að finna náttúrufrýrbæri sem falla undir *sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja* skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Má þar nefna stöðuvötn og tjarnir sem eru 1.000 m<sup>2</sup> eða stærri, ásamt fossum, jarðminjum og heitum uppsprettum, en á svæðinu má finna yfirborðsjarðhita allt að 35°C.<sup>14</sup>

### **Drangajökulssvæðið tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár**

Náttúrufræðistofnun Íslands lagði fram tillögu í apríl 2018 um að setja Drangajökulssvæðið á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár en skv. 2. tölulið 2. mgr. 33. gr. náttúruverndarlaga er B-hlutinn skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Málsmeðferð tillögunnar er þó ólokið.

Suðurmörk Drangajökulssvæðisins, sem Náttúrufræðistofnun leggur samkvæmt framansögðu til að unnið sé að friðlýsingu á, liggja um Ófeigsfjarðarheiði frá Melgraseyri í vestri suður fyrir Hraundal og Rauðanúpsvatn, síðan eftir farvegi Rjúkandi austur í Ófeigsfjörð. Verndarsvæði Drangajökuls nær því samkvæmt tillögu stofnunarinnar yfir hluta víðernanna sunnan Drangajökuls.

Forsendur fyrir verndun Drangajökulssvæðisins, skv. tillögu Náttúrufræðistofnunar, eru aðallega tvær; annars vegar vegna jarðminja og hins vegar vegna víðerna. Nýlegar jarðfræðirannsóknir benda til að svæðið sé sérstaklega mikilvægt vegna jöklunarsögu, fornloftslagssögu og umhverfissögu landsins og á svæðinu eru óvenjumargir vel varðveittir fornir jökulgarðar. Að auki kemur fram í lýsingu Náttúrufræðistofnunar að varðveita skuli umfangsmikil, lítt snortin víðerni og að á Drangajökulssvæðinu sé „[m]ikil víðernisupplifun og svæðið nær óraskað“.<sup>15</sup>

Drangajökulsvíðerni er eitt af hinum stóru, óbyggðu víðernum landsins sem eftir eru, sem gerir svæðið vísindalega mikilvægt að því leyti að hægt er að afmarka óraskaðar jarðminjaheildir á stóru svæði, sem ekki er hægt á öðrum sambærilegum stöðum á landinu. Friðlýsing myndi jafnframt varðveita jarðminjar og halda opnum möguleika á að rannsaka þær nánar.

### **Ógnir**

Líkt og fram kemur í tillögu Náttúrufræðistofnunar um vernd Drangajökulssvæðisins eru helstu ógnir verndargildis Ófeigsfjarðarheiðar möguleg virkjun vatnsfalla og rannsóknir henni tengdar. Áform séu uppi um tvær virkjanir á svæðinu; annars vegar Hvalárvirkjun og hins vegar Austurgilsvirkjun. Þessar virkjanir myndu hafa mikil áhrif á víðerni og ásýnd svæðisins, auk þess að raska þar jarðminjum.<sup>16</sup>

<sup>13</sup> Þorvarður Árnason, David Ostman og Adam Hoffritz, 2017.

<sup>14</sup> Haukur Jóhannesson og Steinunn Hauksdóttir, 2008.

<sup>15</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, 2018.

<sup>16</sup> Sama heimild.

Í þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða, sem samþykkt var á Alþingi í janúar 2013 (rammaáætlun), er Hvalárvirkjun í orkunýtingarflokki.<sup>17</sup> Í lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga árið 2016 var gert ráð fyrir að Hvalárvirkjun verði áfram í orkunýtingarflokki, þar sem forsendur hennar voru ekki taldar hafa breyst svo verulega að líklegt væri að flokkun virkjunarinnar yrði önnur. Jafnframt var lagt til að Austurgilsvirkjun verði í orkunýtingarflokki, eins og áður var getið.<sup>18</sup> Niðurstöður 3. áfanga hafa ekki verið afgreiddar á Alþingi.

### **Núverandi vernd og tillögur að verndun**

#### *Drangaskörð*

Drangaskörð eru á náttúruminjaskrá sem *aðrar náttúruminjar*, sbr. svæði nr. 325 sem svo er lýst: „(1) Hrikalegur klettarni austur úr Drangahálsi norðan Drangavíkur ásamt undirlendi. (2) Stórskorinn klettarni með djúpum skörðum, mótaður af rofi jökla frá Ísöld“.<sup>19</sup> Tilgreining svæða á náttúruminjaskrá þýðir að ástæða þykir til að friðlýsa þau. Drangaskörð voru ekki færð á náttúruverndaráætlun skv. eldri lögum um náttúruvernd en þau eru bæði hluti þess svæðis sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur gert tillögu um að fari á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár og hluti af því svæði sem unnið er að friðlýsingu á að frumkvæði landeigenda jarðarinnar Dranga, sjá hér fyrir neðan. Drangaskörð eru einnig innan þess svæðis sem þessi skýrsla leggur til að friðlýst verði sem óbyggð víðerni.

#### *Drangajökulsvæðið*

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur eins og áður sagði lagt fram tillögu um að Drangajökull og nágrenni verði á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár fyrir næstu fimm ár. Tillaga stofnunarinnar nær til alls 1.281 km<sup>2</sup>. Verndarsvæðið nær til hluta Ófeigsfjarðarheiðar. Ráðherra hefur ekki enn lagt fram tillögur sínar að framkvæmdaáætlun svo sem náttúruverndarlög bjóða að gert skuli eigi sjaldnar en á fimm ára fresti en síðast samþykkti Alþingi náttúruverndaráætlun 2010 fyrir tímabilið 2009-2013. Ekki er vitað hver staða málsmeðferðarinnar er. Þetta svæði skarast að miklu leyti við það svæði sem þessi skýrsla leggur til að friðlýst verði sem óbyggð víðerni þó síðarnefnda svæðið ná lengra í suður og taki eðli máls samkvæmt ekki til svæða þar sem áhrifa mannsins gætir.

#### *Snæfjallaströnd - Kaldalón*

Alþingi samþykkti árið 2010, að vinna skyldi að friðlýsingu Snæfjallastrandar og Kaldalóns sbr. fyrrnefnda náttúruverndaráætlun 2009-2013.<sup>20</sup> Svæðið er 165,4 km<sup>2</sup>, er að stórum hluta á náttúruminjaskrá (svæði nr. 323 og 324, sjá hér fyrir neðan) og tilheyrir sveitarfélögunum Ísafjarðarbæ og Strandabyggð. Svæðið var eitt 13 svæða sem ákveðið var að vinna að friðlýsingu á á tímabilinu. Tilgangurinn er vernd búsvæða margra fágætra plöntutegunda, þar á meðal nokkurra tegunda á valista, og er með vernd stuðlað að því að tryggja viðhald líffræðilegrar fjölbreytni svæðisins. Að því leyti sem svæðið telst til óbyggðra víðerna fellur það innan Drangajökulsvíðerna. Friðlýsingu er ólokið.

#### *Snæfjallahreppur hinn forni*

Snæfjallahreppur hinn forni, sem nú tilheyrir Ísafjarðarkaupstað er á náttúruminjaskrá (svæði nr. 324). Um er að ræða það landsvæði sem fyrrum Snæfjallahreppur tók yfir, utan Hornstrandarfriðlands, og einnig utan svæðis nr. 323, Kaldalóns. Svæðinu er lýst svo í skránni: „Fjölbreytt og mikilfenglegt

<sup>17</sup> Alþingi, 2012-2013.

<sup>18</sup> Verkefnisstjórn 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar, 2016.

<sup>19</sup> Umhverfisstofnun, 2019.

<sup>20</sup> Alþingi 2009-2010.

landslag með hrikalegum fjöllum, ýmsum berggerðum, jökulgörðum og óshólmum. Fjölskrúðugur gróður og dýralíf“. Að því leyti sem svæðið telst til óbyggðra víðerna fellur það innan Drangajökulsvíðerna. Friðlýsing hefur ekki verið gerð en svæðið er á náttúruverndaráætlun sbr. hér að framan.

#### *Kaldalón*

Svæði sem kennt er við Kaldalón í Ísafjarðarbæ er á náttúruminjaskrá (svæði nr. 323) vegna fjölbreytts og mikilfenglegs landslags og berggerðar, jökulgarða, óshólma, leira og surtarbrands. Gróður og dýralíf er fjölskrúðugt. Friðlýsing hefur ekki verið gerð en svæðið er á náttúruverndaráætlun sbr. það sem segir hér að framan. Kaldalón telst ekki til óbyggðra víðerna en liggur nærri því svæði sem hér er lagt til að verði friðlýst verði óbyggð víðerni.

#### *Jörðin Drangar*

Árið 2018 leituðu landeigendur jarðarinnar Dranga á Ströndum eftir því við ráðherra að jörð þeirra yrði friðlýst, að hluta eða öllu leyti. Jörðin er yfir 100 km<sup>2</sup> að flatarmáli og nær skv. greinargerð landeigenda frá hábungu Drangajökuls að sjó á milli Bjarnarfjarðar og Drangavíkur.<sup>21</sup> Í greinargerðinni segir að landslagið sé tilkomumikið, jarðfræði fjölbreytileg, gróðurfar sérstakt og náttúruvegurð almennt mikil á svæðinu sem sé hluti af víðáttumesta samfellda óbyggða víðerni á Vestfjörðum. Einnig kemur þar fram að Drangar séu landnámsjörð. Þar hafi numið land þorvaldur Ásvaldsson, faðir Eiríks rauða sem síðar flutti til Grænlands, en Eiríkur var faðir Leifs heppna Eiríkssonar. Þar segir enn fremur að Eiríkur hafi búið á Dröngum eftir föður sinn og færa megi líkur að því að jörðin sé fæðingarstaður Leifs sonar hans. Að því leyti sem svæðið telst til óbyggðra víðerna fellur það innan Drangajökulsvíðerna. Friðlýsing mun vera í virkum undirbúningi hjá Umhverfisstofnun og meðal annars hefur verið stofnaður samstarfshópur um verkið með þátttöku fulltrúa landeigenda og Árneshrepps.

#### *Hverfisvernd Strandabyggðar*

Í gildandi aðalskipulagi Strandabyggðar nýtur Drangajökull og svæðið suðvestur af honum hverfisverndar (sjá Mynd 2). Sá hluti hverfisverndarsvæðisins sem fellur undir skilgreiningu laga um óbyggð víðerni fellur að öllu leyti innan þess svæðis sem hér er lagt til að verði friðlýst sem slíkt.

#### *Hverfisvernd Ísafjarðarbæjar*

Ísafjarðarbær hefur með aðalskipulagi sínu hverfisverndað svæði sem í greinargerð er kallað „H18 - Utan friðlands norðan Djúps“ (sjá Mynd 3). Svæðið nær yfir Snæfjallaströnd, sunnanverða Jökulfirði og norður fyrir Drangajökul. Svæðið er einnig á náttúruminjaskrá (svæði nr. 324), (sjá framar) og liggur að Hornstrandafriðlandi. Sá hluti hverfisverndarsvæðisins sem fellur undir skilgreiningu laga um óbyggð víðerni fellur að öllu leyti innan þess svæðis sem hér er lagt til að verði friðlýst sem óbyggð víðerni.

### 2.3.2 Uppbygging innviða

Árið 2016 samþykkti Alþingi lög nr. 20/2016 um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, en mikil aukning í ferðalögum bæði erlendra og innlendra gesta kallar á markvissa uppbyggingu innviða og þjónustu. Lögin mæla fyrir um að unnin sé stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða vegna álags af völdum ferðamennsku og útivistar. Fyrsta landsáætlunin skv. lögnum var samþykkt sem þingsályktun frá Alþingi 2018. Megináherslur landsáætlunarinnar lúta að:

1. stýringu og sjálfbærri þróun;
2. vernd náttúru og menningarsögulegra minja;

<sup>21</sup> Morgunblaðið, 2018b.

3. Öryggismálum;
4. skipulagi og hönnun og
5. ferðamannaleiðum.<sup>22</sup>

Í umfjöllun landsáætlunarinnar um markmið um stýringu og sjálfbæra þróun kemur fram að skilgreindir verði ákveðnir staðir í öllum landshlutum þar sem faglega verði staðið að uppbyggingu innviða til verndar náttúru og minjum.

Um hönnun mannvirkja segir m.a. í 4. gr. landsáætlunarinnar: „Að höfðu samráði við viðkomandi stofnanir skilgreini sveitarfélög á hvaða staði í náttúrunni og til hvaða menningarsögulegra minja henti að beina umferð ferðamanna svo og mismunandi hópum ferðamanna. Slík stefnumörkun verði sett fram við gerð aðalskipulags“. Árneshreppur hefur þegar sett sér stefnumörkun vegna ferðapjónustu í gildandi aðalskipulagi en þar segir:

„Markmið vegna ferðapjónustu:

1. Stefnt er að eflingu ferðapjónustu í sveitarfélaginu bæði sem aukabúgreinar og sem sjálfstæðum rekstri.
2. Ferðapjónusta verði eflid í Árneshreppi, með aukinni umsetningu.
3. Lögð verði áhersla á menningartengda ferðapjónusta. Samræming verði aukin í almennri upplýsingamiðlun og markaðssetningu ferðapjónustunnar.
4. Tryggt verði gott aðgengi að ferðamannastöðum.
5. Hvatt er til samstarfs hreppsins og landeigenda um bætta merkingu og aðgengi að sögustöðum
6. Sýningarhald tengist ferðapjónustunni.
7. Svæði sem bjóða upp á sérstætt náttúrufar verði kynnt sem hluti af afþreyingu.
8. Á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá (NMS. 325, 326 og 327) skal tekið tillit til þess að um vissa verndun er að ræða. Þessi svæði skulu merkt fyrir árið 2011, til upplýsingar fyrir heimamenn og ferðamenn.
9. Dvöl í frístundahúsum verði ríkari þáttur í ferðapjónustu í sveitarfélaginu“.<sup>23</sup>

Í fyrrnefndri landsáætlun er lögð áhersla á að nauðsynleg mannvirki á ferðamannastöðum séu vel hönnuð, falli vel að landslagi, viðkomandi minjum, gildi staðar og staðaranda og styðji við upplifun gesta. Góð ending og lítil viðhaldspörf eiga að einkenna slík mannvirki. Enn fremur kemur fram í landsáætluninni að vel hannaðir innviðir auki upplifun gesta en þess skuli jafnframt gætt að náttúra, minjar og heildarsviptmót lands verði varið eftir fremsta megni og að aðkoma og gönguleið að stað verði hluti af minnisstæðri upplifun gesta.<sup>24</sup>

Samhliða landsáætluninni var unnin verkefnaáætlun til þriggja ára (2018-2020). Í henni er gerð grein fyrir því fjármagni sem veitt er til uppbyggingar innviða og tekið fram að hér sé verið að takast á við mikla uppsafnaða þörf. Í þessari fyrstu verkefnaáætlun sé því lögð áhersla á friðlýst svæði þar sem ágangur er þegar til staðar en auk þess lögð áhersla á að fjölga viðkomustöðum ferðamanna. Í áætluninni er gert ráð fyrir 760 milljónum króna til uppbyggingarinnar árið 2018, 660 milljónum árið 2019 og 660 milljónum árið 2020, eða samtals 2.080 milljónum á þessu þriggja ára tímabili. Tekið er fram að 10% heildarfjármagnsins (um 200 m.kr.) sé ekki úthlutað strax heldur sé það aðgengilegt til

<sup>22</sup> Alþingi, 2017-2018b.

<sup>23</sup> Skipulagsstofnun og Árneshreppur, 2013 (bls. 23).

<sup>24</sup> Alþingi, 2017-2018b.

viðbótarverkefna. Gert er ráð fyrir að 139,9 milljónum króna verði varið til verkefna á Vestfjörðum, þar af 17,6 milljónum til friðlandsins á Hornströndum. Ekki er gert ráð fyrir neinu fjármagni til svæða í Árneshreppi eða Strandabyggð.<sup>25</sup>

Friðlýsing Drangajökulsvíðerna myndi gefa svæðinu stöðu sem fellur að áhersluatriðum landsáætlunar varðandi úthlutun fjármuna til uppbyggingar innviða, þ.e. friðlýst eða verndað svæði, og svæði sem fellur að hugmyndum um dreifingu ferðamanna. Þá er tilgreint í 2. mgr. 3. gr. laganna um landsáætlun að við gerð áætlunarinnar skuli byggja á því markmiði að álagi sé dreift. Þetta ákvæði er til þess fallið að stuðla að fjárfestingu í innviðum á nýjum svæðum.

Komi til friðlýsingar Drangajökulsvíðerna er nauðsynlegt að byggja upp innviði á svæðinu og í útjöðrum þess, annars vegar til að tryggja verndun svæðisins og hins vegar til að skjóta rótum undir tekjuöflun. Einboðið er að uppbygging innviða á svæðinu verði í takti við þær meginlínur sem lagðar eru í landsáætlun um uppbyggingu innviða, hvort sem fjármagn fæst úr þeirri áætlun eða með öðrum hætti, enda felur áætlunin í sér samræmda stefnumótun um gerð og eðli innviða.

Innviðir inni á svæðinu sem hér um ræðir myndu væntanlega einkum hafa þann tilgang að stýra umferð um svæðið, verja viðkvæma hluta þess fyrir ágangi og veita grunnupplýsingar, svo sem með merkingum. Innviðir við jaðar svæðisins ættu hins vegar að miða að því að auðvelda fólki að komast að svæðinu, fá upplýsingar um það og fá notið þess. Undir slíka innviðauppbyggingu gætu fallið hefðbundnir innviðir í ferðaþjónustu, þ.m.t. samgönguleiðir, gistiaðstaða, veitingaaðstaða o.s.frv., auk aðstöðu til miðlunar á þekkingu um svæðið, hvort sem henni er miðlað með leiðsögn, afhendingu eða sölu upplýsingaefnis eða á annan hátt, svo sem í gestastofu.

Rétt er að geta þess að Ísland er aðili að Europarc samtökunum.<sup>26</sup> Europarc sáttmálinn um sjálfbæra ferðamennsku á vernduðum svæðum byggir á þeirri hugmyndafræði að ferðamenn reyni að hafa einungis jákvæð áhrif á hið náttúrulega umhverfi, samfélagið og hagkerfið. Starf Europarc byggir á sterku samfélagslegu samstarfi heimamanna, sem síðan er metið af utanaðkomandi aðilum. Þetta hefur reynst vera farsæl leið til að tryggja efnahagslegan, félagslegan og umhverfislegan ávinning fyrir svæðin og fólkið sem þar býr og gesti þeirra. Starfsemi Europarc hefur sýnt, að sjálfbær ferðamennska á verndarsvæðum getur verið til hagsbóta bæði fyrir íbúa svæðanna og umhverfið.<sup>27</sup>

<sup>25</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2018b.

<sup>26</sup> EUROPARC Nordic-Baltic Section, 2019.

<sup>27</sup> EUROPARC Federation, 2019.

### 3 Umhverfi og áhrif friðlýsingar

Í þessum kafla eru tilgreindir helstu þættir í umhverfinu sem orðið geta fyrir áhrifum af umsvifum manna á því svæði sem afmarkað hefur verið í þessari skýrslu sem Drangajökulsvíðerni, jafnframt því sem leitast er við að skýra hvaða áhrif friðlýsing víðerna á svæðinu er líkleg til að hafa á þessa þætti. Hugtakið umhverfi er hér notað í sömu merkingu og í lögum um umhverfismat áætlana, þ.e. „[s]amheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, og landslag og samspil þessara þátta“. Umhverfisáhrif áætlunar eru áhrif framkvæmdar hennar á umhverfið og geta m.a. verið bein, óbein, samlegðaráhrif, sammögnuð, til skamms tíma, til langtíma, tímabundin, varanleg, jákvæð eða neikvæð.

Almenna umfjöllun um staðhætti á svæðinu má finna víða, en einkum má benda á árbækur Ferðafélags Íslands frá 1994<sup>28</sup> og 2000.<sup>29</sup>

#### 3.1 Samfélag og efnahagur

##### 3.1.1 Núverandi staða

Byggðin sem liggur næst Drangajökli er afar strjálbýl og stendur höllum fæti. Norðan Drangajökuls er engin byggð og hefur ekki verið um áratugaskeið. Allt land norðan jökulsins tilheyrir nú Ísafjarðarbæ, en sveitarfélagamörkin liggja um Kaldalón, Hrolleifsborg og Geirólfsgnúp. Sunnan Drangajökuls tilheyrir vestari hlutinn Strandabyggð (áður Nauteyrarhreppi), þ.e. vestan vatnaskila. Föst búseta er á tveimur bæjum í Skjaldfannardal vestan heiðar og er rekin ferðapjónusta á öðrum þeirra. Svæðið austan vatnaskila tilheyrir hins vegar Árneshreppi. Í Árneshreppi eiga nú 40 manns lögheimili og hefur íbúum fækkað hratt síðustu tvö árin. Þeim sem hafa þar fasta búsetu allt árið hefur þó fækkað hlutfallslega enn meira og eru þeir nú innan við 20 talsins á helmingi færri heimilum. Meðalaldur þeirra sem nú dvelja í byggðarlaginu er rúm 67 ár.

Í Árneshreppi voru til skamms tíma nokkur sauðfjárbú en nú eru aðeins fjögur slík eftir í rekstri. Á sumrin er nokkur útgerð í Norðurfirði, en hún skapar ekki heilsársstörf og sama er að segja um dúntekju. Skólahald í hreppnum er aflagt, a.m.k. í bili, og erfitt hefur reynst að halda uppi verslunarrekstri, sem annars á sér langa sögu í Norðurfirði. Byggðin er afskekkt og vegurinn þangað úr Bjarnarfirði seinfarinn á sumrum og yfirleitt ófær vegna snjóa frá áramótum og fram á vor. Engin vetrarþjónusta er á veginum á þeim tíma og samfélagið þá alfarið háð flugsamgöngum, bæði um flutninga á fólki og varningi. Áætlunarflug er tvisvar í viku á milli Reykjavíkur og Gjögurs.

Samfélagið í Árneshreppi stendur mjög höllum fæti og hefur farið ört hnignandi þrátt fyrir ýmis byggðaverkefni sem ætlað hefur verið að styðja við byggðina. Skortur á vetrarsamgöngum er almennt álitinn vera helsta ástæða hnignunarinnar, en minnkandi tekjur sauðfjárnænda eiga eflaust einnig stóran þátt í þróuninni. Af þeim sökum er nýliðun í bændastétt svæðisins nánast útilokuð, þar sem afkoma búanna dugar vart til afborgana af stofnlánum, auk þess sem yngri fólk gerir líklega meiri kröfur um tekjur og þjónustu en þeir sem fyrir eru. Eftir því sem fólk fækkar og tekjur minnka bresta forsendur fyrir þeirri þjónustu sem þó hefur verið til staðar og brottfall þjónustunnar, ekki síst skólahalds og verslunar, stuðlar að enn frekar fólksfækkun og hnignun samfélagsins. Margt þykir benda til að byggð leggist af í hreppnum innan mjög fárra ára ef ekki koma til sértækar aðgerðir.

<sup>28</sup> Guðrún Ása Grímsdóttir, 1994.

<sup>29</sup> Haukur Jóhannesson, 2000.



Veruleg tækifæri kunna að liggja í aukinni áherslu á umhverfisvernd eins og nánar er fjallað um í kafla 3.2.2 hér að neðan. Í Árneshreppi tengjast þessi tækifæri ekki síst landfræðilegri legu hreppsins sem útvarðar í norðri og fágætrar tengingar nútíðar og fortíðar sem endurspeglast í nálægð við óbyggðir og land þar sem inngríp mannsins hafa verið í lágmarki um langt skeið. Nýting þessara tækifæra er hins vegar veruleg áskorun vegna fámennis og vegna þess hversu viðkvæm sérstaðan er. Styrkleiki byggðarlagsins er þannig um leið veikleiki þess. Fágætið sem vissulega laðar til sín ferðamenn (fágætisferðamennska) missir hluta af aðdráttaraflinu sínu eftir því sem það er gert aðgengilegra. Því er mikilvægt að ferðapjónusta á svæðinu styðji við sérkenni þess og að þess sé vandlega gætt að bæði uppbygging og umgengi sé þannig að svæðið glati ekki aðdráttaraflinu.

Annars konar dæmi um tækifæri sem liggja í aukinni áherslu á umhverfisvernd er fyrirhugað samstarf bænda og umhverfis- og auðlindaráðuneytis, þar sem gert er ráð fyrir að bændur taki að sér störf í þágu náttúruverndar.<sup>30</sup>

Vonir hafa verið bundnar við að Hvalárvirkjun styrki samfélagið í Árneshreppi. Virkjun myndi skapa störf á framkvæmdatíma en reksturinn skapar engin störf á svæðinu til frambúðar. Langt er í flutningskerfi Landsnets þar sem næsta tengivirki er í Geiradal í Reykhólahreppi. Í rammaáætlun (2. áfanga) var gert ráð fyrir að rafmagn frá virkjuninni yrði flutt til Ísafjarðar um sæstreng frá Melgraseyri.<sup>31</sup> Fátt virðist þó benda til að sú tenging verði að veruleika á næstu árum. Á heimasíðu virkjunaraðila kemur fram að óskað hafi verið „eftir formlegum viðræðum við Landsnet um tengingu Hvalárvirkjunar með jarðstreng yfir Ófeigsfjarðarheiði. Frá nýjum afhendingarstað [í Ísafjarðardjúpi] verði virkjunin tengd inná Mjólkár línu fyrir botni Kollafjarðar í 40 km fjarlægð frá Mjólkár virkjun“.<sup>32</sup> Eftir sem áður væri þá lína sunnan úr Reykhólahreppi yfir hálendið og vestur að Mjólká eina tenging fjölmennasta svæðis Vestfjarða við flutningskerfi Landsnets.

Hvalárvirkjun hefði væntanlega engin bein áhrif á dreifikerfi raforku í Árneshreppi, sem nýtur einkaréttar og er rekið af Orkubúi Vestfjarða (OV). Í öllu falli hafa ekki fundist heimildir um fyrirhugaða tengingu virkjunarinnar við byggðarlagið. Því virðist ekkert liggja fyrir um að tilkoma virkjunarinnar tryggi byggðarlaginu þriggja fasa rafmagn, sem rætt hefur verið um að skapa myndi grundvöll fyrir ýmsa starfsemi sem nú er ómögulegt að stunda. Hins vegar kann að vera stutt í að byggðarlagið fái þriggja fasa rafmagn frá dreifikerfi OV með endurbótum á raforkuflutningi með svonefndri Norðurlínu sunnan úr Steingrímsfirði. Lokið er við að leggja jarðstreng á níu km kafla frá Goðdalsá að Djúpavík, en eftir er að leggja jarðstreng á syðsta hluta leiðarinnar, þ.e. úr Steingrímsfirði að Goðdalsá. Einnig er eftir að leggja jarðstreng frá Djúpavík norður í Trékyllisvík. Með þessum endurbótum verður afhending á þriggja fasa rafmagni möguleg. Gangi áætlanir OV eftir „verður Norðurlína komin í jörðu innan fárra ára“.<sup>33</sup>

Áætlanir stjórnvalda ganga út á að innan fárra ára verði lokið við að tengja allar byggðir landsins með þriggja fasa rafmagni. Í sáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur segir m.a.: „Flutnings- og dreifikerfi raforku verður að mæta betur þörfum atvinnulífs og almennings alls staðar á landinu. Uppbygging kerfisins getur stutt við áætlanir um orkuskipti sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, t.d. með því að hraða þrífösun rafmagns, með varmadæluvæðingu á köldum

<sup>30</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2018a.

<sup>31</sup> Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og hitaveitusvæði, 2011.

<sup>32</sup> Vesturverk, 2019.

<sup>33</sup> Samstarfshópur um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum, 2014.



svæðum, innviðum fyrir rafbíla og rafvæðingu hafna.<sup>34</sup> Einnig er komið inn á þessi mál í þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024 sem samþykkt var á Alþingi 11. júní 2018. Í kaflanum *B.1. Þrífösun rafmagns* í ályktuninni er sett fram það markmið að „dreifikerfi rafmagns mæti þörfum heimila og fyrirtækja, með sérstakri áherslu á dreifingu raforku og afhendingaröryggi raforku í dreifibýli. Skoðað verði að veita styrki úr Orkusjóði til að greiða hluta af flýtgjaldi sem Rarik tekur fyrir að færa framkvæmdir framár í röðina. Jafnframt verði kannað að veita beina styrki til sveitarfélaga og skoða samlegðaráhrif með lagningu ljósleiðarakerfa“. Ábyrgð á framkvæmd þessa verkefnis liggur hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, framkvæmdaaðili er Orkusjóður og á meðal samstarfsaðila eru Orkubú Vestfjarða og landshlutasamtök sveitarfélaga. Lagt er til að verkefnið verði fjármagnað með 400 milljóna kr. framlagi úr byggðaáætlun á árunum 2019-2024.<sup>35</sup> Ljóst virðist því að þriggja fasa tenging, þegar hún kemur í Árneshrepp, verði sunnan að og í gegnum dreifikerfið, eins og lög gera ráð fyrir.

Íbúar í Árneshreppi hafa bundið vonir við að Hvalárvirkjun muni fylgja umtalsverðar samgöngubætur, en í raun eru virkjun og vegtenging byggðarinnar ótengdar framkvæmdir rétt eins og virkjunin og þrífösun rafmagns í byggðarlaginu.

### 3.1.2 Áhrif friðlýsingar

Friðlýsing tiltekins víðernis felur í sér ákveðna staðfestingu á stöðu svæðisins og skapar því þannig sess sem það hafði ekki áður. Í reynd felur friðlýsing í sér opinbera viðurkenningu á að svæðið sé það sem það er sagt vera. Að þessu leyti má líkja friðlýsingu við vottun sem felur í sér staðfestingu þriðja aðila á að hin vottaða vara eða þjónusta uppfylli tiltekin lágmarksviðmið og að upplýsingar framleiðandans séu áreiðanlegar.

Rannsóknir skortir til að hægt sé að fullyrða hvaða áhrif friðlýsing víðerna hafi á nærsamfélagið og efnahag þess. Engar íslenskar rannsóknir liggja fyrir um efnahagslegs áhrif af friðlýsingu víðerna. Erlendar rannsóknir (m.a. Thomas P. Holmes, 2016) benda til að áhugi fólks á að heimsækja víðerni fari vaxandi og enn frekar að greiðsluvilji þessa fólks fari vaxandi. Samkvæmt þessu er líklegt að friðlýsing tiltekinna víðerna sé til þess fallin að fjölga ferðamönnum sem sækja svæðið heim og jafnframt að hækka þá fjárhæð sem hver þeirra ráðstafar á svæðinu. Af niðurstöðum framangreindra rannsókna má jafnframt ráða að nærliggjandi byggðir njóti góðs af, þ.e. að virðisaukinn einskorðist ekki við „útidyr víðernanna“, heldur verði hans vart „meðfram leiðinni þangað“, í vaxandi mæli eftir því sem nær dregur.<sup>36</sup> Þannig má geta sér þess til að jákvæðra efnahagslegra áhrifa af friðlýsingu víðerna við Drangajökul gæti ekki aðeins í Árneshreppi, heldur verði þeirra einnig vart í nærliggjandi byggðum, svo sem á Hólmavík og í Kaldrananeshreppi (Drangnesi og Bjarnarfirði).

Nýlokið er samráðsferli um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.<sup>37</sup> Tillögur nefndarinnar fela í sér greiningu tækifæra sem opnast með stofnun þjóðgarðsins fyrir byggðaþróun og atvinnulíf, auk tillagna að helstu áherslum í atvinnustefnu. Metur nefndin það svo að tækifærin felist í innviðum (nýframkvæmdir og viðhald), þjónustu (veitingar, gisting, fræðsla), útivist og ferðaþjónustu (náttúruferðamennska og samstarf), vörum (mörkun/auðkenning vara (e. branding), umhverfivottaður landbúnaður og sjálfbær orka), rekstri (störf hjá þjóðgarði og rekstur), rannsóknum (rannsóknarstörf, þekkingar- og rannsóknarsetur og menntun), samræmdu valdreifðu verklagi

<sup>34</sup> Stjórnarráðið, 2017 (bls. 10).

<sup>35</sup> Alþingi, 2017-2018a.

<sup>36</sup> Holmes *et al.*, 2016.

<sup>37</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2018.

(samfélagssátt um náttúruvernd) og loks dreifingu ferðamanna (öflugar gáttir og áfangastaðaáætlanir sveitarfélaga). Ekki verður annað séð en að sambærileg tækifæri ættu að geta skapast með friðlýsingu víðerna við Drangajökul. Tillögur nefndarinnar, m.a. varðandi landbúnað og mörkun/auðkenningu vara, eru af svipuðum toga og tillögur íbúa Árneshrepps í verkefninu *Áfram Árneshreppur! frá 2017* (sjá kafla 5.14).

Jákvæð efnahagsleg áhrif verndaðra víðerna hafa mikið verið til umræðu á evrópskum vettvangi síðustu 10 ár, bæði á vegum Evrópusambandsins<sup>38</sup> og samtaka á borð við Synergiz í Frakklandi. Erfitt er að reikna áhrifin nákvæmlega í krónum og aurum, m.a. vegna þess hversu ör þróun á sér stað þessi árin, bæði hvað varðar landnotkun almennt, íbúasamsetningu, efnahag fólks o.s.frv. Flestir virðast þó sammála um að verðmæti víðerna fari ört vaxandi, þar sem sífellt fleiri svæði eru tekin undir athafnir manna og þar með verði víðernaupplifun takmarkaðri auðlind en áður var. Verðmætið felst þá ekki eingöngu í beinum atvinnutekjum í nánustu framtíð, heldur einnig í svonefndu valkostavirði (e. option value) sem er fólgið í verðmæti þess að eiga kost á að nýta svæðið síðar. Með þetta í huga hefur m.a. Joël Houdet (2011) lagt til að við mat á verðmætum víðerna verði leitast við að reikna kostnaðinn sem hlýst af aðgerðaleysi.<sup>39</sup> Framtíðarverðmæti svæðanna getur m.a. legið í vaxandi verðmæti vistkerfisþjónustu samfara fjölgun jarðarbúa, hnignun náttúruauðlinda og aukinni þekkingu. Með vistkerfisþjónustu (e. ecosystem services) er átt við alla þá þjónustu sem náttúran veitir mannfólkinu „án endurgjalds“, svo sem fæðu, vatn, hreint loft, eldsneyti, byggingarefni, frævnun nytjaplantna, skjól og flóðavarnir, auk tækifæra til útivistar og náttúruupplifunar. Sá náttúrulegi höfuðstóll sem tryggir mönnum þessa þjónustu vex alla jafna með friðun svæða en getur rýrnað verulega eða eyðst með ágengri nýtingu þar sem ekki er hugað að þörfum komandi kynslóða. Nauðsynlegt er að taka verðmæti vistkerfisþjónustu með í reikninginn þegar ákvarðanir eru teknar um ráðstöfun svæða til frambúðar.<sup>40</sup>

Nýlegar rannsóknir á Íslandi benda til að fjármunir sem varið er í uppbyggingu friðlýstra svæða skili sér margfalt til baka til samfélagsins. Í nýlegri skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem byggir á rannsóknum Jukka Siltanen um áhrif friðlýstra svæða á framleiðslu og atvinnu í næsta umhverfi kemur til að mynda fram að fyrir hverja krónu sem ríkið leggur til friðlýstra svæða skili að meðaltali 23 krónur sér til baka í formi launatekna og virðisauka fyrirtækja (23:1). Lægsta hlutfallið á þeim friðlýstu svæðum sem tekin voru til skoðunar var 10:1 en það hæsta 158:1. Í þessum útreikningum er þó ekki tekið tillit til óbeinna áhrifa (margfeldisáhrifa). Í skýrslunni kemur enn fremur fram að hver króna sem ríkið leggur til friðlýstra svæða skili sér að meðaltali í 8 króna skatttekjum (4-63 kr.).<sup>41</sup>

Íslenskar rannsóknir sýna að friðlýsing svæða getur skapað störf í nærumhverfinu, þ.á m. hlutastörf sem henta vel á stöðum þar sem tekjur fólks af þeirri atvinnu sem það hefur fyrir nægja ekki til framfærslu. Í skýrslu Hagfræðistofnunar sem vísað er til hér að framan kemur m.a. fram að „þjónusta við umferð um friðlýst svæði gæti átt þátt í að fylla skarðið sem verður þegar hefðbundnari bústörfum fækkar“ (bls. 1). Í skýrslunni er sérstaklega vísað í rýrar tekjur sauðfjábænda í þessu sambandi. Samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar eru friðlýst svæði víða um land mikilvæg fyrir atvinnulíf í næsta nágrenni þeirra og að í sumum sveitum megi tengja tugi prósentu allra starfa friðlýstum svæðum. Þá bendi samanburður við gögn frá Ríkisskattstjóra og svör forsvarsmanna ferðaþjónustufyrirtækja á friðlýstum svæðum ekki til að áhrif á atvinnu séu ofmetin í líkaninu sem stuðst var við í rannsóknum Jukka Siltanen.<sup>42</sup>

<sup>38</sup> Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, 2016.

<sup>39</sup> Joël Houdet (2011).

<sup>40</sup> Zoltan Kun and Joël Houdet (2012) (bls. 13-30).

<sup>41</sup> Jukka Siltanen, 2018.

<sup>42</sup> Hagfræðistofnun, 2018.

Fræðilega séð geta störf sem tengjast friðlýstum svæðum rutt burt öðrum störfum, en að öllum líkindum eru ruðningsáhrifin oftast lítil í nánasta umhverfi, „sérstaklega þar sem byggð er almennt á undanhaldi. Þar kann vinna sem tengist friðlýstum svæðum að vera að miklu leyti viðbót við annað atvinnulíf“.<sup>43</sup>

Af framanskráðu má ráða að friðlýsing Drangajökulsvíðerna sé til þess fallin að hafa jákvæð áhrif á samfélagið í Árneshreppi, þó að engin leið sé að fullyrða hversu mikil þessi áhrif verða eða hvort þau hafi úrslitabýðingu fyrir viðhald byggðarinnar. Jákvæðu áhrifin felast væntanlega fyrst og fremst í atvinnutækifærum í ferðaþjónustu og í öðrum greinum sem skapast gætu vegna friðlýsingarinnar. Til að svo megi verða þarf að byggja upp viðeigandi innviði á svæðinu og í útjöðrum þess, enda útilokað að friðlýsingin þjóni hlutverki sínu án innviðaupbyggingar. Innviðir inni á svæðinu hefðu einkum þann tilgang að stýra umferð um svæðið, verja viðkvæma hluta þess fyrir ágangi og veita grunnupplýsingar, svo sem með merkingum. Innviðir við jaðar svæðisins myndu hins vegar miða að því að auðvelda fólki að komast að svæðinu, fá upplýsingar um það og fá notið þess (sjá kafla 2.3.2). Uppbygging gestastofu við jaðar svæðisins gæti haft veruleg jákvæð áhrif á samfélagið. Gestastofan sjálf og aðrir innviðir á svæðinu hafa ekki aðeins þann tilgang að auðvelda fólki að njóta svæðisins, heldur skapa þessar einingar sem slíkar jafnframt ný störf við kynningar, landvörslu, umsjón o.s.frv. Með tilliti til samgangna og landfræðilegra aðstæðna liggur beinast við að gestastofa rísi í Trékyllisvík eða Norðurfirði, en staðsetning í tengslum við hótelið á Djúpavík kæmi einnig til greina, sbr. tillögu nefndar sem skipuð var á grundvelli þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi 2003 um verndun búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi (sjá kafla 5.13).

Út frá tölum úr rannsókn Jukka Siltanen 2018<sup>44</sup> má áætla að árlegt 50 milljóna króna framlag ríkisins til uppbyggingar og reksturs friðlýstra víðerna við Drangajökul geti skilað árlegum skatttekjum upp á 200 milljónir króna (4:1) og að árlegar launatekjur og virðisauki fyrirtækja í tengslum við hið friðlýsta svæði geti numið um 500 milljónum króna (10:1), hvort tveggja miðað við lægstu hlutfallstölur og án tillits til óbeinna áhrifa (margfeldisáhrifa). Hins vegar ber að taka staðhæfingum um beint orsakasambandi á milli fjárfestingar og tekna með fyrirvara, þar sem erfitt er að greina á milli áhrifa friðlýsingar annars vegar og annarra þátta hins vegar á tekjur einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila.

Hvalárvirkjun annars vegar og friðlýsing Drangajökulsvíðerna hins vegar eru tvær gjörólíkar leiðir til að nýta auðlindir á sama svæði og ljóst að um leið og önnur leiðin er valin er hin útilokuð. Áhrif þessara tveggja valkosta á samfélag og efnahag í Árneshreppi eru að sama skapi gjörólík. Hreppurinn myndi hafa miklar tekjur af virkjuninni (miðað við aðrar tekjur) á meðan á framkvæmdum stendur, einkum í formi útsvarstekna af verkamönnum. Þessar tekjur eru tímabundnar og háðar því að nokkur hluti verkamanna eigi lögheimili í hreppnum. Miðað við núverandi stöðu á vinnumarkaði er líklegt að einkum erlendir starfsmenn vinni við framkvæmdina og talsverður hluti þeirra myndi hugsanlega skrá lögheimili sitt í hreppnum meðan á vinnunni stendur.<sup>45</sup> Öðru máli kann þó að gegna ef um er að ræða verkamenn frá starfsmannaleigum, en ekki eru forsendur til að spá fyrir um slíkt í þessari skýrslu. Útgjöld hreppsins á móti þessum tekjum yrðu líklega ekki há, þar sem erlendir starfsmenn við virkjunina myndu ekki nýta þjónustu sveitarfélagsins í verulegum mæli (grunnskóla o.s.frv.). Að framkvæmd lokinni fengi hreppurinn fasteignagjöld af fasteignum af stöðvarhúsi virkjunarinnar og öðrum byggingum. Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri hefur áætlað að þessar tekjur geti numið um 24

<sup>43</sup> Hagfræðistofnun, 2018 (bls. 2).

<sup>44</sup> Jukka Siltanen, 2018.

<sup>45</sup> Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Óbirt minnisblað, janúar 2019.

milljónum kr. á ári miðað við 1,32% fasteignaskatt. Á móti komi lækkun framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Að gefnum tilteknum forsendum gætu tekjur sveitarsjóðs aukist um 7 milljónir kr. á ári vegna fasteignaskatts af virkjunarmannvirkjum þegar upp er staðið.<sup>46</sup>

Virkjunin skapar engin störf til lengri tíma og styður því sem slík ekki við langtímaþróun samfélagsins, jafnvel þótt rekstrarafkoma sveitarsjóðs verði góð.

Gera má ráð fyrir að framkvæmdatími virkjunar verði um 3 ár. Skatttekjur Árneshrepps á þessum þremur árum verða að öllum líkindum meiri en þær hefðu orðið af ferðaþjónustu og öðrum störfum sem skapast munu við friðlýsingu, en útgjöldin minni, til dæmis vegna skólahalds. Þetta mun hins vegar að líkindum jafnast eða jafnvel snúast við að þessum þremur árum liðnum eða á næstu árum þar á eftir, þ.e. þegar friðlýsingin hefur fengið næga kynningu og búið er að byggja upp innviði sem styðja við tekjuöflun. Þessar tekjur yrðu annars vegar í formi útsvars starfsmanna með lögheimili í hreppnum (sjá kafla 3.2.2) og hins vegar í formi fasteignagjalda af fasteignum sem byggjast upp í tengslum við friðlýsinguna, svo sem gestastofu, gistiaðstöðu o.s.frv. Þessar tekjur ætti að geta orðið árvissar um fjórsjóránlega framtíð, ólíkt skatttekjum á framkvæmdatíma virkjunar.

Uppbygging ferðaþjónustu er til þess fallin að efla byggðina og styrkja mannlíf í hreppnum (sjá einnig kafla 3.2.2). Fjölgun íbúa til lengri tíma er forsenda þess að samfélagið þrífist og að unnt sé að reka þar grunnþjónustu á borð við verslun og skóla. Þetta gerist ekki sjálfkrafa þótt sveitarsjóður sé sterkur.

Meginniðurstaða framangreinds er sú að friðlýsing Drangajökulsvíðerna hefði mun jákvæðari efnahagsleg áhrif á samfélagið til langs tíma en virkjun gæti mögulega haft. Hið gagnstæða gildir hins vegar að öllum líkindum um sveitarsjóð einan og sér, í það minnsta til skamms tíma.

## 3.2 Ferðaþjónusta og útivist

### 3.2.1 Núverandi staða

Allmargir ferðamenn heimsækja Árneshrepp yfir sumartímann og þaðan eru m.a. farnar gönguferðir og bátsferðir lengra norður á Strandir, allt til Hornstranda. Rögnvaldur Guðmundsson hjá Rannsóknnum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar hefur áætlað að um 20 þúsund ferðamenn hafi komið í Árneshrepp árið 2016.<sup>47</sup>

Sundlaugin að Krossnesi hefur mikið aðdráttarafl og eru gestir hennar nokkur þúsund þann hluta sumars sem gæsla er við laugina. Flestir ferðamenn eru dagsferðamenn í hreppinn en ferðamenn gista þó nokkuð í tjöldum og húsbílum og töluvert er um sumardvalargesti á eyðibýlum í hreppnum sem dvelja þar í lengri tíma. Hótel Djúpavík er í rekstri allt árið innst í Reykjarfirði, en Djúpavík er iðulega einangruð frá öðrum hlutum sveitarfélagsins á vetrum vegna erfiðra samgangna. Á sumrin er hins vegar einnig rekin ferðaþjónusta á nokkrum öðrum stöðum norðar í sveitarfélaginu, þ.e. í Trékyllisvík og í Norðurfirði þar sem mest byggðin er. Í Norðurfirði stendur skáli Ferðafélags Íslands.

Árneshreppur er, staðsetningar sinnar vegna, hlið að norðurströndum og austanverðum Hornströndum, en það svæði er í margra huga „paradís útivistarfólks“. Náttúra og saga svæðisins eru samofnar (sjá einnig kafla 3.4) og mynda þannig mjög sérstæða heild sem á sér fáar hliðstæður.

<sup>46</sup> Jón Þorvaldur Heiðarsson og Hjalti Jóhannesson, 2018.

<sup>47</sup> Rögnvaldur Guðmundsson, 2016.

### 3.2.2 Áhrif friðlýsingar

Í álitum Skipulagsstofnunar á umhverfismati Hvalárvirkjunar kemur fram að stofnunin telji líklegt að virkjunin hafi neikvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu þar sem upplifun ferðamanna komi til með að breytast á svæðinu. Ferðamálastofa hafi bent á að óbyggðir Íslands séu „mikilvæg auðlind fyrir íslenska ferðaþjónustu, bæði sem áfangastaður ferðamanna og sem ímynd Íslands. Með hliðsjón af þessu telur Skipulagsstofnun hægt að álykta að framkvæmdin sé líkleg til að hafa talsverð til veruleg neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist“. Fyrir liggir að ímynd Íslands sem áfangastaðar ferðamanna byggir „á miklu leyti á ósnortinni náttúru þar sem víðerni leika stórt hlutverk“. Þetta komi m.a. fram í könnunum Ferðamálastofu á ferðavenjum erlendra ferðamanna. Þar sé „náttúra Íslands langoftast nefnd sem ástæða fyrir því að ákvörðun var tekin um ferð til landsins og um helmingur tilgreinir að það sem laði helst að sé fegurð náttúrunnar, landslag, ósnortin náttúra og óbyggðir“ Hvalárvirkjun myndi hafa „áhrif á umfangsmikið svæði sem í dag er að langmestu leyti óraskað og mun ásýnd þess taka verulegum breytingum með tilkomu virkjunarinnar. Með tilkomu nýs vegar frá Norðurfirði í Ófeigsfjörð og vega upp á Ófeigsfjarðarheiði batnar aðgengi að þessum svæðum miðað við núverandi aðstæður en einkenni og yfirbragð svæðisins mun jafnframt verða annað“.<sup>48</sup>

Störf sem tengjast friðlýstum svæðum snúa ekki eingöngu að rekstri svæðisins. Friðlýsing stuðlar að fjölgun ferðamanna og þar með auknum umsvifum bæði í ferðaþjónustu og í öðrum greinum sem fólk tengir alla jafna ekki við ferðaþjónustu. Erlendar rannsóknir benda til að heimsóknum á vernduð svæði fari fjölgandi, enda gefur verndun til kynna að svæðið sé bæði mikilvægt og áhugavert. Á sama tíma er bæði æskilegt og sjálfsagt að umgengnisreglur ferðamanna um slík svæði séu í anda sjálfbærrar þróunar.<sup>49 50</sup>

Dæmi eru um verkefni þar sem víðerni hafa beinlínis verið markaðssett til tiltekinna hópa ferðamanna með það fyrir augum að nýta tekjur af heimsóknum slíkra hópa í uppbyggingu svæðanna um leið og verkefnið felur í sér mikla kynningu á svæðinu.<sup>51</sup> Eitt besta dæmið um þetta er svonefnd *Víðernavíka* í Finnlandi sem haldin hefur verið í samstarfi við ferðaskrifstofuna Exodus í Bretlandi.<sup>52</sup>

Í rannsókn sem Jukka Siltanen gerði sumarið 2018 í grennd við 12 náttúrufarslega sérstök svæði á Íslandi, þar af 10 friðlýst, kom fram að meðaleyðsla ferðamanna á viðkomandi svæði var um 10.000 krónur á sólarhring miðað við verðlag 2018. Skipting þessara útgjalda var mismunandi eftir svæðum, en að meðaltali var um 36% fjárhæðarinnar varið í gistingu, um 16% á kaffihúsum og veitingahúsum, um 16% í ferðir og afþreyingu og um 12% á bensínstöðvum. Aðrir helstu kostnaðarliðir ferðamanna voru flutningar, matvörur, minjagripir, önnur smásala og menning (í þessari röð).<sup>53</sup>

Tekjur tiltekins svæðis af ferðamönnum ráðast ekki einvörðungu af útgjöldum ferðamanna á staðnum (bein áhrif), heldur einnig af útgjöldum starfsmanna ferðaþjónustufyrirtækja og fyrirtækjanna sjálfra (óbein áhrif). Þegar lagt er mat á áhrif friðlýstra svæða á framleiðslu og atvinnu í næsta umhverfi þarf því að nota margföldunarstuðla til að áætla óbeinu áhrifin. Jafnan sem notuð er í þessu sambandi gæti litið svona út.<sup>54</sup>

<sup>48</sup> Skipulagsstofnun, 2017 (bls. 24).

<sup>49</sup> Balmford et al., 2009

<sup>50</sup> Stembark et al., 2018

<sup>51</sup> Zoltán Kun, 2012

<sup>52</sup> Exodus UK, 2018

<sup>53</sup> Hagfræðistofnun, 2018.

<sup>54</sup> Sama heimild.

**Efnahagsleg áhrif = Fjöldi ferðamanna x Meðalútgjöld á mann x Margfeldari óbeinna áhrifa**

Margföldunarstuðlarnir eru mismunandi eftir aðstæðum, en í umræddri rannsókn Jukka Siltanen var beitt varfærinni nálgun hvað það varðar til að forðast ofmat á óbeinu áhrifunum. Við úrvinnslu rannsóknarinnar voru notaðir margföldunarstuðlar á bilinu 1,15-1,30.<sup>55</sup>

Tölurnar sem nefndar eru hér að framan um meðaleyðslu ferðamanna eru takmarkaðar að því leyti að þær byggjast eingöngu á könnun sem var gerð að sumri til. Fyrri rannsóknir benda til að útgjöld vetrarferðamanna séu meiri, m.a. vegna þess að þeir sofa alla jafna ekki í tjöldum en velja þess í stað dýrari gistimöguleika. Þá nýta þeir einnig skipulagðar ferðir fremur en bílaleigubíla.<sup>56</sup> Tekjur af skipulögðum ferðum eru líklegri til að skila sér til nærsamfélagsins en tekjur af bílaleigubílum, þar sem flestar eða allar bílaleigur eru reknar af aðilum sem ekki eru með starfsemi á svæðinu.

Eins og nefnt er hér að framan hefur verið áætlað að um 20 þúsund ferðamenn hafi komið í Árneshrepp árið 2016.<sup>57</sup> Rannsóknir benda til að friðlýst svæði hafi verulegt aðdráttarafi og því má ætla að með friðlýsingu fjölgi ferðamönnum sem sækja hreppinn heim mun hraðar en ef ekkert væri að gert. Fjöldi íslenskra ferðamanna sveiflast talsvert milli ára eftir tíðarfari yfir sumarmánuðina, en undanfarin ár hefur erlendum ferðamönnum í hreppnum fjölgað ört og hlutfall þeirra af heildarfjöldanum hækkað.<sup>58</sup> Gera má ráð fyrir talsverðri fjölgun í báðum hópum vegna friðlýsingarinnar, en getum má að því leiða að erlendum ferðamönnum fjölgi hlutfallslega hraðar, umfram það sem annars hefði verið. Þessi breyting á samsetningu ferðamannahópsins stuðlar að meiri stöðugleika, þar sem ferðaákvæðanir erlendra ferðamanna eru teknar með lengri fyrirvara og ráðast síður af tíðarfari. Einnig er líklegt að dvalartími hvers ferðamanns lengist að meðaltali, þar sem eðli og umfang víðerna bjóða ekki upp á hraða yfirferð. Þegar gerðar eru áætlanir um tekjur af ferðamönnum nægir því ekki að áætla heildarfjölda þeirra, heldur þarf jafnframt að reyna að sjá fyrir hvernig hópurinn skiptist í „formgerðir“ (e. visitor categories) m.t.t. þjóðernis, dvalartíma, vals á gististöðum o.s.frv.

Reiknilíkanið sem Jukka Siltanen hefur beitt í útreikningum sínum, svonefnt MGM2-líkan (e. Money Generation Model) gefur kost á að spá fyrir um þau áhrif sem tiltekinn fjöldi ferðamanna af mismunandi „formgerðum“ hefur á veltu fyrirtækja, skatttekjur og fjölda starfa í nánasta umhverfi. Sé áætlaður fjöldi ferðamanna í Árneshreppi 2016 (20.000 gestir) settur inn í líkanið er niðurstaðan sú að á árinu 2016 hafi 10 manns haft atvinnu af því að taka á móti gestum þar, auk tveggja afleiddra starfa, þ.e. samtals 12 manns.<sup>59</sup> Í þessum útreikningum er gengið út frá því, að teknu tilliti til framboðs mismunandi gistirýmis í hreppnum, að 40% gestanna hafi verið Íslendingar sem ekki eru búsettir í hreppnum, 30% aðrir dagsferðamenn, 15% hótलगestir og 15% gestir á tjaldsvæðum, ferðabílum o.þ.h. og reiknað með dvalartíma frá 0,5 upp í 2 daga/nætur eftir „formgerðum“.

Fjöldi starfa samkvæmt framanskráðu virðist fljótt á litið ofáætlaður miðað við íbúafjölda og umsvif ferðþjónustufyrirtækja á staðnum. Samanburður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands á tölum úr MGM2-líkaninu við skattagögn og aðrar tiltækar upplýsingar um atvinnuumsvif bendir þó ekki til þess að MGM2-líkanið ofmeti fjölda starfa sem tengjast friðlýstum svæðum og eru í næsta nágrenni við

<sup>55</sup> Hagfræðistofnun, 2018.

<sup>56</sup> Sama heimild.

<sup>57</sup> Rögnvaldur Guðmundsson, 2016.

<sup>58</sup> Sama heimild.

<sup>59</sup> Jukka Siltanen. Óbirt reiknigögn, desember 2018.



þau.<sup>60</sup> Niðurstaða líkansins hvað Árneshrepp varðar skýrist væntanlega af því að margir sem sinna ferðamönnum á svæðinu eigi lögheimili annars staðar.

Ef friðlýsing Drangajökulsvíðerna leiðir til tvöföldunar á fjölda ferðamanna innan tiltekins árafjölda, þá ættu samkvæmt reiknilíkaninu að hafa skapast u.þ.b. 12 ný störf í lok þess tímabils. Ef dvalartími gesta lengist og útgjöld hvers og eins aukast geta áhrifin orðið þau sömu þótt fjölgunin sé mun minni. Það kann hins vegar að vera talsverð áskorun að sjá til þess að umrædd störf verði unnin af heimamönnum þannig að ávinningur samfélagsins verði sem mestur. Ýmsir þættir geta haft áhrif á það, m.a. stefnumótun stjórnvalda, bæði heima fyrir og á landsvísu.

Þegar á heildina er litið eru líkur á að friðlýsing Drangajökuls hafi veruleg jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist á svæðinu. Enn fremur er líklegt að þessi áhrif fari vaxandi eftir því sem tíminn líður og stuðli að viðhaldi byggðar og samfélags til lengri tíma (sjá einnig kafla 3.1.2).

### 3.3 Landslag og víðerni

#### 3.3.1 Núverandi staða

Í þessum kafla er einkum fjallað um landslag og víðerni á Ófeigsfjarðarheiði. Þau víðerni sem lagt er til að friðlýst verði ná yfir stærra svæði, en heiðin er að flestu leyti dæmigerð fyrir svæðið í heild hvað þetta varðar.

Landslagið á Ófeigsfjarðarheiði er fremur einsleitt og einkennist af hrjóstrugum holtum og fjölda vatna. Heiðin er fremur gróðursnauð, en þó nokkuð af vel grónum lautum inn á milli og meðfram ám og lækjum þar sem raki er nægur. Heiðin er flatlend og fátt um kennileiti. Neðan brúna er yfirbragðið allt annað með bröttum hlíðum og fjölda fossa.

Stór hluti Ófeigsfjarðarheiðar telst óbyggð víðerni skv. skilgreiningu náttúruverndarlaga. Eins og áður sagði eru óbyggð víðerni skilgreind í 19. tölulið 5. gr. laganna sem „[s]væði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum“. Á Ófeigsfjarðarheiði má greina vörður og slóða, en engin núverandi mannvirki á heiðinni eru þess eðlis að þau skerði víðernin sem þar eru. Hins vegar kann að vera álitamál hversu langt víðernin ná í átt til sjávar að austan og vestan þar sem kortlagning víðernanna á heiðinni hefur ekki farið fram og í einhverju tilvikum kann að orka tvímælis við hvaða mannvirki og önnur tæknileg ummerki skuli miða fimm kílómetra markalínuna. Þannig má telja ólíklegt að gamall hlaðinn stekkur úr grjóti geti talist truflun í skilningi laganna en mörk óbyggðra víðerna hljóta hins vegar að liggja a.m.k. fimm kílómetra frá uppbyggðum vegum, raflinum og byggingum úr steini og gleri, svo dæmi séu tekin. Vegna þeirrar óvissu sem hér hefur verið lýst er illmögulegt að draga upp endanlega markalínu umræddrar friðlýsingar á Ófeigsfjarðarheiði svo lengi sem víðernin hafa ekki verið kortlögð með formlegum hætti af opinberum aðilum. Til að gefa sem gleggsta mynd af líklegum útlinum hefur Environice látið útbúa kort (sjá Mynd 1) sem byggt er á framangreindri forskrift náttúruverndarlaga, en hefur eðli málsins samkvæmt ekki fengið formlegt samþykki yfirvalda.

Hvar sem útlínur óbyggðra víðerna á umræddu svæði liggja er ljóst að Ófeigsfjarðarheiði er hluti af stærsta samfellda óbyggða víðerni Vestfjarða, sem nær frá Steingrímsfjarðarheiði í suðri norður að

<sup>60</sup> Hagfræðistofnun, 2018.

Hornbjargi. Jafnframt er ljóst að óbyggðum víðernum fer fækkandi<sup>61</sup> og því má ætla að verndargildi hvers þeirra um sig fari vaxandi.

### 3.3.2 Áhrif friðlýsingar

Tilgangur friðlýsingar víðernanna við Drangajökul er eðli málsins samkvæmt að varðveita einkenni svæðisins, þ.m.t. að „viðhalda fjölbreyttu og óvenjulegu landslagi, víðsýni og/eða vernda heildstæð stór vistkerfi, og tryggja að núlifandi og komandi kynslóðir geti notið þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja“, eins og það er orðað í 46. gr. náttúruverndarlaga. Þetta felur í sér að friðlýsingin hefur jákvæð áhrif á landslag og víðerni, jafnvel þótt miðað sé við núllkost, þ.e.a.s. það ástand sem þróast myndi ef ekki kæmi til friðlýsingar. Með friðlýsingunni er komið í veg fyrir að víðernunum sé raskað, sem annars myndi hugsanlega gerast vegna annarra framkvæmda eða athafna á svæðinu eða í jöðrum þess.

## 3.4 Menningarminjar

Menningarminjar eru skilgreindar svo í lögum nr. 80/2012 um menningarminjar: „Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar“.

### 3.4.1 Núverandi staða

Talsvert hefur verið unnið að skráningu fornleifa á því svæði sem hér er fjallað um sem Drangajökulsvíðerni. Má þar nefna fornleifaskráningu í Kaldrananeshreppi 2002,<sup>62</sup> skráningu á fornleifum frá Gjögri til Ingólfsfjarðar 2003<sup>63</sup> og skráningu á fornleifum frá Kolbeinsvík til Kjörvogss og frá Seljanesi til Skjaldbjarnarvíkur 2005,<sup>64</sup> auk skráninga sem unnar voru vegna Hvalárvirkjunar<sup>65</sup> og Austurgilsvirkjunar 2016.<sup>66</sup>

Í framangreindum skýrslum kemur fram að ekki er mikið um áþreifanlegar menningarminjar á svæðinu sem um ræðir, en hins vegar eru víðernin og heiðarnar hluti af einstakri búsetusögu á Ströndum og á Vestfjörðum í heild. Því þarf að taka mið af miklu stærra svæði en því sem var til skoðunar í umhverfismati Hvalárvirkjunar, sem einskorðaðist að mestu við sjálft virkjunarsvæðið. Framkvæmdir við virkjunina myndu hafa veruleg áhrif á minjar og menningarsögu á öllu svæðinu úr Trékyllisvík og norður í Ófeigsfjörð og jafnvel lengra, allt til Dranga eða Skjaldabjarnarvíkur, en það svæði er mjög ríkt af merkilegum minjum. Í skráningu Fornleifastofnunar Íslands<sup>67 68</sup> er tilgreindur fjöldi fornleifa á þeim bæjum sem næstir eru framkvæmdasvæðinu og veglínu þangað, þ.e.: Melar 19, Eyri 21, Ingólfsfjörður 20, Seljanes 26 og Ófeigsfjörður 84. Á listanum eru einnig Drangavík 35, Drangar 68 og Skjaldabjarnarvík 50, sem eru fjær framkvæmdasvæðinu en samt hluti af heildaraðdráttarflí þess. Þurft hefði að kanna meira af skráðum fornleifum við umhverfismatið vegna þess að mikið rask verður vegna framkvæmdanna, einkum þó vegna lagningar vegar úr Trékyllisvík um Ingólfsfjörð og á framkvæmdasvæðið í Ófeigsfirði. Vegarlagning hefur ótvíræð áhrif á fornleifar á þessari leið eins og

<sup>61</sup> Aðalheiður Jóhannsdóttir, 2016.

<sup>62</sup> Ragnar Edvardsson, 2002

<sup>63</sup> Birna Lárusdóttir o.fl., 2003

<sup>64</sup> Birna Lárusdóttir o.fl., 2005

<sup>65</sup> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2016

<sup>66</sup> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2016b

<sup>67</sup> Fornleifastofnun Íslands, 2003

<sup>68</sup> Fornleifastofnun Íslands, 2005

tíundað er í skrárnáttúrustofnunar Íslands. Samtals eru 11 minjar sagðar vera í hættu vegna vegarins. Minjastofnun gerði athugasemdir við mun fleiri staði sem fram koma í álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar.<sup>69</sup>

Rétt er að undirstrika að menningarminjar eru annað og meira en óljósar rústir og tóttir í landslaginu. Þegar þær hafa verið rannsakaðar og tengdar við opinberar ritheimildir og lifandi og fjölbreyttan sagnaarf verður öll sagan eins og opin bók og fortíðin verður ljóslifandi. Í Árneshreppi er hægt er að tengja heimildir og sagnafróðleik við drjúgan hluta af þeim minjum sem þegar hafa verið skráðar. Forsmekk að slíku getur að líta í Árbókum Ferðafélags Íslands 1994<sup>70</sup> og 2000.<sup>71</sup> Vísindamenn á sviði fornleifafræði og umhverfishugvísinda hafa mikinn hug á að hefja þar margvíslegar rannsóknir á búsetu og lífsháttum í gegnum söguna og slíkar rannsóknir geta stutt við menningar- og þekkingarferðamennsku á öllu svæðinu. Friðlýsing Drangajökulsvíðerna myndi ýta undir áhugann og opna ýmis ófyrirséð tækifæri. Í raun má tala um samfelld og einstakt menningarminjasvæði um alla norðan- og austanverða Vestfirði, Jökulfirði, Hornstrandir og norðurhluta Stranda. Þau svæði eru öll komin í eyði nema Árneshreppur og af þeim sökum er margföld ástæða til að halda honum í byggð sem anddyri að þessu óbyggða svæði. Árneshreppur er þannig lykilsvæði til að halda lifandi tengingu við þau svæði sem nú eru komin í eyði. Þetta er í raun undirstrikað með einstökum hætti í *Lifandilíflæk*, nýrri skáldsögu Bergsveins Birgissonar, þar sem „siðmenningin“ í líki upplýsingarmanns fikrar sig æ lengra inn á hið töfrum slungna svæði sem var svo gjörólíkt því sem hann þekkti en bjó yfir dulmagni sem hann hafði ekki óráð fyrir.<sup>72</sup> Virkjunarframkvæmdir myndu spilla verulega minjaásýnd svæðisins og draga úr áhuga vísindamanna og ferðamanna á að skoða þessar slóðir.

Í „vettvangsrannsókn á áhrifasvæðum framkvæmda“ við Hvalárvirkjun sem Náttúrustofa Vestfjarða gerði fyrir Vesturverk eru einungis taldar upp átta vörður á leiðinni yfir Ófeigsfjarðarheiði.<sup>73</sup> Fjórar þeirra eru í hættu eða hverfa vegna framkvæmdanna. Þarna er beitt afar þröngri nálgun, þar sem skýrslan fjallar ekki einu sinni um hina gömlu þjóðleið sem hlýtur þó samkvæmt skilgreiningu laganna að teljast til fornleifa eða menningarminja. Hún mun fara undir vatn að hluta og hverfa eins og vörðurnar fjórar. Þessi forna þjóðleið yfir heiðina tengdi saman hluta Vestfjarðakjálkans og hefur því ótvírætt menningarsögulegt gildi sem órjúfandi hluti af fyrrgreindri menningarheild norðan- og austanverðra Vestfjarða.

### 3.4.2 Áhrif friðlýsingar

Almennt talað er ekki mikið um menningarminjar á óbyggðum víðernum. Hins vegar er Ófeigsfjarðarheiðin gamla þjóðleiðin frá Ófeigsfirði yfir í Hraundal við Ísafjarðardjúp og sem slík geymir hún bæði sögu og sýnilegar minjar. Verði svæðið friðlýst myndu menningarminjar á svæðinu einnig hljóta vernd, ekki aðeins á heiðinni sjálfri, heldur einnig fjölmargar áþreifanlegar og óáþreifanlegar minjar sem eru hluti af samfelldri og einstakri menningarheild norðan- og austanverðra Vestfjarða. Friðlýsingin svæðisins hefur því einhver jákvæð áhrif á menningarminjar, en kemur jafnframt í veg fyrir óafturkræfa röskun og eyðingu tækifæra sem liggja í þessari heild. Friðlýsing mundi auk þess styðja við möguleika á rannsóknarverkefnum, öflugri ferðabjónustu og jafnvel nýskapandi starfsemi með sjálfbærri nýtingu auðlinda í bland við ferðabjónustu og hefðbundnar atvinnugreinar.

<sup>69</sup> Skipulagsstofnun, 2017 (bls. 16-17).

<sup>70</sup> Guðrún Ása Grímsdóttir, 1994.

<sup>71</sup> Haukur Jóhannesson, 2000 (bls. 45-117).

<sup>72</sup> Bergsveinn Birgisson, 2018.

<sup>73</sup> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, 2016.

## 3.5 Jarðminjar

### 3.5.1 Núverandi staða

Fáar rannsóknir eru til um jarðfræði þess svæðis sem hér um ræðir, og raunar hefur furðu fátt verið ritað um jarðfræði Vestfjarða og Stranda í heild sinni. Haukur Jóhannesson hefur ritað einna mest um jarðfræði Ófeigsfjarðar og Árneshrepps.<sup>74 75</sup>

#### 3.5.1.1 Jarðfræði Vestfjarða

Jarðfræði Vestfjarða er afar áhugaverð, þótt ekki sé hún jafnlifandi og kvik og víða annars staðar á landinu. Á Vestfjörðum má finna elsta berg landsins og kannski má segja að jarðfræði svæðisins sé virðuleg í samræmi við aldurinn. Fyrir 10-15 milljónum ára voru Vestfirðir eldvirkt svæði þegar rek- og gosbelti Íslands lá þar, og á þeim tíma myndaðist hraunlagastaflinn sem kemur fram í lagskiptum hlíðum Vestfjarðafjalla. Vegna gliðnunar jarðskorpuflekanna út frá miðju landsins og færslu rek- og gosbeltisins hefur hins vegar ekki gosið á Vestfjarðakjálkanum í u.þ.b. 8 milljónir ára og lítið er um jarðhræringar, þótt örliðlar skjálftahrinur eigi sér þar stað við og við. Þrátt fyrir að Vestfirðir séu taldir „kaldir“ í þeirri merkingu að þar sé lítil gos- og jarðskjálftavirkni, þá er töluverðan jarðhita þar víða að finna og sprungur og misgengi virðast víða hafa hreyfst nýlega á jarðsögulegum tímakvarða.<sup>76</sup>

Landslag Vestfjarða einkennist að mestu af djúpum fjörðum og dölum, með afar takmarkað undirlendi upp af sjónum. Þetta er einkennandi fyrir land sem er nánast einvörðungu mótað af skriðjökum ísaldar, enda hafa jöklar farið yfir Vestfjarðakjálkan á síðustu ármilljónum og skafið út firði og dali. Þótt segja megi að Ísland sé mestallt á einhvern hátt mótað af jökum ísaldar þá var berggrunnur Vestfjarða fullmyndaður löngu áður en ísöldin gekk í garð fyrir um 2,5-3 milljónum ára, öfugt við t.d. miðbik Íslands sem hlaðist hefur upp í nokkurs konar sambýli við jökla ísaldar. Myndunarsaga Vestfjarða er því að miklu leyti önnur en þess hluta Íslands sem orðið hefur til síðustu ármilljónir.

Þar sem núverandi landslag Vestfjarða er mótað af jökulrofi ísaldar þá leit landshlutinn allt öðruvísi út áður en ísöldin gekk í garð. Fyrir ísöldina var berggrunnur Vestfjarða að mestu flatlendur, hlaðinn upp í endurteknum hraungosum á rekbeltinu, sem nú sér merki í stöllóttum hraunlögum Vestfjarðakjálkans. Mikilvirkustu roföflin voru vatnsföllin og sjávaraldan og sums staðar hefur mátt finna grunna dali, sem ár og fljót hafa náð að grafa á löngum tíma ofan í hraunlagastaflann. Vestfirðir hafa því ef til vill lítið svipað út og Reykjanesið lítur út núna, með flatar og víðáttumiklar hraunbreiður, sem runnið hafa hver yfir aðra. Á milli þess sem hraunin runnu lagðist járnrikur og frjósamur eldfjallajarðvegur yfir hraunin, en síðar meir hefur sá jarðvegur harðnað og ummyndast yfir í rauð setlög (rauðalög), sem glittir í á milli hraunlaga í fjöllum landshlutans. Víða á Vestfjörðum má finna forna plöntusteingervinga í þessum rauðalögum, sem bera merki um hlýrra loftslag þess tíma.<sup>77</sup> Öfugt við Reykjanesið, þar sem fjölbreytileg móbergsfjöll standa upp úr hraunbreiðunum, voru hins vegar fá háreist fjöll á Vestfjörðum á myndunartíma þeirra. Þar sem ísöldin var ekki enn gengin í garð voru óvíða aðstæður til myndunar móbergsfjalla, sem myndast við samspil eldvirkni og vatns eða jökla. Langflest eldgosin voru á þurru landi og vegna flatneskjunnar hafa hraunin almennt runnið mun lengra en þau gera nú. Einu háreistu fjöllin hafa verið eldkeilur og aðrar megineldstöðvar, sem gnæft hafa yfir flatt landið umhverfis. Með komu ísaldarinnar tóku hins vegar jöklar að grafa sig ofan í hraunlagastaflann. Enn sjást þó merki hinnar fornu hraunasléttu Vestfjarða víða í flötum fjallstoppum landshlutans.

<sup>74</sup> Haukur Jóhannesson, 2006a.

<sup>75</sup> Haukur Jóhannesson, 2006b.

<sup>76</sup> Snæbjörn Guðmundsson, 2015.

<sup>77</sup> Sama heimild.

Eitt meginéinkenni gliðunar- og gosbelta, eins og þess sem liggur um miðbik Íslands, er að upphleðslan í miðju landsins fergir jarðlagastaflann samhliða uppbyggingu hans. Með öðrum orðum, ný hraunlög leggjast á eldri lög og þrýsta þeim niður í jarðskorpuna, en þetta veldur því að eldri hraunlögin taka að halla undir þau yngri. Hallinn á jarðlögum er þannig alltaf inn að miðju rek- og gosbeltisins á hverjum tíma og helst hallinn á hraunlögum jafnvel þótt þau reki út af hinu virka rekbelti í miðju landsins. Þetta má sjá mjög greinilega í hraunlagastafla Vestfjarða, sem hallar jafnan til suðausturs eða austurs, í átt að miðju landsins þar sem rekbeltið liggur nú.

Sjálfur berggrunnur Vestfjarða er að mestu leyti úr basalti (áður fyrr var yfirleitt talað um blágrýti, sem er sama bergtegund) sem hlaðist hefur upp í hraungosum fyrir um 10-15 milljónum ára. Inn á milli basaltsins má finna súrar bergtegundir, líparít og skylt berg, sem myndast hefur í kjörnum megineldstöðva landshlutans. Basaltið er víða flögótt og gjarnan mjög frostsprungið og kubbað vegna veðrunar. Þegar rekbeltið lá um landshlutann í fyrndinni hefur verið þar mikill jarðhiti og bergið þétt af holufyllingum í jörðinni. Vegna síðara tíma rofs hefur berg, sem áður lá djúpt í jörðu, lyfst upp að yfirborði og koma þá holufyllingarnar í ljós. Er þar gjarnan um að ræða ýmiss konar geislasteina (zeólíta), en vegna þess hve langt Vestfirðir eru frá jökلاميðju landsins hefur rof ísaldarjökulsins ekki verið jafnmikið og djúpt eins og á Austfjörðum þar sem grafist hefur miklu meira ofan af upphaflegu yfirborði hins forna hraunlagastafla. Holufyllingar á Vestfjörðum eru því ekki jafntilkomumiklar og víða annars staðar en steingervingalög hins vegar þeim mun umfangsmeiri.

Sprungur eru áberandi í hraunlagastaflanum. Þær hafa flestar myndast sem misgengi og gangar í sprungusveimum tengdum hinum fornu megineldstöðvum landshlutans á myndunartíma hans og liggja þá gjarnan samsíða rekbeltinu, með stefnu frá suðvestri til norðausturs eða suðri til norðurs en nokkuð algengt er þó að sjá mismunandi sprungustefnur í berggrunninum á hverjum stað. Haukur Jóhannesson hefur á síðustu árum skoðað sprungur og misgengi á Vestfjörðum í tengslum við yfirborðsjarðhita, sem óvíða á Íslandi er jafnmikill og á Vestfjörðum.<sup>78</sup> Haukur telur að jarðhitinn sé tengdur nokkrum mismunandi sprungukerfum, sem hafa að miklu leyti aðra stefnu og eru þannig ótengd sprungusveimum hinna fornu megineldstöðva. Líklegt er að þessi misgengi tengd jarðhitnum séu ung þar sem þau virðast víða lítt rofin af jökulum ísaldar. Bendir það til þess að Vestfirðir séu hreint ekki jafn „kaldir“ jarðfræðilega séð og áður var talið og benda efnagreiningar til þess að jarðhitinn sé af völdum kólnandi kvikuinnskota tiltölulega grunnt í jarðskorpunni.

### 3.5.1.2 Jarðfræði Stranda og Ófeigsfjarðarheiðar

Sem fyrr segir stóð upphleðsla berggrunns Vestfjarðakjálkans yfir fyrir um 10-15 milljónum ára þegar rek- og gosbelti Mið-Atlantshafshryggjarins lá um landsvæðið. Elsta bergið finnst á ystu annesjum vestast en bergið verður yngra eftir því sem austar og sunnar dregur í átt að núverandi gosbeltum. Þannig er berggrunnur Stranda um 10-13 milljóna ára gamall, hlaðinn upp í hraungosum innan eldstöðvakerfa tveggja megineldstöðva svæðisins. Er þar um að ræða annars vegar megineldstöð kennda við Jökulfirði, en leifar hennar hverfast um botn Hrafnfjarðar norðan við Drangajökul, og hins vegar eldstöð sem liggur upp af Trékyllisvík, stundum einnig kennd við Árnes. Eldstöðin upp af Trékyllisvík er um 12 milljón ára gömul en Jökulfjarðarstöðin nokkuð eldri.

Berggrunnur Ófeigsfjarðar og víðernanna upp af honum er yfir 12 milljón ára gamall, eldri en megineldstöðin í Trékyllisvík sem liggur því ofar í jarðlagastaflanum en hraunlög Ófeigsfjarðar. Jarðlögin á þessu svæði halla lítilla til austurs, um 4-8°, í átt að hinu forna rekbelti sem kennt er við Snæfellsnes og Húnaflóa og var virkt fyrir um 6-15 milljónum ára. Út frá megineldstöðinni í Trékyllisvík

<sup>78</sup> Haukur Jóhannesson, 2009.

liggur forn sprungurein, með sprungustefnu (strik jarðlaga) í N-S og liggja þykkir berggangar í norður út frá eldstöðinni. Haukur Jóhannesson skrifaði um jarðfræði Ófeigsfjarðar og víðernanna þar upp af og benti hann á að sjá megi mikið og öflugt brotakerfi á svæðinu norður af Steingrímsfirði.<sup>79</sup> Vegna umfangs geti það vart átt uppruna sinn í fornum sprungusveimum megineldstöðva svæðisins. Þarna sé því líklega um svipað sprungukerfi að ræða og sést nú í Suðurlandsskjálftabeltinu en einnig hinu forna skjálftabelti Borgarfjarðar, en um bæði þau svæði liggja sniðgengi, eins konar tengisvæði á milli núverandi og fornra rekbelta landsins. Ofan á þessa flóknu mynd brotakerfisins telur Haukur að sjá megi býsna fersk misgengi sem teygi sig yfir dali upp á fjallsbrúnir og hljóti þau að vera mjög ung á jarðfræðilegan mælikvarða Vestfjarða, hafi jafnvel hreyfst eftir að jökla síðasta jökulskeiðs leysti. Sé það raunin bendir það til þess að svæðið sé virkara en áður hefur verið talið. Sé litið til þessara atriða og að jarðskjálftahrinur hafa orðið á Ströndum, síðast árið 2006, telur Haukur að jafnvel megi búast þarna við jarðskjálftum allt að sex að stærð.

Jarðhiti finnst víða á Ströndum og hefur Haukur Jóhannesson kortlagt sérstaklega jarðhitann í Árneshreppi.<sup>80</sup> Þar kemur fram að jarðhiti sé nokkuð algengur í Ófeigsfirði og á víðernunum upp af honum. Jarðhitinn er alls staðar á þessu svæði tengdur ungum sprungum með stefnu N-S. Þar má víða finna laugar, meðal annars í og við farveg Hvalár, og er vatnsmagn í þeim töluvert. Hitastig er þó fremur lágt en mest um 35°C í laug nokkru upp af ármótum Rjúkandi og Krossár.

Vegna þess hve undirlendi er lítið á Vestfjörðum er óvíða hægt um vik að skoða hraunlagastaflann nema utan í hlíðum fjalla. Aðgengi að þeirri jarðsögu sem hraunlagastaflinn segir frá er því víðast lélegt en landið upp af Ófeigsfirði er aftur á móti tiltölulega slétt og auðfarið svo auðvelt er að skoða jarðsöguna á þessu svæði í samanburði við marga aðra hluta Vestfjarðakjálkans. Þótt víðerni Ófeigsfjarðarheiðar og nágrennis séu ekki hluti af hinu eldvirka svæði landsins má finna ummerki allra helstu jarðfræðiferla í uppbyggingu og rofi Íslands á þessu svæði. Berggrunnurinn er byggður upp af hinum hallandi jarðlagastafla Vestfjarðakjálkans, með þunnum rauðum millilögum, sem eru leifar forns eldfjallajarðvegs, og ýmsum áberandi einkennum eldvirkinnar svo sem eldrauðum kargalögum, sprungum og berggöngum. Ummerki ísaldarjökulsins, sem er virkasta rofafið hér á landi, eru einnig áberandi, bæði í dalverpum, dölum og fjörðum en einnig hefur jökullinn lagt af sér jökulgarða þótt umfangslitlir séu á þessum slóðum. Niðri á láglandi, litlu ofan við sjávarmál má finna malarhjalla sem bera vitni hærrí sjávarstöðu við landið í lok síðasta jökulskeiðs fyrir um 11-12 þúsund árum.

Efri hluti víðernanna sem kennd eru við Ófeigsfjarðarheiði einkennast af lágum holtum og hæðum, með jökulsorfnum klöppum og gróðurlitlum lautum inn á milli. Hálendið er þarna alsett vötnum sem fæða af sér læki og ár niður á láglandið. Áberandi er hve mikið af vatnsföllum sem falla niður í Ófeigsfjörð renna eftir sprungum í brotnum berggrunni svæðisins. Farvegir eru þannig einkennilega beinir, oft með skörpum beygjum þar sem sprungur mætast. Fall vatnsfalla ofan af hálendisbrúninni niður að sjávarmáli er töluvert og er því mikið um fossa á svæðinu. Þeir falla margir í þrepum eftir stöllóttu landslaginu og eru þannig mótaðir af hraunlagastaflanum. Má í raun tiltaka þetta sem eitt einkenna vatnsfalla á Vestfjörðum. Dynjandi í Arnarfirði er líklegast þekktastur slíkra stöllótttra fossa en margir fossar í vatnsföllum Ófeigsfjarðar eru ekki síður tilkomumiklir.

### 3.5.2 Áhrif friðlýsingar

Innan víðerna þess svæðis sem um ræðir eru fá dæmi um viðkvæmar jarðminjar sem gætu raskast við friðlýsingu svæðisins. Einna helst má nefna laugar og þarf því að huga að umgengni við þær og að ekki

<sup>79</sup> Haukur Jóhannesson, 2006a.

<sup>80</sup> Haukur Jóhannesson, 2006b.



sé hróflað við þeim. Aðrar jarðminjar sem einkenna svæðið og veita því verndargildi sitt, svo sem hraunlög, sprungur og berggangar, ummerki um jökulrof, árfarvegir og fossar, eru þannig að umfangi að þeim stafar engin hættu af umgengni gangandi eða ríðandi fólks um svæðið. Friðlýsing mun því ekki hafa neikvæð áhrif á jarðfræði svæðisins utan við mögulegt rask á laugum en tryggja hins vegar að jarðfræðileg umgjörð svæðisins fái áfram að þróast á náttúrulegan hátt.

## 3.6 Vatnafar

### 3.6.1 Núverandi staða

Á Ófeigsfjarðarheiði eru allmörg stöðuvötn og tjarnir. Suður og austur af Drangajökli má m.a. nefna Kringluvatn, Fremra- og Neðra-Drangavíkurvatn, Efra- og Neðra-Eyvindarfjarðarvatn, Efra- og Neðra-Hvalárvatn og Nyrðra- og Syðra-Vatnalautarvatn. Vestan sveitarfélagamarka á heiðinni eru m.a. Borgartjörn og Rauðanúpsvatn upp af Hraundal og Vondadalsvatn upp af Skjaldfannadal. Öll þessi vötn njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Samkvæmt vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands flokkast vötnin á Ófeigsfjarðarheiði undir vistgerðina *Kransþörungavötn á hálendi*. Þessi vistgerð hefur miðlungs verndargildi en er á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.<sup>81</sup>

Úr vötnunum á Ófeigsfjarðarheiði falla ár til sjávar, bæði til austurs og vesturs. Vatn úr Kringluvatni rennur þannig til norðurs og norðausturs niður Meyjará sunnan við Bjarnarfjörð nyrðri, úr Drangavíkurvötnum rennur Drangavíkurá niður í Drangavík. Eyvindarfjarðará sækir vatn úr Eyvindarfjarðarvötnum og mörgum öðrum vötnum og tjörnum lengst inni á heiðinni. Hvalá á upptök ofan við Nyrðra-Vatnalautavatn og rennur þaðan í gegnum vatnið og í gegnum Neðra-Hvalárvatn til sjávar í Ófeigsfirði, auk þess sem í ána renna lækir úr mörgum minni vötnum og tjörnum. Áin Rjúkandi fær vatn alla leið vestan úr Rauðanúpsvatni, auk margra minni vatna sem bætast við á leiðinni þangað til Rjúkandi sameinast Hvalá neðan brúnar í Ófeigsfirði - og svo mætti lengi telja.

### 3.6.2 Áhrif friðlýsingar

Friðlýsing víðerna á og við Ófeigsfjarðarheiði hefur engin áhrif á vatnafar á heiðinni. Hins vegar ætti friðlýsingin að tryggja að vatnafar breytist ekki vegna athafna manna og að það fái að þróast áfram á náttúrulegan hátt.

## 3.7 Dýralíf

### 3.7.1 Núverandi staða

Ófeigsfjarðarheiði er ekki auðug af dýralífi en þar má þó finna eitthvað af fuglum, spendýrum og fiskum, auk skordýra og annarra smádýra.

Upplýsingar um fuglalíf á Ófeigsfjarðarheiði eru af skornum skammti. Engar rannsóknir virðast hafa verið gerðar á heiðinni sjálfri ef frá er talin talning úr flugvél sumarið 2015 í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Hvalárvirkjunar.<sup>82</sup> Í þeirri ferð sáust engir fuglar á heiðinni að frátöldum nokkrum ógreindum vaðfuglum, líklega sendlingum. Í skýrslu um ferðina kemur fram að búast megi við að þar verpi „einnig snjótittlingar þar sem gróið er við vötn og tjarnir og smádýra helst að vænta“.<sup>83</sup> Af staðháttum og gróðurfari má annars ráða að þarna sé helst að finna einhverjar tegundir spörfugla.

<sup>81</sup> Skipulagsstofnun, 2017.

<sup>82</sup> Verkís, 2016.

<sup>83</sup> Verkís, 2016.

Sumarið 2017 voru fuglar taldir á hluta af áhrifasvæði Hvalárvirkjunar. Af skýrslu um þá talningu má ráða að hún hafi ekki náð til þess hluta svæðisins sem liggur ofan 200 m hæðarlínu.<sup>84</sup>

Vísbendingar eru um að snæugla verpi á Ströndum. Hún hefur sést þar af og til síðustu áratugi<sup>85</sup> og frá árinu 2008 hafa eitt til tvö hreiður fundist á Vestfjörðum árlega.<sup>86</sup> Heiðar Stranda eru ekki ólíklegur varpstaður, en snæuglan velur sér hreiðurstæði á berangri ofan skógarlínu þar sem vítt er til allra átta og auðvelt að sjá bráð eða óvini.<sup>87</sup> Talið er að innan við 50 kynþroska snæuglur haldi til hérlendis.<sup>88</sup>

Rannsóknir benda til að staðbundinn bleikjustofn sé á svæðinu. Bleikja finnst í nokkrum mæli í vötnum á Ófeigsfjarðarheiði, en vatnalíf er annars fábreytt, smádyr fá og fæðuframboð þar af leiðandi lítið.<sup>89</sup>

Í skýrslu um vatnalíf á Ófeigsfjarðarheiði sem unnin var fyrir Vesturverk vegna mats á umhverfisáhrifum Hvalárvirkjunar kemur fram að rafveiði hafi verið reynd í Hvalá og Eyvindarfjarðará og neðst í Húsá til samanburðar í rannsóknarskyni. Hvalárfoss er ekki talinn fiskgengur og varð ekki vart við fisk ofan hans en neðan fossins veiddust bleikjuseiði, sem bendir til að þar eigi hrygning sér stað og hið sama á við um Húsá. Við þessar rannsóknir varð bilun í búnaði sem kom í veg fyrir rannsóknir í Eyvindarfjarðará en heimildir munu vera um laxfiska í ánni. Eyvindarfjarðará er hluti af Drangajökulsvíðerninu alla leið frá upptökum að ósi. Í skýrslunni var dregið fram mikilvægi þess að lágmarksrennsli yrði haldið í öllum framangreindum ám ef viðhalda ætti tilvist bleikjustofnanna.<sup>90</sup>

Sumarið 2017 voru gerðar frekari rannsóknir í ám og vötnum á Ófeigsfjarðarheiði. Helstu niðurstöður voru þær að lífríki í vötnunum á heiðinni teldist fábrotið, tegundir og hópar hryggleysingja fáir og þéttleiki þeirra lágur. Vötnin röðuðu sér almennt í neðstu sæti í samanburði við önnur vötn á Íslandi hvað fjölda tegunda og þéttleika smádyra varðaði. Tegundirnar eru allar vel þekktar og finnast í ýmiss konar vatnakerfum.<sup>91</sup>

Skipulagsstofnun taldi í áliti sínu að óvissa væri um áhrif Hvalárvirkjunar á laxfiska í Eyvindarfjarðará, „þótt að fyrir liggja að aðstæður séu þar fremur óhagstæðar laxfiskum vegna lítills hita og lágrar rafleiðni. Í Eyvindarfjarðará, Rjúkanda og Hvalá verða stórir kaflar ánnar að mestu þurrir hluta ársins og meðalrennsli Eyvindarfjarðarár þriðjungur náttúrulegs rennslis. Áhrif þurrs farvegs á kafla og rennslisminnkunar í meiri hluta ársinnar á lífríki verða að öllum líkindum nokkuð neikvæð“.<sup>92</sup>

Refir eru algengir á Ströndum og því er væntanlega eitthvað um refi á Ófeigsfjarðarheiði. Fyrirliggjandi heimildir um þetta voru ekki rýndar við gerð þessarar skýrslu, en vegna lítills fæðuframboðs er ólíklegt að heiðin sé kjörlendi refa. Sama gildir um minka, en væntanlega þrífast einhverjar hagamýs á svæðinu.

<sup>84</sup> Arnór Þ. Sigfússon, 2018.

<sup>85</sup> Vísir, 2005.

<sup>86</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, 2019.

<sup>87</sup> Jón Már Halldórsson, 2007.

<sup>88</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, 2019.

<sup>89</sup> Christian Gallo *et. al.*, 2016.

<sup>90</sup> Sama heimild.

<sup>91</sup> Finnur Ingimarsson o.fl., 2017.

<sup>92</sup> Skipulagsstofnun, 2017.

### 3.7.2 Áhrif friðlýsingar

Dýralíf á Ófeigsfjarðarheiði er hvorki fjölbreytt né sérlega viðkvæmt fyrir umferð og því er ólíklegt að friðlýsing hafi veruleg áhrif á það, samanborið við óbreytt ástand og líklega þróun. Bætt aðgengi og aukin umferð við vötn á svæðinu gæti hugsanlega leitt til aukinnar veiði í vötnum, en líklega er fæðuframboð þar takmarkandi þáttur miklu frekar en veiðiálagið. Af sömu ástæðum er ólíklegt að friðlýsing hafi afgerandi jákvæð áhrif á dýralífið nema mögulega til verndunar snæuglu ef vera kynni að hún verpi á svæðinu. Friðlýsing getur hins vegar komið í veg fyrir neikvæð áhrif annarra athafna á dýralíf.

## 3.8 Gróðurfar

### 3.8.1 Núverandi staða

Á Ófeigsfjarðarheiði skiptast á klapparholt og melar og gróður er þar fremur lítill.<sup>93</sup> Nokkuð er þó um vel gróna bolla og brekkur þar sem gróðurfar ber svip af snjóðældum. Gróðurfar í vötnum á heiðinni er fábrotið og ljóst að vötnin falla í flokk gróðurlítilla hálendisvatna samkvæmt vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands. Sambærileg vötn hvað þetta varðar er helst að finna á miðhálandi Íslands.<sup>94</sup> Þegar komið er niður fyrir 100-150 m.y.s. ber mikið á klapparholtum með um 50% gróðurþekju þar sem mikið er af gamburmosa og krækilyngi, en í lægðum á milli holta er mosagróður og mólendi sem er vaxið krækilyngi, bláberjalyngi og sauðamerg. Starir og fífur vaxa á litlum mýrarblettum meðfram lækjum sem renna úr hlíðinni og þar sem jarðvegur er rakur.<sup>95</sup>

Ekki hefur verið unnið gróðurkort af Ófeigsfjarðarheiði en samkvæmt Nytjalandi, vefsíða Landbúnaðarháskóla Íslands, fellur svæðið mest allt í flokkana hálfgróið og lítt gróið land.<sup>96</sup>

### 3.8.2 Áhrif friðlýsingar

Mosi og lággróður á holtum er viðkvæmur fyrir umferð og því má ætla að friðlýsing hafi fremur jákvæð áhrif á gróðurfar samanborið við óbreytt ástand og líklega þróun. Þetta ræðst þó mjög af því að vel takist til við uppbyggingu innviða sem beina gangandi umferð frá viðkvæmstu svæðunum (sjá m.a. kafla 2.3.2).

<sup>93</sup> Starri Heiðmarsson, 2008.

<sup>94</sup> Finnur Ingimarsson *et. al.*, 2017.

<sup>95</sup> Lilja Karlsdóttir, 2016.

<sup>96</sup> Skipulagsstofnun, 2017.

## 4 Samanburður friðlýsingar við núllkost og virkjun

Í eftirfarandi töflu er leitast við að bera metin áhrif friðlýsingar Drangajökulsvíðerna á einstaka þætti saman við áhrif svokallaðs núllkosts annars vegar og Hvalárvirkjunar hins vegar. Gerð er grein fyrir áhrifum friðlýsingarinnar í kafla 3 hér að framan. Taflan byggir á þeirri samantekt hvað friðlýsinguna varðar og tekur til sömu matsþátta.

Með núllkosti er átt við þá þróun sem líklegt er að verði án inngripa mannsins, þ.e. þá þróun sem líklegt er að verði á núverandi stöðu miðað við að engum áætlunum um breytingar verði hrint í framkvæmd. Áhrif núllkostsins byggja hér á lauslegu mati á líklegri þróun án aðgerða.

Mat á áhrifum Hvalárvirkjunar er byggt á áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar frá 3. apríl 2017,<sup>97</sup> að teknu tilliti til matskýrslu framkvæmdaraðila frá 17. nóvember 2016.<sup>98</sup> Hér verður að gera þann fyrirvara að þessi skýrsla um friðlýsingu Drangajökulsvíðerna er skrifuð með hliðsjón af aðferðafræði umhverfismats áætlana en umhverfismat framkvæmdarinnar Hvalárvirkjunar hefur þegar farið fram og er annars eðlis. Að teknu tilliti til stigskiptrar áætlanagerðar og umhverfismats verður þó að telja eðlilegt að byggja á því umhverfismati sem nákvæmast hefur verið gert um Hvalárvirkjun<sup>99</sup> og að réttmætt sé að bera það saman við niðurstöður þess mats sem hér er kynnt á áhrifum stefnu um friðlýsingu.

Í töflunni er umfang áhrifa gefið upp í tölum skv. eftirfarandi

- +2 = Talsverð eða veruleg jákvæð áhrif
- +1 = Nokkur jákvæð áhrif
- 0 = Lítil sem engin áhrif
- 1 = Nokkur neikvæð áhrif
- 2 = Talsverð eða veruleg neikvæð áhrif
- ? = Óvissa

Tafla 1. Yfirlit yfir samanburð friðlýsingar við núllkost og virkjun (skammtíma-, langtíma-, bein og óbein).

Matsþættir	Friðlýsing	Núllkostur	Hvalárvirkjun
Samfélag og efnahagur	+2	-1	+1
Ferðaþjónusta og útivist	+2	0	-2
Landslag og víðerni	+1	0	-2
Menningarminjar	+1	-1	-1
Jarðminjar	0	0	-2
Vatnafar	0	0	-2
Dýralíf	0	0	-1
Gróðurfar	+1	0	-2

Eins og ráða má af töflunni er í öllum tilvikum gert ráð fyrir að núllkostur hafi lítil sem engin áhrif á hina tilgreindu matsþætti, að öðru leyti en því að áhrif á samfélag verði nokkur neikvæð, svo og áhrif á menningarminjar. Þar er með öðrum orðum gert ráð fyrir að íbúum haldi áfram að fækka og samfélaginu að hnigna ef ekkert verður að gert. Einnig er reiknað með að menningarminjar skerðist ef

<sup>97</sup> Skipulagsstofnun, 2017

<sup>98</sup> Verkís, 2016.

<sup>99</sup> Sama heimild.

ekkert verður að gert. Í þessu sambandi er rétt að ítreka að með núllkosti er ekki átt við óbreytt ástand frá því sem nú er, heldur á núllkosturinn að endurspeglar það ástand sem líklegt er að verði í nánustu framtíð ef engum áætlunum er hrint í framkvæmd. Tekið er fram að við mat á líklegri þróun núverandi ástands er leitast við að horfa til svipaðs tímaramma og virkjun myndi standa.

## 5 Tillit til umhverfisverndarmarkmiða og tengsl við aðrar áætlanir

Samkvæmt e-lið 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana skal umhverfisskýrsla áætlunar innihalda upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt og varða áætlunina. Í skýrslunni skal einnig fjallað um hvernig tekið hefur verið tillit til þessara markmiða og annarra umhverfissjónarmiða við gerð áætlunarinnar. Eðlilegt er við skýrslugerð sem þessa sé horft til þessa lagaákvæðis varðandi Drangajökulsvíðerni, jafnvel þótt ekki sé um formlegt umhverfismat að ræða. Í þessu sambandi er eðlilegt að líta einkum til markmiða náttúruverndarlaga, þar sem ekki verður séð að önnur löggjöf feli í sér bein fyrirmæli um stjórn víðerna. Skipulagslög skipta þó vissulega einnig verulegu máli í þessu sambandi, en í stað þess að bera áhrif friðlýsingar saman við markmið laganna liggur beinna við að skoða sértækari markmið um skipulag sem fram koma í Landsskipulagsstefnu, í aðalskipulagi Árneshrepps og í skipulagsáætlunum annarra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli, þ.e. Strandabyggðar, Ísafjarðarbæjar og Kaldrananeshrepps. Eðlilegt er að líta einnig til umhverfisverndarmarkmiða alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af og varða áætlunina, sbr. e-lið viðauka I við tilskipun 2001/42/EB sem 6. gr. laga um umhverfismat áætlana byggir á.

Í umhverfismati áætlana skal fjallað um tengsl viðkomandi áætlunar við aðra áætlanagerð, sbr. a-lið 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana. Í samræmi við þetta er hér leitast við að greina hvernig áform um friðlýsingu Drangajökulsvíðerna falla að markmiðum annarra áætlana. Í þessu sambandi var m.a. litið til Landsskipulagsstefnu, skipulagsáætlana sveitarfélaga (sjá framar), Byggðaáætlunar og annarra þróunaráætlana sem varða Árneshrepp sérstaklega, áætlunar um vernd og orkunýtingu landssvæða (rammaáætlunar) og samstarfsáttmála núverandi ríkisstjórnar. Ofangreind aðferðafræði er í samræmi við 1. viðauka fyrrnefndrar tilskipunar Evrópusambandsins um umhverfismat áætlana.

Nokkra fyrirvara verður að setja við þann samanburð við aðrar áætlanir sem hér um ræðir, þar sem ýmsar áætlanir sem tengjast náttúruverndarlögum eru enn í mótun og því óútfærnar. Til að bregðast við þessu er leitast við að greina hvernig friðlýsingaráformin falla að tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruvinnjaskrár.

Auk þeirra fyrirvara vegna útkominnar áætlana sem hér hafa verið nefndir er rétt að nefna að enn vantar talsvert upp á að ákvarðanir um friðlýsingu víðerna, jafnt á Ströndum sem annars staðar, geti byggt á eins traustum grunni og æskilegt væri, þar sem enn hefur ekki verið ráðist í samræmda kortlagningu óbyggðra víðerna eins og þau eru nú skilgreind í 19. tölulið 5. gr. náttúruverndarlaga. Til að bæta úr þessum skorti eins og unnt er hefur verið dregið upp kort af umræddum víðernum miðað við skilgreiningu laganna og þá þekkingu og þau viðmið sem til staðar eru um áhrif landslags og mannvirkja á víðernisupplifun, (sjá Mynd 1).

Á sviði stefnumótunar sem ekki er bindandi liggur fyrir tillaga verkefnisstjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar (rammaáætlunar) frá haustinu 2016. Þá liggur einnig fyrir formleg samþykkt íbúafundar í Árneshreppi 2017 í tengslum við verkefnið *Brothættar byggðir* sem er undir hatti Byggðastofnunar. Sá hluti verkefnisins sem snýr að Árneshreppi nefnist *Áfram Árneshreppur!* Samstarfsáttmáli ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur frá 2017 kemur einnig til skoðunar.

Í eftirfarandi undirköflum verður fjallað um það hvernig áform um friðlýsingu Drangajökulsvíðerna samrýmast umhverfisverndarmarkmiðum sem stjórnvöld hafa samþykkt með lagasetningu eða með öðrum hætti, auk þess sem fjallað verður um tengsl við aðrar áætlanir.



## 5.1 Stjórnarskrártillögur

Í Stjórnarská Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 er ekki að finna ákvæði um verndun umhverfisins. Í tillögum stjórnarskrárnefndar að þremur frumvörpum til stjórnskipunarlaganna í febrúar 2016, sem lögð voru fram á Alþingi í ágúst sama ár, var m.a. gert ráð fyrir að í stjórnarskrá kæmi ákvæði um að auðlindir náttúru Íslands tilheyri íslensku þjóðinni og að nýta þurfi þær á sjálfbæran hátt undir eftirliti og í umsjón ríkisins, svo og ákvæði um náttúru- og umhverfisvernd. Í frumvarpinu var lagt til að ný 78. gr. stjórnarskrárinnar yrði svohljóðandi.<sup>100</sup>

*Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu. Ábyrgð á vernd náttúru og umhverfis hvílir sameiginlega á öllum og skal verndin grundvallast á varúðar- og langtímasjónarmiðum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Stuðlað skal að því að fjölbreytni náttúrunnar sé viðhaldið og vöxtur lífríkis og viðgangur tryggður.*

*Allir skulu njóta heilnæms umhverfis. Almenningsi er heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi. Ganga skal vel um náttúruna og virða hagsmuni landeigenda og annarra réttshafa. Mælt skal nánar fyrir í lögum um inntak og afmörkun almennaréttar.*

*Í lögum skal mælt fyrir um rétt almennings til upplýsinga um ástand umhverfis og áhrif framkvæmda á það svo og til þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið.*

Í rökstuðningi með tillögunni sagði m.a.:

*Ákvæði um umhverfi og náttúruvernd hafa verið tekin upp í stjórnarskrám margra ríkja undanfarin ár og áratugi. Þessi þróun endurspeglar aukið vægi umhverfis- og náttúruverndarmála og viðurkenningu á mikilvægi löggjafar á þessu sviði. Umhverfisákvæðin eru fjölbreytt en algengt er að þau byggist á þeirri sýn að heilnæmt umhverfi sé mikilvæg forsenda lífsgæða og af þeim sökum samofið mannréttindum. Því verði að vernda umhverfið fyrir núlifandi og komandi kynslóðir og tryggja rétt almennings til upplýsinga og þátttöku við töku ákvarðana sem hafa áhrif á það.*

*Á undanförnum áratugum hafa orðið miklar breytingar á viðhorfum manna til náttúru- og umhverfisverndar. Ástæður þessa eru ýmsar en m.a. gera menn sér sifellt betur grein fyrir því að náttúran er margslungið kerfi sem viðheldur lífi og tryggir þróun þess. Af þeim sökum er æ ríkari áhersla lögð á heildarhugsun og virðingu fyrir því flókna samspili sem á sér stað í vistkerfum jarðarinnar. Í samræmi við þetta hafa viðhorf um eigið gildi náttúrunnar fengið aukið vægi og birtast nú m.a. í nýlegum alþjóðasamningum á sviði umhverfis- og náttúruverndar. Sem dæmi má nefna að í inngangsorðum samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni frá 1992, sem Ísland er aðili að, er vísað til gildis líffræðilegrar fjölbreytni í sjálfu sér en einnig til fjölbætts gildis hennar að öðru leyti, m.a. samfélagslegs, efnahagslegs og menningarlegs gildis.*

Frumvarp til stjórnskipunarlaganna fékk ekki afgreiðslu á Alþingi á 145. löggjafarþingi. Samkvæmt stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur er unnið að nýjum tillögum að endurskoðun stjórnarskrár og er heildarendurskoðun hennar að sögn forsætisráðherra forgangsmál. Nýjar tillögur hafa þó ekki litið dagsins ljós og líklegt að nokkur bið verði á því.

<sup>100</sup> Alþingi, 2015-2016.

Nefna má að umhverfis- og auðlindaráðherra lýsti því yfir í febrúar 2018 að viðurkenna ætti mikilvægi ósnortinnar náttúru fyrir komandi kynslóðir. Því lagði hann til að sérstök ákvæði um verndun víðerna verði sett í stjórnarskrána við endurskoðun hennar.<sup>101</sup>

Þar sem tillögur um ákvæði um vernd náttúru og umhverfis í stjórnarskrá hafa ekki hlotið málsmeðferð verður ekki fjallað nánar um þennan þátt að svo komnu máli.

## 5.2 Náttúruverndarlög

Fyrir er getið verndarmarkmiða náttúruverndarlaga en þeim er svo lýst í 3. gr. laganna hvað varðar jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni:

*Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því:*

- a. að varðveita skipulega heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum sem gefa*
- b. samfelld yfirlit um jarðsögu landsins,*
- c. að vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu,*
- d. að vernda vatnsfarveg, fossa og stöðuvötn svo sem kostur er,*
- e. d. að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis,*
- f. að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.*

Til að framkvæma vernd er í lögunum mælt fyrir um málsmeðferð sem felst í því að ráðherra gefur út náttúruminjaskrá á fimm ára fresti þegar Alþingi hefur samþykkt þingsályktun um framkvæmdaáætlun um friðlýsingar og friðun, sbr. 1. mgr. 33. gr. laganna.

Náttúruminjaskrá skiptist samkvæmt 2. mgr. 33. gr. laganna í þrjá hluta; í A-hluta eru þegar friðlýst svæði og friðaðar vistgerðir, vistkerfi og tegundir auk svæða sem vernduð eru skv. sérlægum, B-hluti er áðurgreind framkvæmdaáætlun sem Alþingi samþykkir á fimm ára fresti, þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem forgangs skulu njóta um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Loks er C-hluti skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Færa má ákvarðanir ráðherra um nýskráningu á skrána hvenær sem er (C-hluti), svo og ákvarðanir ráðherra um friðlýsingu eða friðun (A-hluti). Skráin er þannig lifandi plagg. Aðeins Alþingi getur hins vegar tekið ákvörðun um að breyta B-hlutanum með því að samþykkja nýja framkvæmdaáætlun. Eðli málsins samkvæmt geta svæði þó færst af B-hluta yfir á A-hluta eftir því sem friðlýsingum vindur fram.

Í viðauka við náttúruminjaskrá skulu vera yfirlitskort sem sýna staðsetningu og útbreiðslu jarðminja og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, sbr. 3. mgr. 33. gr. laganna. Í náttúruminjaskrá skal náttúruminum lýst, þar á meðal sérkennum þeirra, verndargildi og afmörkun, sbr. 4. mgr. 33. gr. Skránni skal fylgja greinargerð þar sem koma ítarupplýsingar um minjar á skránni, sbr. sömu málsgrein. Enn sem komið er hefur ný skrá ekki verið gefin út í samræmi við lögin, sem tóku gildi á árinu 2015. Eldri skrá gildir því enn um sinn, svo og náttúruverndaráætlanir sem Alþingi hefur samþykkt.

<sup>101</sup> Morgunblaðið, 2018.

Eins og áður er lýst má friðlýsa sem óbyggð víðerni stór landsvæði þar sem ummerkja mannsins gætir lítið sem ekkert og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum. Friðlýsingin skal miða að því að varðveita einkenni svæðisins, t.d. að viðhalda fjölbreyttu og óvenjulegu landslagi, víðsýni og/eða vernda heildstæð stór vistkerfi, og tryggja að núlifandi og komandi kynslóðir geti notið þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja.

Auk þess sem að framan greinir má skv. 47. gr. náttúruverndarlaga friðlýsa sem þjóðgarða stór náttúrusvæði sem eru lítt snortin og hafa að geyma sérstætt eða dæmigert lífríki, jarðminjar og/eða landslag. Þegar tekin er ákvörðun um stofnun þjóðgarðs skal einnig líta til mikilvægis svæðisins í menningarlegu eða sögulegu tilliti. Friðlýsingin skal miða að því að vernda heildstæð náttúruleg vistkerfi, jarðminjar, landslag og menningarminjar sem einkenna svæðið og tryggja aðgang almennings að því til útivistar og til þess að kynnast náttúru og sögu svæðisins. Leggja skal áherslu á fræðslu og upplýsingar í þessu skyni. Í þjóðgöörðum er lagt bann við öllum athöfnum og framkvæmdum sem hafa varanleg áhrif á náttúru svæðisins, nema þær séu nauðsynlegar til að markmið friðlýsingarinnar náist. Frjálsa för fólks samkvæmt almannarétti er aðeins hægt að takmarka á afmörkuðum svæðum í þjóðgöörðum þar sem það er nauðsynlegt til að vernda plöntur, dýr, menningarminjar eða jarðminjar. Landsvæði þjóðgarða skulu vera í ríkiseign nema sérstakar ástæður mæli með öðru og um það náist samkomulag milli ráðherra og landeigenda.

### 5.2.1 Friðlýsing og náttúruverndarlög

Friðlýsing Drangajökulsvíðerna fellur afar vel að umhverfisverndarmarkmiðum 3. gr. náttúruverndarlaga. Friðlýsingin hefur sterk tengsl við markmið sem lýst er varðandi óbyggð víðerni; landssvæðið er stórt, víðsýni er verndað og núlifandi og komandi kynslóðum er tryggður möguleikinn á að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja. Friðlýsing svæðisins fellur einnig að markmiðum sem lýst er varðandi þjóðgarða, með fyrirvara um eignarhald svæðisins og vilja landeigenda. Drangajökull sjálfur, sem yfirstandandi málsmeðferð Óbyggðanefndar leiðir fram hvort telst til þjóðlenda, auk jarðarinnar Dranga, er þó umtalsverður hluti þess svæðis sem hér er lagt til að sé friðlýst, eða samtals tæpur fjórðungur af heildarflatarmálinu.

## 5.3 Bernarsamningurinn um villtar plöntur og dýr

Ísland gerðist aðili að Samningi um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu árið 1993, en markmið hans eru eftirfarandi:

- Að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra, einkum þeirra tegunda og lífsvæða sem fjölþjóðlega samvinnu þarf til að vernda.
- Að stuðla að fjölþjóðlegri samvinnu þar sem hennar er þörf til að vernda tegundir villtra plantna, dýra og lífssvæða.<sup>102</sup>

Eins og fram kemur í kafla 3.7 eru ekki til miklar upplýsingar um dýralíf á svæðinu nú. Hins vegar er rétt að hafa í huga að snæugla hefur sést á Ströndum.

### 5.3.1 Friðlýsing og Bernarsamningurinn um villtar plöntur og dýr

Ekki hefur verið talið ástæða til að friðlýsa svæðið út frá villtum plöntum og dýrum sérstaklega, en vissulega myndi friðlýsing svæðisins stuðla að vernd villtra plantna og dýra á svæðinu öllu.

<sup>102</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2002.

## 5.4 EES samningurinn

Ísland er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum), en meginmál hans hefur haft lagagildi hér á landi frá árinu 1994, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Hann hefur að geyma sérstakan kafla um umhverfismál, kafla 3 í V. hluta. Á grundvelli 1. mgr. 73. gr. EES-samningsins, sem finna má í nefndum kafla, skulu aðgerðir Íslands á sviði umhverfismála skv. 73. gr. meginmáls samningsins byggjast á eftirtöldum markmiðum:

- a. að varðveita, vernda og bæta umhverfið;
- b. að stuðla að því að vernda heilsu manna;
- c. að tryggja að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi.

Aðgerðir Íslands á sviði umhverfismála skulu einnig byggja á þeim meginreglum að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og leggja áherslu á úrbætur þar sem tjón á upphaf sitt, auk þess sem sá sem veldur mengun á að bæta tjón sem hún veldur, sbr. 2. mgr. 73. gr. EES-samningsins.

Loks er kveðið á um það í EES-samningnum að umhverfisverndarkröfur skuli vera þáttur í stefnu aðila samningsins á öðrum sviðum en þeim er snerta umhverfismál beint.

Nánari útfærslu á framangreindum áherslum er að finna í XX. viðauka samningsins sem hefur að geyma skrá yfir löggjöf á sviði umhverfisverndar sem Ísland er bundið af. Frá árinu 2002 hefur Evróputilskipun um mat á umhverfisáhrifum áætlana (tilskipun 2001/42/EB) verið hluti EES-samningsins.<sup>103</sup> Í 1. gr. tilskipunarinnar segir: „Markmiðið með þessari tilskipun er að veita víðtæka umhverfisvernd og stuðla að því að umhverfissjónarmið séu felld inn í undirbúning og samþykkt á skipulags- og framkvæmdaáætlunum í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun með því að tryggja, í samræmi við þessa tilskipun, að umhverfismat fari fram á tilteknum skipulags- og framkvæmdaáætlunum sem líklegt er að hafi veruleg áhrif á umhverfið“. Íslensk lög um umhverfismat áætlana eru innleiðing á tilskipuninni, sbr. 12. gr. laganna. Skipulagsstofnun (2003) hefur birt samantekt um forsendur innleiðingarinnar.<sup>104</sup>

### 5.4.1 Friðlýsing og EES samningurinn

Ekki verður annað séð en að friðlýsing Drangajökulsvíðerna falli að öllu leyti vel að samningsskyldum Íslands gagnvart EES-samningum varðandi umhverfismál og umhverfisvernd sem þætti í stefnumótun almennt.

## 5.5 Samningur UNESCO um verndun menningar- og náttúruarfleifðar

Ísland gerðist aðili að samningi UNESCO um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heims árið 1995. Aðildarríki samningsins skuldbinda sig til þess að skilgreina, vernda, varðveita, kynna og miðla til komandi kynslóða menningar- og náttúruarfleifð sinni. Skilgreining á náttúruarfleifð í samningnum er svohljóðandi, sbr. 2. gr. samningsins: „náttúruyfyrirbæri sem samanstanda af eðlisfræðilegum og lífrænum myndunum eða þyrpingum slíkra myndana sem hafa sérstakt alþjóðlegt gildi frá fagurfræðilegu eða vísindalegu sjónarmiði; jarðfræðilegar eða eðlislandfræðilegar myndanir, og vel afmörkuð svæði sem eru heimkynni dýra- og plöntutegunda í útrýmingarhættu, sem hafa sérstakt alþjóðlegt gildi frá sjónarmiði vísinda eða náttúruverndar; náttúruvætti eða vel afmörkuð svæði í

<sup>103</sup> Stjórnartíðindi EB, 2001.

<sup>104</sup> Skipulagsstofnun, 2003.

náttúrunni sem hafa sérstakt alþjóðlegt gildi frá sjónarmiði vísinda, náttúruverndar eða náttúruferurðar“.<sup>105</sup>

Mikilvægi þess að vernda víðerni hefur vaxið töluvert frá því að stofnað var til samningsins, enda hefur dregið úr umfangi þeirra á heimsvísu. Það hefur því færst í vöxt að samningurinn sé nýttur til að vernda víðerni sem talin eru hafa mikið verndargildi og stafar hugsanlega hættu af röskun af mannavöldum.<sup>106</sup>

Samningur UNESCO um verndun menningar- og náttúruarfleifðar tekur eins og nafnið bendir til bæði til náttúru- og menningararfs. Þannig geta svæði sem teljast einstök frá náttúrufræðilegu og menningarlegu sjónarmiði hlotið hina mikilvægu tilnefningu á lista UNESCO. Dæmi um slíkt svæði er Vega eyjaklasinn í Noregi,<sup>107</sup> en hann liggur rétt sunnan við heimskautsbaug og nær yfir 6.500 eyjar og sker. Eyjarnar þykja einstakar vegna sambúðar manns og náttúru, en síðustu 1.500 ár hafa íbúar náð að framfleyta sér við sjómennsku og búskap við erfiðar aðstæður við ysta haf – og æðarvarp og dúntekja eiga sér þar ævafora og viðvarandi hefð. Heimamenn á Vega áttu frumkvæðið að því að fá eyjaklasann skráðan á heimsminjaskrána en þeir sáu það sem tækifæri til að varðveita verkþekkingu og menningararf svæðisins og vinna í leiðinni gegn fólksfækkun og skorti á atvinnutækifærum fyrir ungt fólk.

Þá er ástæða til að vekja athygli á starfsemi UNESCO sem fjallar um „samskipti manns og lífríkis“ (e. Man and Biosphere Programme) en hún snýst um að samþætta verndun lífríkis mannlífi á viðkomandi svæði.<sup>108</sup> Nú eru slík friðlönd á 669 stöðum í 120 löndum. Öll eiga þessi svæði það sameiginlegt að varðveita líffræðilegan fjölbreytileika, endurheimta og auka vistkerfisþjónustu og stuðla að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Litið er til þessara svæða sem dæma um hvernig nálgast má heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Nú hefur Náttúrufræðistofnun Íslands, sem sú stofnun sem sér um skráningu náttúruminja, gert tillögu um að Drangajökulssvæði verði verndað samkvæmt náttúruverndarlögum (sjá kafla 5.15) vegna jarðmyndana.

Loks er rétt að minna í þessu sambandi á tengsl við þingsályktun nr. 35/128 frá árinu 2003 til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi sem samþykkt var á Alþingi og síðan fylgt eftir með tillögugerð nefndar sem heimamenn áttu fulltrúa í (sjá kafla 5.13). Sú tillögugerð er í anda samnings UNESCO.

### 5.5.1 Friðlýsing og Samningur UNESCO

Friðlýsing Drangajökulsvíðerna myndi falla mjög vel að markmiðum samnings UNESCO um verndun menningar- og náttúruarfleifðar, enda víðerni mikilvæg frá alþjóðlegu sjónarhorni. Hin einstaka saga um sambúð manns og náttúru á svæðinu kann einnig að falla undir menningararfleifð sem vert er að styðja við með tilliti til markmiða samningsins og svæðið gæti ef áhugi er fyrir hendi sótt um þátttöku í starfi UNESCO sem snýr að samskiptum manns og lífríkis (e. Man and Biosphere Programme). Ályktun Alþingis frá árinu 2003 varðandi Árneshrepp er í sama anda.

<sup>105</sup> Utanríkisráðuneytið, 1995.

<sup>106</sup> Marsden, 2016.

<sup>107</sup> UNESCO, 2004.

<sup>108</sup> UNESCO, 2019.

## 5.6 Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna 2015-2026 var samþykkt sem þingsályktun frá Alþingi árið 2016. Auk stefnu fyrir miðhálandið er í henni sett fram stefna um skipulag í dreifbýli, um búsetumynstur og dreifingu byggðar og skipulag á haf- og strandsvæðum.<sup>109</sup>

Yfirmarkmið stefnu um skipulag í dreifbýli hljómar svo: „Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag“ (bls. 33). Undir þessu yfirmarkmiði eru sett þrjú markmið um skipulag í dreifbýli og snýst það fyrsta (2.1) um sjálfbæra byggð í dreifbýli, en þar er sérstaklega vikið að byggðamynstri þannig að „við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi“ (bls. 35).

Annað markmiðið (2.2) fjallar um umhverfis- og menningargæði eða að skipulag stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.

Aðgerðir eða leiðir að þessu markmiði eru tvær, að byggð falli að landslagi og náttúru, svo sem að byggingar taki mið af hefðum, landslagi og staðhættum, gætt verði hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar eða vegna náttúruverndar. Hin aðgerðin snýr að því að við gerð skipulags „verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Það getur m.a. falist í stefnu um vistheimt og verndun og eflingu gróðurs og jarðvegs. Jafnframt verði gætt að álaga á vatn og vatnsvernd. Landslagsgreining og vistgerðaflokkun ásamt áætlunum um uppgræðslu lands og vatnaáætlun verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum“ (bls. 37).

Þriðja markmiðið (2.3) fjallar um sjálfbæra nýtingu landbúnaðarlands eða „að skipulag landnotkunar stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið“ (bls. 39). Undir þessu markmiði eru tilgreindar tvær aðgerðir. Sú fyrri snýr að verndun góðs ræktarlands, og að við skógrækt sé þess gætt að hún falli vel að landi, en hin fjallar um flokkun landbúnaðarlands.

Í júlí 2018 ákvað umhverfis- og auðlindaráðherra að núgildandi landsskipulagsstefna skyldi gilda áfram en jafnframt var Skipulagsstofnun falið að móta stefnu um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu. Meðal annars á stefnan að taka til landslags í dreifbýli og óbyggðum. Tekið er fram að sérstaklega skuli fjallað um óbyggð víðerni í því sambandi og um skipulag með tilliti til landslagsverndar.<sup>110</sup>

### 5.6.1 Friðlýsing og landsskipulagsstefna

Friðlýsing Drangajökulsvíðerna myndi falla vel að yfirmarkmiði landsskipulagsstefnu um skipulag í dreifbýli, þ.e. um nýtingu lands m.a. til ferðaþjónustu og útivistar í sátt við náttúru og landslag. Þá myndi friðlýsing og verndun víðernanna samræmast einkar vel markmiði um umhverfis- og menningargæði (2.2), þar sem með friðlýsingu væri „leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu“. Sömuleiðis verður ekki annað séð en að friðlýsing víðernanna myndi samræmast markmiði 2.3 vel, þar sem friðlýsing myndi að líkindum leiða til aukinnar ferðaþjónustu (sjá kafla 3.1.2) sem þá gæti orðið

<sup>109</sup> Skipulagsstofnun, 2016.

<sup>110</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2018a.



aukabúgrein þeirra sem stunda landbúnað eða eiga landbúnaðarland, en þess yrði jafnframt gætt að ferðaþjónustan yrði rekin í sátt við umhverfi, svo sem tíðkast á friðlýstum svæðum.

## 5.7 Aðalskipulagsáætlanir hlutaðeigandi sveitarfélaga

### 5.7.1 Aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025

Í núgildandi aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025<sup>111</sup> eru sett alls 14 stofnmarkmið (bls. 14-15) en hér verður greint frá þeim sex sem huga þarf sérstaklega að með tilliti til friðlýsingar.

Umhverfis- og verndunarmál: „Gæta skal náttúruverndarsjónarmiða í samræmi við aðrar alþjóðlegar skuldbindingar, sem fjalla um sjálfbæra þróun. Athafnir í sveitarfélaginu verði innan þeirra marka sem náttúran þolir til lengri tíma litið og stefnt er að því að Árneshreppur verði í fararbroddi í sjálfbærri auðlindanotkun og minnkandi umhverfisálagi. Áhersla verði lögð á góða umgengni í hreppnum og að ásýnd hans verði sem best“.

Atvinnumál: „Fjölga þyrfti atvinnutækifærum í Árneshreppi og þau verði fjölbreytilegri“.

Virkjun straumvatna: „Unnið verði að virkjun Hvalár“.

Ferðaþjónusta: „Stefnt er að eflingu ferðaþjónustu. Viss samhæfing í rekstri ferðaþjónustu verði athuguð. Tekið er undir stefnu stjórnvalda um að auka hlut ferðaþjónustu í landinu, bæði með tilliti til fjölda ferðamanna og tekna í þessari atvinnugrein“.

Landbúnaður: „Æskilegt er að landbúnaður haldi stöðu sinni og nái að styrkjast með aukabúgreinum, s.s. ferðaþjónustu og hlunnindanýtingu“.

Samgöngur: „Hreppsnefnd leggur áherslu á mikilvægi hvers konar samgangna innan og utan hreppsins. Tengivegurinn norður í Árneshrepp verði byggður upp sem heilsársvegur í áföngum. Vegur norður í Ófeigsfjörð verði byggður upp í hinni sömu veglínu og núverandi slóði liggur. Flugsamgöngur fylgi eðlilegri þróun sem snýr að þjónustu og öryggi. Hlutverk hafnar á Norðurfirði verði skilgreint til framtíðar“.

Um stofnmarkmið um fjölgun og fjölbreytileika atvinnutækifæra segir í greinargerð að heimamenn skuli standa saman að öflugri kynningu á svæðinu og samstarf verði haft við aðra aðila í atvinnurekstri og þá einkum í ferðaþjónustu í bæði í Strandasýslu og annars staðar. Sveitarstjórn hafi forgöngu um þessa samræmingu.

Á bls. 20 í aðalskipulagsgreinargerð hefur markmið um virkjun straumvatna verið sameinað markmiði vegna atvinnamála. Atvinnustefnu um virkjun Hvalár fylgir þessi rökstuðningur í greinargerðinni: „Hreppsnefnd er jákvæð gagnvart virkjun Hvalár, enda munu við það skapast nokkur störf sem er í samræmi við stefnumótun varðandi þróun byggðar. Þetta mun einnig stuðla að bættum samgöngum, þar sem ljóst er að gera þarf vissar vegabætur verði farið í þessar framkvæmdir, sjá kafla 2.5.1. Loks má nefna að virkjun mun bæta fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins“ (bls. 21).

Gerð var breyting á gildandi aðalskipulagi Árneshrepps og hún staðfest af Skipulagsstofnun 25. júní 2018. Markmiðið með breytingunni var að skapa svigrúm til frekari rannsókna á virkjunarsvæði Hvalár.

<sup>111</sup> Skipulagsstofnun og Árneshreppur, 2013.

Jafnframt er undir markmiði breytingarinnar boðuð önnur aðalskipulagsbreyting sem skapi svigrúm fyrir virkjun Hvalár. Þá segir að markmið framkvæmdarinnar í heild sé að auka framleiðslu á raforku innan Vestfjarða og bæta afhendingaröryggi þar og draga úr þörf fyrir jarðefnaeldsneyti.<sup>112</sup>

Hér er rétt að minna á aðkomu Landsnets en í kerfisáætlun sem gildir fyrir árin 2015-2024 er ekki fjallað um tengingu Hvalár. Í tillögu að langtímaáætlun kerfisáætlunar Landsnets um þróun meginflutningskerfis raforku 2018–2027, sem ekki hefur hlotið staðfestingu Orkustofnunar segir: „Landsnet hefur til skoðunar nýjan afhendingarstað í botni Ísafjarðardjúps í tengslum við virkjanaáform á svæðinu. Hvalárvirkjun er nú þegar í nýtingarflokki rammaáætlunar og fjölmargir aðrir virkjanakostir á svæðinu eru í skoðun, svo sem Skúfnavötn og Austurgil. Ef einhver af þessum áformum verða að veruleika er ljóst að flytja þarf orkuna inn á flutningskerfi Landsnets og eru möguleikar það varðandi til skoðunar“.<sup>113</sup>

Hvalárvirkjunar er að engu getið í drögum að framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar Landsnets fyrir árin 2019 til 2021.<sup>114</sup>

#### 5.7.1.1 Friðlýsing og aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025

Sé litið til þeirra sex stofnmarkmiða sem tekin voru út hér að framan fellur friðlýsing Drangajökulsvíðerna vel að þeim öllum nema einu, þ.e. að unnið verði að virkjun Hvalár. Reyndar fellur friðlýsingin vel að öllum stofnmarkmiðum nema þessu eina.

Friðlýsing Drangajökulsvíðerna myndi falla sérlega vel að markmiði um umhverfis- og verndunarmál og sömuleiðis um ferðaþjónustu þar sem þekkt er að verndarsvæði laða að sér ferðamenn og áhugi á víðernaferðamennsku fer vaxandi (sjá kafla 3.2.2).

Í umhverfismati með aðalskipulagsbreytingu sem staðfest var í júní 2018 segir að breytingin muni hafa veruleg neikvæð áhrif á óbyggð víðerni og að þau áhrif séu óafturkræf.<sup>115</sup> Friðlýsing Drangajökulsvíðerna samræmist því ekki aðalskipulagsbreytingunni.

Á bls. 20 í aðalskipulagsgreinargerð hefur markmið um virkjun straumvatna sem fyrr segir verið sameinað markmiði vegna atvinnumála. Í dag er hins vegar ljóst að virkjun Hvalár mun ekki skapa varanleg störf í hreppnum en hins vegar gæti það rask sem af virkjunarframkvæmdum hlýst dregið úr atvinnutækifærum sem felast í ferðaþjónustu. Ekki verður annað séð en að með virkjunarframkvæmdum yrði gengið þvert á stofnmarkmið hreppsins varðandi umhverfis- og verndunarmál þar sem m.a. „stefnt er að því að Árneshreppur verði í fararbroddi í sjálfbærri auðlindanotkun og minnkandi umhverfisálagi“.

#### 5.7.2 Aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010 -2030

Stofnmarkmið aðalskipulags Kaldrananeshrepps eru alls 14,<sup>116</sup> en hér á eftir verður greint frá þeim sem tengst gætu friðlýsingu Drangajökulsvíðerna:

<sup>112</sup> Verkís, 2017.

<sup>113</sup> Landsnet, 2018b.

<sup>114</sup> Landsnet, 2018a.

<sup>115</sup> Verkís, 2017 (bls. 58).

<sup>116</sup> Kaldrananeshreppur, 2011a.

Umhverfis- og verndunarmál: „Gæta skal náttúruverndarsjónarmiða í öllum aðgerðum í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sem fjalla um sjálfbæra þróun. Athafnir í sveitarfélaginu verði innan þeirra marka sem náttúran þolir til lengri tíma. Sveitarstjórn leggur áherslu á að aðgengi að öllu landi hreppsins sé óhindrað eftir því sem mögulegt er og samkvæmt lögum um almannarétt. Áhersla verði lögð á góða umgengni í hreppnum og sem besta ásýnd“.

Atvinnumál: „Fjölga skal atvinnutækifærum og fjölbreytileiki þeirra verði aukinn“.

Ferðapjónusta: „Ferðapjónusta verði stórefld. Viss samhæfing í rekstri ferðapjónustu verði athuguð. Tekið er undir stefnu stjórnvalda um að auka hlut ferðapjónustu í landinu, bæði með tilliti til fjölda ferðamanna og tekna í þessari atvinnugrein“.

Landbúnaður: „Æskilegt er að landbúnaður haldi stöðu sinni og nái að styrkjast með aukabúgreinum, s.s. ferðapjónustu og aukinni hlunnindanýtingu“.

Samgöngur: „Hreppsnefnd leggur áherslu á mikilvægi hvers konar samganga innan og utan hreppsins. Allir tengivegir verði lagðir bundnu slitlagi á skipulagstímabilinu“.

Á sveitarfélagsupprætti aðalskipulagsins eru óbyggð svæði ekki skilgreind, en þar sem ekki er getið um aðra landnotkun er land merkt sem landbúnaðarsvæði.<sup>117</sup>

Um landbúnaðarsvæði segir í greinargerð að á landbúnaðarsvæðum skuli fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni og enn fremur að æskilegt sé að landbúnaður haldi stöðu sinni og nái að styrkjast með aukabúgreinum, s.s. ferðapjónustu og aukinni hlunnindanýtingu.

#### 5.7.2.1 Friðlýsing og aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010-2030

Hluti Trékyllisheiðar innan Kaldrananeshrepps fellur undir víðernaskilgreiningu náttúruverndarlaga og yrði hluti af hinu friðlýsta svæði. Friðlýsing víðernanna myndi falla vel að markmiðum Kaldrananeshrepps varðandi umhverfis- og verndunarmál, sjá hér að framan. Þá hefur hreppurinn áhuga á að stórefla ferðapjónustu og að hún geti stutt við landbúnað á svæðinu. Eins og fram kemur í kafla 3.2.2 hefur áhugi á víðernum aukist og sömuleiðis laða verndarsvæði að sér ferðamenn.

Ekki er gert ráð fyrir neinum framkvæmdum í aðalskipulagi Kaldrananeshrepps á þeim hluta Trékyllisheiðar sem er innan sveitarfélagsins og fellur undir Drangajökulsvíðerni.

Meginniðurstaðan er sú að friðlýsing Drangajökulsvíðerna myndi falla mjög vel að aðalskipulagi Kaldrananeshrepps.

#### 5.7.3 Aðalskipulag Strandabyggðar 2010-2022

Í aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022, sem staðfest var 2011 eru helstu markmið með skipulaginu sett fram í 18 liðum.<sup>118</sup>

Hér verða nefnd þau markmið sem helst tengjast friðlýsingu svæðisins sem um ræðir:

<sup>117</sup> Kaldrananeshreppur, 2011b.

<sup>118</sup> Sveitarfélagið Strandabyggð, 2011a (bls. 8-9).


- „Að varðveita og auka fjölbreytni í atvinnulífi sveitarfélagsins“.
- „Að varðveita ósnortna náttúru hreppsins og vernda menningarverðmæti“.
- „Að leita hagkvæmustu lausna í vegagerð og stuðla að umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggðar, m.a. vegna skólaaksturs og atvinnu utan býla“.
- „Að stuðla að góðum samgöngum í byggðarlaginu“.
- „Að stuðla að varðveislu náttúruminja og söguminja og annarra umhverfislegra gæða sem styrkir m.a. ferðaþjónustu“.
- „Að styrkja stoðir og auka vægi ferðaþjónustu á svæðinu sem byggir á sérstöðu svæðisins“.
- „Að standa vörð um vernd grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi“.
- „Að stuðla að gróðurvernd og landgræðslu og að landnýting verði í samræmi við landgæði og „ástand lands““.
- „Að stuðla að því að nýting lands, auðlinda og mannauðs sé í samræmi við markmið sjálfbærrar þróunar“.

Þeim markmiðum sem snúa sérstaklega að umhverfisvernd er fylgt eftir á bls. 20-21 í skipulagsgreinargerð, en þar segir: „Mörkuð er stefna um verndun og friðlýsingu einstakra svæða og varðveislu friðlýstra svæða, náttúruminja, þjóðminja og umhverfislegra gæða almennt. Alls eru sex svæði á náttúruminjaskrá innan Strandabyggðar sem ná yfir um 39 km<sup>2</sup> svæði, sem gerir um 2% af heildarstærð sveitarfélagsins. Stærstu svæðin eru þau sem ná yfir Kaldalón og austurhluta Drangajökuls sem og strandlengjan frá Sýrúvíkurgjá að Rauðuskriðu“.

Með aðalskipulaginu er komið á hverfisvernd vegna náttúruverndar á nokkrum stöðum í Strandabyggð í samræmi við ákvæði skipulagslaga, þar með talinn er suðurhluti Drangajökuls (bls. 21). Er þar sagt að um sé að ræða svæði sem sé hluti af stærra svæði sem sé með fjölbreytt og mikilfenglegt landslag með hrikalegum fjöllum, ýmsum berggerðum, jökulgörðum og óshólmum. Í aðalskipulagi er mörkum hverfisverndarsvæðisins lýst svo: Hluti af stærra svæði sem nær frá Kaldá í Kaldalóni upp Skjaldfannarfjall, suður fyrir Drangajökul og með hæstu brúnum Skerjasandsfjalla til sjávar. Norðurmörk fylgja friðlandi á Hornströndum“ (bls. 48) (sjá afmörkun á korti á sveitarfélagsupprætti).<sup>119</sup>

Í kafla um samlegðaráhrif aðalskipulagsins segir m.a. að þau verði á heildina litið jákvæð á samfélagið og horft sé „sérstaklega til uppbyggingar ferðaþjónustu t.a.m. með skilgreiningu hverfisverndarsvæða auk þeirra svæða sem þegar eru á náttúruminjaskrá. ... Bæta á samgöngur í sveitarfélaginu með almennum úrbætum á malarvegum og stuðla að bættu umferðaröryggi. Stefnumótunin og aðalskipulagsvinnan sýna mikinn vilja til að styrkja og efla sveitarfélagið á mörgum sviðum og leitast er við að samrýma umhverfisvernd, nýtingu auðlinda og tækifæri á sviði atvinnu og samgangna“ (bls. 25).

<sup>119</sup> Sveitarfélagið Strandabyggð, 2011b.



Mynd 2. Hverfisverndarsvæði á sveitarfélagsupprætti aðalskipulags Strandabyggðar. Hverfisverndaða svæðið er strikað með hvítum láréttum línum. (Skjáskot).<sup>120</sup>

#### 5.7.3.1 Friðlýsing og aðalskipulag Strandabyggðar

Ekki verður annað séð en friðlýsing Drangajökulsvíðerna falli mjög vel að aðalskipulagi Strandabyggðar, þar með talið helstu markmiðum þess, hverfisverndarsvæði og metnum samlegðaráhrifum þess.

#### 5.7.4 Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar eru sett fram fjölmörg markmið,<sup>121</sup> en hér verður greint frá þeim sem helst tengjast friðlýsingu Drangajökulsvíðerna.

**Lífriki og landslag:** „Að vernda sérkenni og fjölbreytileika náttúrunnar. Öll nýting lífandi og lífvana náttúru fari fram á sjálfbæran hátt“.

**Náttúruminjar:** „Nýting auðlinda og náttúru verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði tekið tillit til komandi kynslóða og náttúrunnar. Sérkenni svæðisins verði vernduð, en þau felast m.a. í lítt snortnum svæðum, fjörum, fjöllum, skógum og fuglalífi. Líffræðileg fjölbreytni (tegunda og vistgerða) verði vernduð í samræmi við alþjóðaskuldbindingar. Verndun landslagsheilda og fjölbreytileika landslags. Íbúar og gestir hafi aðgengi að fjölbreyttri náttúru svæðisins“.

<sup>120</sup> Sveitarfélagið Strandabyggð, 2011b.

<sup>121</sup> Teiknistofan Eik ehf., 2009.

Hverfisvernd í dreifbýli og friðlýst svæði: „Tryggja langtíma verndun þeirra auðlinda sem geta aukið velferð íbúa og gesta á svæðinu“.

Óbyggð svæði: „Nýting svæðisins sé í samræmi við almenn verndarmarkmið aðalskipulagsins. Heimilt verði að nýta eyðijarðir utan landbúnaðarsvæða til hefðbundinna hlunnindanytja, þar sem tekið er mið af hefð og sögu svæðisins“.

Atvinna: „Grunnur verði lagður að fjölbreyttu og þróttmiklu atvinnulífi. Hlúð verði að þeirri starfsemi sem er til staðar. Tækifæri til nýsköpunar verði eflað. Frumkvöðlakrafturinn í samfélaginu verði virkjaður. Sjálfbær þróun verði höfð að leiðarljósi við atvinnuþróun. Nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt til atvinnuþróunar á sjálfbæran hátt“.

Landbúnaður: Um markmið segir m.a.: „Efla tengsl landbúnaðar og ferðaþjónustu. Tryggja hefðbundna hlunnindanýtingu“.

Ferðaþjónusta: „Í Ísafjarðarbæ þróist sjálfbær ferðaþjónusta, þ.e. ferðaþjónusta sem hámarkar ávinning íbúa svæðisins og upplifun ferðamanna, en gengur ekki á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins“.

Í texta um ferðaþjónustu segir enn fremur: „Náttúra og menning Ísafjarðarbæjar er auðlind sem mun draga að sér mun fleiri ferðamenn en nú sækja svæðið og þannig auka hlutdeild ferðamanna sem heimsækja norðanverða Vestfirði. Litið er á ferðaþjónustu sem mikilvægan þátt í framtíðarþróun atvinnulífs á Vestfjörðum og aukningu efnahagvaxtar. Hafa verður þó í huga að greinin byggir á þeim gæðum náttúru og samfélags sem til staðar eru og aukinn fjöldi ferðamanna veldur álagi á náttúru, samfélag og innviði þess. Ósnortnum svæðum í heiminum fer fækkandi og fyrir vikið verða slík svæði verðmætari. Hætta er á því að atvinnuvegir og framkvæmdir sem spilla náttúru svæðisins geti haft neikvæð áhrif á ferðaþjónustu. Auka þarf skilning og þekkingu íbúa og ferðamanna á náttúru og samfélagi og stuðla þannig að sjálfbærni“ (bls.114).

Varðandi iðnaðar- og athafnasvæði er eitt af markmiðunum: „Áhersla verði lögð á endurnýjanlega orkugjafa“. Í nánari umfjöllun segir: „Gert er ráð fyrir því að landeigendur geti virkjað bæjarlækinn, með smávirkjun, á þeim svæðum sem gert er ráð fyrir einhverri byggð. Að fengnu framkvæmdarleyfi eru virkjanir, sem eru allt að 30 kW með minniháttar uppistöðulóni, eða rennslisvirkjanir, sem eru allt að 200 kW án uppistöðulóns, því heimilar án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Framkvæmdir þurfa að vera í samræmi við verndarmarkmið aðalskipulagsins og öllu raski skal haldið í lágmarki. Við uppsetningu virkjana skal huga að sýnileika og afturkræfni framkvæmdarinnar og þess gætt að valda sem minnstum skaða á náttúrunni. Á friðlýstum svæðum og hverfisvernduðum svæðum í dreifbýli skal meta áhrif virkjanaframkvæmda í sérstakri greiningu á áhrifum sem gera skal samfara deiliskipulagi“ (bls. 123).

Rafveita: „Bæta afhendingaröryggi raforku og draga verulega úr straumleysi. Hægt verði að mæta aukinni orkuþörf. Bæta eyjarekstur og samnýta varaafli á svæðinu. Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun verði sem hæst. Stuðlað verði að aukinni orkunýtni. Lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af nýlagningu lína“.

Í sama kafla er vikið að hugmyndum um Hvalárvirkjun þar sem segir „Hugmyndir eru um það að virkja Hvalá í Ófeigsfirði í Árneshreppi (utan skipulagssvæðisins). Til þess að nýta orkuna er gert ráð fyrir því að leggja 66 kV jarðstreng/sæstreng um Ísafjarðardjúp í tengistöðina á Ísafirði, komi til þessarar framkvæmdar. Langstærstur hluti línunnar mun liggja utan sveitarfélagsins“ (bls. 168).



Varðandi samgöngur eru sett 12 markmið en það sem snýr að svæðinu norðan Djúps hljóðar svo: „Á svæðinu norðan Djúps verði samgöngur fyrst og fremst sjóleiðis og nýir vegir ekki lagðir utan landbúnaðarsvæða“.

Í aðalskipulaginu er hverfisvernd ákveðin á svæði sem kallað er „H18 -Utan friðlands norðan Djúps“ og er afmarkað svo: Snæfjallaströnd, sunnanverðir Jökulfirðir og norður fyrir Drangajökul, en svæðið er á náttúruminjaskrá og liggur að Hornstrandafriðlandi (sjá skýringarmynd hér fyrir neðan). Markmið með hverfisverndinni er að varðveita sérkenni svæðisins. Lögð er megináhersla á að viðhalda ásýnd svæðisins eins og það var þegar það var í byggð og því er ekki gert ráð fyrir nýju landbroti á svæðinu s.s. vegalagningu. Endurbyggja má öll íbúðarhús og þjónustuhús sem búið var í eftir 1908, en ekkert verður þó byggt á jörðum sem eru í eigu ríkisins eða Ísafjarðarbæjar.



Mynd 3. Hluti af mynd 4.2. úr greinargerð aðalskipulags Ísafjarðarbæjar sem sýnir hverfisverndarsvæði „H18“ norðan Djúps. (Skjáskot).

#### 5.7.4.1 Friðlýsing og aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Friðlýsing Drangajökulsvíðerna myndi falla mjög vel að markmiðum aðalskipulags Ísafjarðarbæjar. Í markmiðum sveitarfélagsins er lögð áhersla á að tekið sé tillit til komandi kynslóða og náttúrunnar og sérkenni svæðisins verði vernduð. Þá er svæðið norðan Djúps sem liggur að Hornstrandafriðlandi hverfisverndað, en stór hluti þess fellur að Drangajökulsvíðernum.

Varðandi orkuþörf sveitarfélagsins heimilar aðalskipulagið smávirkjanir en gert er ráð fyrir að landeigendur geti virkjað bæjarlækinn með smávirkjun, þ.e. á þeim svæðum sem gert er ráð fyrir einhverri byggð. Að fengnu framkvæmdaleyfi eru virkjanir, sem eru allt að 30 kW með minniháttar uppistöðulóni, eða rennislisvirkjanir, sem eru allt að 200 kW án uppistöðulóns, því heimilar án þess að breyta þurfi aðalskipulagi.

Rétt er að geta þess að aðalskipulag Ísafjarðarbæjar gerir grein fyrir hugmyndum um Hvalárvirkjun, og jafnframt að til þess að nýta orkuna sé gert ráð fyrir því að leggja 66 kV jarðstreng/sæstreng um Ísafjarðardjúp í tengistöðina á Ísafirði, komi til þessarar framkvæmdar. Ekkert bendir nú til að þessi

tenging verði að veruleika (sjá kafla 1.3). Miðað við fyrirbyggjandi áætlanir fellur friðlýsing Drangajökulsvíðerna því vel að aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar.

## 5.8 Byggðaaætlun

Alþingi samþykkti þingsályktun um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir tímabilið 2018-2024 hinn 11. júní 2018<sup>122</sup> og fylgdi áætluninni í fyrsta sinn fjármagn og tímasettar aðgerðir. Í áætluninni eru settar fram 52 aðgerðir með það að markmiði að jafna aðgengi að þjónustu, jafna tækifæri til atvinnu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land. Hér fyrir neðan eru tilgreindir helstu þættir áætlunarinnar sem tengja má friðlýsingu Drangajökulsvíðerna og styrkingu byggðar í Árneshreppi.

### „B.1. Þrífösun rafmagns.

*Verkefnismarkmið:* Að dreifikerfi rafmagns mæti þörfum heimila og fyrirtækja, með sérstakri áherslu á dreifingu raforku og afhendingaröryggi raforku í dreifbýli.

Skoðað verði að veita styrki úr Orkusjóði til að greiða hluta af flýttigjaldi sem RARIK tekur fyrir að færa framkvæmdir framár í röðina. Jafnframt verði kannað að veita beina styrki til sveitarfélaga og skoða samlegðaráhrif með lagningu ljósleiðarakerfa“.

Í greinargerð með tillögunni sem lögð var fram á Alþingi í apríl 2018 segir:<sup>123</sup>

#### „Dreifikerfi og þrífösun rafmagns.

Þörf er á miklu átaki varðandi uppbyggingu flutnings- og dreifikerfis raforku. Þannig er flutningskerfið að stórum hluta fullnýtt og ekki hægt að koma orku á milli landshluta eða héraða á meðan ekki fæst leyfi til að ráðast í endurnýjun flutningslína. Þetta ástand veldur því að ekki er hægt að útvega raforku í stað innfluttra orkugjafa eða til að ráðast í nýframkvæmdir. Þá er afhendingaröryggi minna en ella.

Á samráðsfundum með fulltrúum landshlutanna var lögð mikil áhersla á þrífösun rafmagns fyrir dreifbýli en um 70% dreifikerfis RARIK voru þriggja fasa árið 2016. Mikilvægt er að hægt verði að flýta þrífösun svo hún svari þörfum á allra næstu árum. Við framkvæmdir við raforkukerfið þarf að horfa til samlegðar með öðrum jarðvinnuframkvæmdum.

Í ljósi takmarkana í flutningskerfi raforku hefur mikilvægi smávirkjana og framleiðslu rafmagns fyrir staðbundinn markað aukist. Smávirkjanir eru til þess fallnar að bæta staðbundið afhendingaröryggi og eru jafnan taldar umhverfisvænar í samanburði við stórvirkjanir. Slíkt verður þó að skoða samhliða aðgerðum í endurbótum á flutningskerfi og dreifiveitum.“

### „B.12. Ratsjain.

*Verkefnismarkmið:* Að efla ferðaþjónustufyrirtæki á landsbyggðinni.

Ratsjain verði nýtt til að efla þekkingu og hæfni stjórnenda ferðaþjónustufyrirtækja með þjálfun og kennslu sem stuðli að heilbrigðari rekstri, betri framlegð með bættri tæknigetu og aukinni hæfni í notkun stafrænna miðla. Árangur af verkefninu verði mældur í fjölda fyrirtækja sem taka þátt í verkefninu, fjölda vinnustofa og fjölda greininga á nýsköpunarhæfni fyrirtækja“.

<sup>122</sup> Alþingi, 2017-2018a.

<sup>123</sup> Sama heimild.

**„B.14. Fjármagn til nýsköpunar.**

*Verkefnismarkmið:* Að auka nýsköpun í atvinnulífi í dreifðum byggðum með sérstökum flokki útlána Byggðastofnunar sem hvetur til nýsköpunar í atvinnulífi og auðveldar frumkvöðlum að koma hugmyndum sínum og verkefnum af þróunarstigi í framkvæmd.

Fyrirtæki fái aðstoð og greiningu frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands þar sem m.a. verði litið til nýsköpunarskala, að heildarfjármögnun verkefnis af þróunarstigi á tekjuöflunarstig sé tryggð og að verkefnið sé framkvæmanlegt. Árangur af verkefninu verði mældur með fjölda nýsköpunarverkefna á hverju ári“.

**„B.16. Nýting menningarminja.**

*Verkefnismarkmið:* Að nýta menningarminjar til stuðnings byggðapróun á svæðum sem standa höllum fæti í byggðalegu tilliti.

Leitast verði við að fá heildarsýn yfir minjaarfinn til að greina nýtingarmöguleika og sóknartækifærin sem í honum felast. Menningarminjar (fornleifar, mannvirki og hús) verði kortlagðar á tilteknum svæðum og þau gögn notuð sem forsenda fyrir hönnun verkefna. Minjastofnun aðstoði byggðarlögin við að leita fjármagns fyrir þau verkefni sem sett verða í gang í kjölfarið, svo sem með því að benda á viðeigandi sjóði, styðja umsóknir og veita faglega ráðgjöf. Árangur af verkefninu verði mældur með fjölda kortlagninga og verkefna“.

**„B.18. Atvinnuþátttaka og tekjumunur eftir búsetu.**

*Verkefnismarkmið:* Að auka möguleika kvenna til atvinnuþátttöku á landsbyggðinni.

Ráðist verði í að gera úttekt á stöðu og tækifærum kvenna og karla á vinnumarkaði í dreifbýli. Í úttektinni verði skoðað hvernig hægt sé að auka möguleika kvenna á atvinnu sem hæfir háu menntunarstigi þeirra. Einnig verði skoðað hvernig megi draga úr mun á atvinnutekjum karla og kvenna í dreifbýli og jafnvægi í búsetu eftir kyni þannig aukið, þ.e. dregið verði úr kynjahalla þar sem hann er til staðar. Stefnt verði að því að niðurstöður úttektar liggi fyrir í lok árs 2020“.

**„C. Sjálfbær þróun byggða um land allt.“**

**„C.2. Brothætt byggðarlög.**

*Verkefnismarkmið:* Að sporna við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum.

Haldið verði áfram með verkefnið „Brothættar byggðir“ þar sem leitað er lausna á bráðum vanda á tilteknum svæðum vegna fólksfækkunar og erfiðleika í atvinnulífi undangengin ár.

Árangur af verkefninu verði mældur með íbúapróun í viðkomandi byggðum og öðrum mælikvörðum sem Byggðastofnun skilgreinir“.

**„C.9. Náttúruvernd og efling byggða.**

*Verkefnismarkmið:* Að náttúruvernd stuðli að eflingu byggða.

Greind verði tækifæri og ávinningur í héraði af þjónustu sem byggist á nýtingu náttúruverndarsvæða, svo sem í náttúrutengdri ferðaþjónustu. Hugað verði að því að verulegur ávinningur getur falist í friðlýsingu svæða og rekstri þeirra, svo sem með stofnun þjóðgarða eða jarðvanga. Árangur af verkefninu verði mældur í fjölda fyrirtækja í náttúrutengdri ferðaþjónustu innan landshluta.

### C.10. Fagmennska á sviði innviða á náttúruverndarsvæðum.

*Verkefnismarkmið:* Að efla fagþekkingu þeirra sem vinna að uppbyggingu innviða í náttúrunni.

Gæði uppbyggingar innviða verði aukin, dregið úr hættu á ónauðsynlegu raski og fjármagn nýtt betur með því að auka fagþekkingu á sviði hönnunar innviða í náttúrunni þannig að þeir falli sem best að landslagi og stuðli að jákvæðri upplifun gesta. Stutt verði við verkefni sem samræmast stefnu landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029“.

#### 5.8.1 Friðlýsing og Byggðaáætlun

Í Byggðaáætlun er lögð áhersla á mikilvægi smávirkjana til að bæta staðbundið öryggi (B.1), enda samræmast þær fremur en stórvirkjanir þeim umhverfismarkmiðum sem ríki og sveitarfélög hafa sett sér. Þetta samræmist enn fremur betur þeirri áherslu sem lögð er á eflingu ferðaþjónustufyrirtækja á landsbyggðinni (B.12).

Þær aðgerðir sem merktar eru B.14, B.16 og B.18 mætti nýta í tengslum við aukna ferðaþjónustu þar sem samþætta mætti nýsköpun, nýtingu menningarminja og aukna atvinnuþátttöku, sem þar með fellur einnig að aðgerð C.2 um brothætt byggðarlög.

Þá fellur friðlýsing Drangajökulsvíðerna einkar vel að verkefni C.9, þ.e. að náttúruvernd stuðli að eflingu byggða. Mikilvægt er að þess sé gætt að faglega sé staðið að uppbyggingu innviða eins og kemur fram í kafla 2.3.2 og sem verkefni C.10 í Byggðaáætlun fjallar einnig um.

### 5.9 Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Núgildandi áætlun um vernd og nýtingu landsvæða (rammaáætlun) var samþykkt sem þingsályktun frá Alþingi í janúar 2013. Samkvæmt henni fellur virkjunarkosturinn Hvalárvirkjun í orkunýtingarflokk.<sup>124</sup> Samkvæmt því er áætlað að ráðast megi í virkjun árinna og stjórnvöldum er því heimilt að leyfa orkurannsóknir og orkuvinnslu á þessu svæði, sbr. ákvæði laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun. Í tillögum verkefnisstjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar sem skilað var 2016 er lagt til að Austurgilsvirkjun í Strandabyggð fari í orkunýtingarflokk.<sup>125</sup> Aðalskipulag Strandabyggðar gerir hins vegar ekki ráð fyrir virkjuninni og hefur ekki verið breytt á þann veg að gert sé ráð fyrir henni.<sup>126</sup>

#### 5.9.1 Friðlýsing og áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Friðlýsing Drangajökulsvíðerna myndi gera það að verkum að ekki væri lengur hægt að áforma virkjun Hvalár. Sama myndi gilda um Austurgilsvirkjun sem hefur verið til umfjöllunar hjá verkefnisstjórn um vernd og orkunýtingu landssvæða. Friðlýsing myndi þannig hafa áhrif á þá stefnumótun sem birtist í þingsályktun frá 2013 að því er varðar Hvalárvirkjun, og breyta þeirri stefnu. Virkjunarkosturinn kæmi ekki til frekari umfjöllunar hjá verkefnisstjórn verndar- og orkunýtingaráætlunar og næsta þingsályktunartillaga umhverfis- og auðlindaráðherra um verndar- og orkunýtingaráætlun myndi ekki innihalda tillögu um flokkun hans. Á sama hátt yrði Austurgilsvirkjun ekki lengur til umfjöllunar hjá verkefnisstjórn og ekki yrði gerð tillaga um virkjunarkostinn í þingsályktunartillögu umhverfis- og auðlindaráðherra um verndar- og orkunýtingaráætlun. Friðlýsing Drangajökulsvíðerna samrýmist því

<sup>124</sup> Alþingi, 2012-2013.

<sup>125</sup> Verkefnisstjórn 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar, 2016.

<sup>126</sup> Sveitarfélagið Strandabyggð, 2011a.

ekki áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða eins og hún stendur í dag, eða myndi með öðrum orðum leiða til breytinga á henni við næstu afgreiðslu.

## 5.10 Ferðamálaáætlun og Vegvísir í ferðaþjónustu

Ferðaþjónustan hefur verið megindrifkraftur hagvaxtar á Íslandi frá árinu 2011 en frá þeim tíma hefur fjöldi starfa skapast í kjarnagreinum hennar. Heildarfjöldi þeirra sem starfa í ferðaþjónustutengdum greinum var 23 þúsund (janúar) til 30 þúsund (ágúst) árið 2017.<sup>127</sup> Áframhaldandi vöxtur greinarinnar felur í sér mikil tækifæri til hagsældar og jákvæðrar byggðapróunar á Íslandi. Heildarfjöldi erlendra ferðamanna hefur aukist gríðarlega mikið á undanförunum árum, en árið 2017 komu rúmlega 2,2 milljónir erlendra ferðamanna til landsins, í samanburði við 560 þúsund ferðamenn árið 2011.

Alþjóðaferðamálastofnunin (UNWTO) gerir ráð fyrir áframhaldandi vexti í fjölda ferðamanna í heiminum. Áfram er gert ráð fyrir að árlegur vöxtur ferðaþjónustunnar hér á landi verði meiri en sem nemur þróun á heimsvísu, m.a. vegna aukins áhuga á vetrar-, útivistar- og ævintýraferðamennsku og aukins áhuga á Íslandi sem áfangastað almennt.<sup>128</sup>

*Ferðamálaáætlun* er stefnumörkun stjórnvalda í ferðamennsku. Alþingi samþykkti í júní 2011 tillögu til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011–2020. Ný stefna í ferðamálum leysti af hólmi þingsályktun um ferðamál fyrir tímabilið 2006–2015 sem samþykkt var 2005. Síðan sú ályktun var samþykkt hafa orðið miklar breytingar í ferðaþjónustunni. Í ferðamálaáætlun 2011-2020 eru sett fram fjögur markmið:

1. Að auka arðsemi atvinnugreinarinnar.
2. Að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vöruþróun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið um land allt, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið.
3. Að auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðaþjónustunnar.
